

ÓSPILLT NÁTTÚRA INNAN SEILINGAR

Pórhalli og Elsu leið vel í Gvendargeisla

Hús Fasteignir
allt í MIÐJU BLAÐSINS



ARI ALEXANDER ERGIS

Gerir mynd um líkfundarmálið

Fer á slóðir dópsala í Litháen
FÓLK 38



SIGURBJÖRG ÁRNADÓTTIR

Minnir á auðinn við strendur landsins

Vitundarvakning Vítafélagsins
MENNING 26



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. október 2006 – 284. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Pílagrímsför Nexusörða

Starfsfólk myndasögubúðarinnar Nexus lagði land undir fót til að hitta Alan Moore, lífandi goðsögn í myndasöguheiminum.

FÓLK 38

Eins og hver önnur uppfylling...

Súsanna Svavarsdóttir um Amadeus í leikstjórn Stefáns Baldurssonar.

LEIKLIST 27



Einar Hvalur

„Hvaða önnur atvinnugrein gæti hafið starfsemi á ný eftir sautján ára hlé og notað sömu gömlu verkfærin?“ spyr Hallgrímur Helgason.

Í DAG 20


Öruggt hjá Man. United

Manchester United valtaði yfir Liverpool í enska boltanum í gær og vann mjög svo sanngjarnan 2-0 sigur. Paul Scholes og Rio Ferdinand skorðu mörkin.

ÍPRÓTTIR 33



VEÐRIÐ Í DAG



KÓLNAR Í VEÐRI Framan af degi verður bjartviðri við suðurströndina en dregur fyrir sólu seinni partinn. Skúrir eða éljagangur fylgja í kjölfarið. Fyrir norðan og austan er búist svipuðu veðri og verið hefur.

VEÐUR 4



FLENSARAR FYRR OG NÚ Halldór Blöndal alþingismaður og Karl Arthursson flensari skemmtu sér hið besta þegar fyrrverandi forseti Alþingis og samgönguráðherra rifjaði upp handbrögðin við hvalskurðinn. Halldór kom að þessu starfi fyrst fyrir 52 árum og fannst það súrt að vera orðinn of gamill til að taka fullan þátt. Ekki var að sjá að „sá gamli“ hefði nokkru gleymt. - sjá síðu 2 og 6

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Börn of lengi í skólanum

Ný rannsókn leiðir í ljós að meirihluti starfsmanna skóla telur börn erfiðari nú en fyrir tíu árum. Samkvæmt rannsókninni fer of mikill tími í greiningu á hegðunarröskun barna á kostnað meðferðar.

UPPELDISMÁL „Nauðsynlegt kann að vera að breyta starfsháttum og draga úr greiningum á hegðunarröskunum barna,“ segir Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Kennaraháskóla Íslands. Ingvar segir vandamál meðal yngstu grunnskólubarna fara vaxandi og ekki megi ganga að því visu að það sé vegna skorts á aga heldur hafi viðvera barna innan skólans aukist gríðarlega.

Ingvar kynnti um helgina víðamikla rannsókn sem hann gerði ásamt Ingibjörgu Kaldalóns, verkefnisstjóra Kennaraháskólans. Rannsóknin var gerð á síðasta skólaári og var rætt við 233 starfsmenn almennra grunnskóla og fyrirbyggjandi skólustarf kannað til hlítar.

Meðal þess sem kom í ljós er að agavandamál barna eru misjöfn eftir skólum. Í 20 prósentum þeirra hvíldu agavandamál mjög þungt á starfsfólki. Einhver vandamál voru í 60 prósentum skóla en þar hafði starfsfólk tók á vandanum. Hverfandi agavandi var í fimmtungi skóla.

„Það vakti athygli okkar að í þeim skólum þar sem vandamálin voru minnst var viðhorf til foreldra, sem og barna, afar jákvætt auk þess sem foreldrastarf var áberandi öflugt,“ segir Ingvar. Hann segir dæmi um að hegðun barna sem greind hafa verið með agavanda geti batnað verulega við það eitt að skipta um skóla.

Hann telur aukna tilhneigingu til að greina börn með hegðunarröskun til trafala. Sálfræðingar séu meira og minna bundnir við að greina vanda barna. Þeir

hafi því ekki tíma til að vinna með börnunum og bæta líðan þeirra.

„Það er ekki nóg að greina börn með hegðunarraskanir heldur þufum við að bæta skólana,“ segir Ingvar. Hann segir afar brýnt að breyta starfsháttum í skólustarfi með tilliti til þess hve viðvera ungra barna hefur aukist gríðarlega.

„Það er ekki nóg að greina börn með hegðunarraskanir heldur þufum við að bæta skólana.“

INGVAR SIGURGEIRSSON
PRÓFESSOR VIÐ KHÍ

„Börn fá ekki næga hreyfingu. Þau sitja alltof mikið við námið og það skapar vandamál. Það má vel nota aðrar aðferðir við kennsluna,“ segir Ingvar. Hann segir langvarandi kyrrsetunám nútímans einkum bitna á drengjum, sem eru 81 prósent af þeim börnum sem skapa vandamál í skólustarfi. Hann segir að ekki megi líta á það sem náttúrulegumál að strákar séu óþægari, heldur eigi að breyta skólustarfinu með þarfir þeirra í huga. Rannsóknir sýni að slíkar breytingar komi stúlkum einnig til góða.

Undir þessi orð tekur Helgi Viborg sálfræðingur. „Hérlendis hefur verið lögð áhersla á að greina börn með vandamál í stað þess að taka á vandamálinu og vinna með börnunum. Horft er á börn út frá læknisfræði og með því verða þau vandamál og sjúkdómsberar. Frekar ætti að skoða uppeldisástæður þeirra.“ - kkk


Aðeins tvær vikur til þingkosninga í Bandaríkjunum:

Repúblikanar að missa fylgi meðal trúaðra mótmælenda

BANDARÍKIN Repúblikanaflokkurinn í Bandaríkjunum virðist vera að tapa fylgi, nú þegar aðeins tvær vikur eru til þingkosninga. Samkvæmt skoðanakönnun, sem vikuritið Newsweek birti um helgina, munar þar mestu um fylgi hvítra heittrúaðra mótmælenda, sem hingað til hafa verið ein helsta burðarstöðin í fylgi flokksins.

Samkvæmt skoðanakönnuninni ætla sextíu prósent trúaðra mótmælenda að kjósa repúblikana, en 31 prósent myndi kjósa demókrata. Þetta þykja tíðindi vegna þess að repúblikanar hafa íðulega getað treyst því að um 75 prósent trúaðra mótmælenda kjósi flokkinn.

Fylgi repúblikana meðal annarra kjósenda er einnig að minnka.




KOSNINGABARÁTTAN Í ALGLEYMINGI Myndin er tekin á fjárfunarsamkomu í Washington á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/EP

Andstaða við Íraksstríðið á þar verulegan þátt, en einnig hefur hvert hneykslismálið í Repúblikanaflokknum rekið annað upp á síðkastið.

Repúblikanar hafa haft meirihluta í báðum deildum þingsins, en missi þeir meirihlutann verður ríkisstjórn George W. Bush hálf lömuð því þá þarf hún stuðning frá demókrötum til þess að koma málum í gegnum þingid.

Kosningar verða haldnar 7. nóvember næstkomandi og þá verður kosið um þriðja hluta þingsæta í öldungadeildinni og öll þingsæti í fulltrúadeildinni. Forsetakosningar verða þó ekki fyrir en eftir tvö ár, þegar seinna kjörtímabili George W. Bush lýkur. - gb / sjá síðu 14



Drögum í dag Verður þú einn af 30 nýjum milljónamæringum?

Áttu miða?

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings



Magnús, ert þú langreyðastur?

„Nei, ég er hins vegar langdaprastur. Ég er hryggur og þetta er sorgardagur hjá hvalavinum.“

Langreyður var dregin á land við Íslandsstrendur í gær, í fyrsta sinn í 17 ár. Magnús Skarphéðinsson er annað hvalavinur sem hefur marginnis lýst sig andsnúinn hvalveiðum.

Atvinnuhvalveiðarnar:

Ætla til hrefnuveiða í vikunni

HVALVEIÐAR Hrefnuveiðibáturinn Njörður heldur til veiða frá Kópavogi á miðvikudag eða fimmtudag. Bátarnir Dröfn og Halldór fylgja að líkindum eftir nokkrum dögum síðar. Leyfi er til að skjóta þrjátíu dýr undir formerkjum atvinnuhvalveiða fyrir vorið sem kemur til viðbótar þeim 30 hrefnum sem falla undir vísindaveiðikvóta.

Gunnar Bergmann, framkvæmdastjóri Félags hrefnuveiðimanna, segir líklegt að allt kjötið verði selt til Japans. Erfitt gæti reynt að ná þeim dýrum sem leyft er að veiða vegna veðurs og birtuskilyrða. - shá

Ísraelsher um Líbanonstríð:

Fosfórsprengjur í loftárásum

JERÚSALEM, AP Ísraelski ráðherrann Jacob Edery hefur viðurkennt að ísraelski herinn hafi notað fosfórsprengjur í loftárásunum á Líbanon í sumar. Sprengjur af þessu tagi valda alvarlegum efnabruna.

Til þessa hefur Ísraelsher einungis viljað viðurkenna að hafa notað fosfórsprengjur til þess að merkja skotmörk eða landsvæði, en nú hefur Edery viðurkennt að þær hafi verið notaðar í loftárásunum.

Meðan stríðið í Líbanon stóð yfir sökuðu stjórnvöld í Líbanon Ísraelsmenn um að nota fosfórsprengjur. - gb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Áfengi og tóbaki stolið

Brotist var inn á veitingastaðinn Litlu kaffistofuna við Tryggvabraut á Akureyri í fyrrinótt. Lögreglan á Akureyri segir þjófana hafa haft á brott með sér talsvert af áfengi og tóbaki en málið er í rannsókn.

Ísland verður fyrsta ríkið sem setur upp Tetra-fjarskiptakerfi á öllu landinu:

Stórt skref í björgunarmálum

BJÖRGUNARMÁL Stærsta skref sem tekið hefur verið í björgunarmálum á Íslandi var tekið á föstudaginn að sögn Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra þegar hann, Árni Mathiesen fjármálaráðherra og Sturla Böðvarsson samgönguráðherra gengu frá samkomulagi við 112 hf. um stofnun nýs fjarskiptafyrirtækis, Öryggisfjarskipta hf., sem mun byggja upp og reka fullkomnið Tetra-fjarskiptakerfi fyrir öryggis- og neyðarþjónustu um allt land. Verður Ísland fyrsta ríkið sem setur upp Tetra-fjarskiptakerfi á öllu landinu að sögn Björns. Gert er ráð fyrir að upp-

byggingu kerfisins ljúki næsta vor.

Tetra er langdrægt og í senn hóptalkerfi og sími. Allir sem koma að björgunaraðgerðum geta verið á sömu talhópum án aðildar utanaðkomandi aðila. Unnt er að ferilvakta öll farartæki og mannskap og fylgjast þannig með aðgerðum af meiri nákvæmni en áður, auk þess sem ferilvöktun getur stýtt viðbragðstíma verulega.

Samkomulagið er gert í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. september um ný verkefni íslenskra stjórnvalda við brottför varnarliðsins. - sdg



BJÖRGUNARSVEITARMENN Allir helstu viðbragðsaðilar á landinu hafa lýst yfir vilja til að nota Tetra-fjarskiptakerfið.

Nýnasistar eru enn á ferð í Þýskalandi

Hátt í þúsund manns lýstu stuðningi sínum í Berlín um helgina við söngvara nýnasistahljómsveitar, sem situr í fangelsi fyrir að útbreiða kynþáttahatur. Leiðtogar gyðinga og margir þýskir stjórnálmenn óttast uppgang nýnasistanna.

BERLÍN, AP Nærri þúsund nýnasistar efndu til mótmælaaðgerða í Berlín á laugardaginn til þess að lýsa stuðningi sínum við rokk-söngvarann Michael Regener, sem situr í fangelsi í þrjú ár fyrir að hvetja til kynþáttahatus með hljómsveit sinni. Sextán mótmælendanna voru handteknir.

Regener hefur verið í fangelsi í þrjú ár, eða allt frá því að kveðinn var upp dómur í máli gegn hljómsveitinni Landser, sem hann stofnaði á sínum tíma. Hljómsveitin þótti uppvis að því að hvetja til haturs gegn bæði gyðingum og útlendingum í lögum sínum.

Mótmælaaðgerðirnar á laugardaginn voru skipulagðar af stjórnálmálaflokknum NPD, sem þýkir öfgasinnaður hægriflokkur. Í síðasta mánuði náði flokkurinn manni á landsþingið í Mecklenburg-Vorpommern, einu af sextán sambandslöndum Þýskalands.

Leiðtogar gyðinga jafnt sem fjölmargir stjórnálmenn í Þýskalandi hafa varað við því að styrkur nýnasista fari vaxandi, einkum í austurhluta landsins.

Sérfróðir menn telja að ástæður þess megi rekja til þess að lýðræðishefðir hafi enn ekki náð að skjóta almennilega rötum í austurhluta landsins, þar sem kommúnistastjórn var við völd í fjóra áratugi. Erfitt efnahagsástand í austurhlutanum leiði einnig til þess að fólk fái útrás fyrir gremjuna sína með því að sækja í hörkulegan hugmyndaheim nýnasistanna.

Núna um helgina sagði Shimon



MÓTMÆLI NÝNASISTA Í BERLÍN Þeir lýstu stuðningi sínum við rokk-söngvarann Michael Regener, sem situr í fangelsi fyrir að hvetja til kynþáttahatus og öfbeldis. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stein, sendiherra Ísraels í Þýskalandi, að gyðingum þar í landi þætti óöryggi sitt fara stöðugt vaxandi. Nú þurfi að hafa stranga öryggisgæslu við flest samkundu-hús gyðinga í landinu.

„Þeir eru ekki færir um að lifa eðlilegu gyðingalífi,“ sagði Stein í dagblaðinu Neue Osnabrücker og hvatti jafnframt Þjóðverja til þess að leggja meira af mörkum

til þess að berjast gegn vaxandi gyðingaandúð.

Í síðustu viku samþykkti þýska stjórnin viðbótarfjárveitingu til margvíslegra verkefna sem eru í gangi víða í Þýskalandi til þess að vinna gegn hægrri öfgum. Meðal annars verða ráðgjafar styrktir til þess að ferðast um landið og einnig fá sjálfshjálparhópar fórnarlamba stuðning. gudsteinn@frettabladid.is

Eiturlyf í heimahúsi:

Tveir teknir með amfetamín

LÖGREGLUMÁL Tveir menn voru handteknir í heimahúsi í vesturbæ Hafnarfjarðar í fyrrinótt. Lögregla var kvódd á staðinn vegna kvartana um hávaða í íbúðinni. Þegar lögreglumenn bar að garði voru átta manns í húsinu. Vöknúðu grunsemdir meðal lögreglumannanna um að ekki væri allt með felldu og fundust fimmtán grömm af amfetamíni við leit.

Tveir voru sem fyrr segir handteknir vegna málsins. Þeim var sleppt úr haldi síðdegis í gær að loknum yfirheyrslum. Málið telst að fullu upplýst. - ldk



HITAMÁL Í BRETLANDI Andlitsblæjur múslimskra kvenna vekja enn deilur. GETTY/NORDICPHOTOS

Deilt um blæjur á Bretlandi:

Óttast að óeirðir brjótist út

LONDON, AP Deilurnar í Bretlandi um andlitsblæjur múslimskra kvenna hafa harðnað og gætu brotist út í óeirðum. Þetta er álit Trevors Philips, sem er formaður bresku kynþáttajafnréttisnefndarinnar, sem er óháð en ríkisrekin nefnd í Bretlandi.

Deilurnar hófust fyrir fáeinum vikum þegar Jack Straw utanríkisráðherra krafðist þess að múslimskar konur, sem kæmu á skrifstofu hans, tækju niður blæjuna.

Philips telur að óeirðir nú verði verri en fyrir fimm árum þegar óeirðir brutust út milli ungmenna í norðurhluta landsins. - gb

Ryskingar á Sauðárkróki:

Slasaðist illa á hálsi á dansleik

LÖGREGLUMÁL Ungur maður slasaðist töluvert illa á dansleik á Sauðárkróki aðfaranótt laugardags þegar honum var hrint í gólfíð. Í fyrstu var talið að hann hefði aðeins vankast en lögreglumenn sem önnuðust gæslu á staðnum ákváðu að flytja hann á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri til frekara eftirlits.

Að sögn lögreglu kom í ljós að pilturinn var brákaður á hálslið. Ekki fengust frekari fregnir af líðan piltins þegar eftir því var leitað í gærkvöld. - ldk

Hvalaverndunarsinnar æfir vegna fréttu af fyrstu veiddu langreyðinni:

Íslendingar sagðir villimenn

HVALVEIÐAR Náttúruverndarsamtök og erlendir ráðamenn bregðast ókvæða við þeim fréttum að Hvalur 9 hafi veitt sína fyrstu langreyði í fyrradag. Ian Campbell, umhverfisráðherra Ástralíu, segir að með því að draga dauða langreyði á land í Hvalfirði sýni Íslendingar alþjóðasamfélaginu fingurinn. Alþjóðleg náttúruverndarsamtök segja blóð flæða í íslensku sjávarmáli.

Í viðtali við ástralska fjölmiðla sagði Campbell að héðan í frá væri ekki hægt að taka mark á Íslendingum í neinu umhverfismáli. Langreyðurinn, sem teljist til dýra í útrýmingarhættu, hefði ekki bara verið skutluð. Íslendingar hafi sýnt heimsbyggðinni allri argasta dónaskap og forsmáð alþjóðasamþykktir. Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra vísar gagnrýni Campbells á bug og segir rétt Íslendinga til hvalveiða skýran.

Alþjóðlegi náttúruverndarsjóðurinn, IFAW, mótælir hvalveiðum Íslendinga og segir að með drápinu í gær hafi Íslendingar ekki bara saugað hafsvæðið við landið heldur orðstír sinn á alþjóðavettvangi. Í fréttatilkynningu segja samtökin að líklega sé ætluð að selja hvalkjötið til Japans, en það sé ólöglegt samkvæmt alþjóðasamningum um



KOMIN Á LAND Raddir mótmælenda heyrast í fjölmiðlum víða erlendis. Þar er fullt af mörlandi hafi sýnt heiminum fingurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

verslun með afurðir dýra í útrýmingarhættu. Framkvæmdastjóri IFAW fagnar því að stjórnvöld í Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi, Ástralíu og Nýja-Sjálandi hafi mótmælt veiðunum. Kallað er eftir aðgerðum frá stuðningsmönnum samtakanna sem telja um tvær og hálf milljón manna víðs vegar í heiminum. - shá

BÍLL DAGSINS HONDA CR-V

Nýskr. 02.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 46 þús. - Allt að 100% lán.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.



Hver þarf Vegas?

Við ætluðum nú bara að taka einn slag, vinkonurnar. En svo kjöftuðum við auðvitað frá okkur allt vit og hlógum eins og smástelpur allan tímann. Áður en við vissum af var komið langt fram yfir miðnætti. „Almáttugur!“ hugsuðum við – en héldum svo bara áfram.

gríptu augnablikið og lifðu núna



vodafone

GJALDMIDLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	68,05	68,37
Sterlingspund	128,02	128,64
Evra	85,76	86,24
Dönsk króna	11,501	11,569
Norsk króna	10,197	10,257
Sænsk króna	9,301	9,355
Japanskt jen	0,5749	0,5783

SDR 100,26 100,86

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
118,7348

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

ASÍ krefst þess að ríkisstjórnin standi við loforð um vaxtabætur frá því í sumar:

Hækkunin breytir engu

EFNAHAGSMÁL Miðstjórn Alþýðusambands Íslands, ASÍ, krefst þess að staðið verði við gefin loforð um endurreisn vaxtabótakerfisins frá því í sumar. ASÍ telur tuttugu og fimm prósentu hækkun eignastuðla engan veginn fullnægjandi og sýnir að hækkunin þyrfti að nema 83 prósentum í mörgum tilvikum.



STEFÁN ÚLFARSSON, HAGFRÆÐINGUR ASÍ.

Stefán Úlfarsson, hagfræðingur hjá ASÍ, segir að fasteignaverð hafi hækkað mikið á síðustu tveimur árum og um leið fasteignamatíð þannig að hrein eign hafi hækkað svo mikið hjá mörgum fjölskyldum að þær eigi ekki lengur rétt á vaxtabótum. Þetta

geti munað hátt í þrjú hundruð þúsundum á ári fyrir margar fjölskyldur.

„Sumir sem hefðu undir venjulegum kringumstæðum átt að fá yfir 200 þúsund krónur fá ekki neitt. Í ljósi þessa settum við fram kröfu um að kerfið yrði endurreist og fengum loforð stjórnvalda í sumar um að gerðar yrðu leiðréttingar,“ segir hann.

„Í aðgerðum stjórnvalda til að endurreisa vaxtabótakerfið nú felst 25 prósentu hækkun á eignamörkum en í mörgum tilvikum breytir sú hækkun engu. Eignaverðið hefur hækkað svo mikið að það þarf að hækka viðmiðin miklu meira en stjórnvöld eru tilbúin til.“

- ghs

Ölöglegir innflytjendur: 403 kúldruðust í 18 metra báti

SIKILEY, AP Ítalska strandgæslan stöðvaði í föstudag 403 ölöglegu innflytjendur sem allir voru í sama átján metra bátum. Báturinn fannst átta kílómetrum undan strönd Sikileyjar. Í hópnun voru meðal annars tíu mánaða gamalt barn og þunguð kona.

Skömmu síðar fannst annar bátur með 36 innflytjendum en þeir voru teknir höndum við komuna í land. Allir innflytjendurnir voru fluttir í þar til gerðar búðir sem eingöngu rúma 190 manns.

Bátarnir komu frá strönd Líbýu en þjóðerni fólksins var í gær enn óþekkt.

- tg

Ísafjarðarbær dæmdur: Gert að greiða sex milljónir vegna skíðaslyss

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt Ísafjarðarbæ til að greiða tvítugum pilti tæpar sex milljónir króna í skaðabætur vegna slyss sem hann varð fyrir á skíðasvæði Ísfirðinga fyrir rúmlega fjórum árum. Héraðsdómur Vestfjarða hafði áður sýknað Ísafjarðarbæ, sem og Súðavíkurbæ og Piltinum er gert að bera helming tjónsins sjálfur.

Pilturinn slasaðist þegar hann stökk á skíðum af palli sem ætlaður var snjóbrettaiðkendum og hlaut sextíu prósentu miska og áttatíu prósentu örorku. Vitnum bar saman um það að pallurinn hefði verið afar hættulegur og merkingum hefði verið ábótavant daginn sem slysið varð.

- sh

Mildi að ekki fór verr: Feðgar sluppu naumlega

LÖGREGLUMÁL Maður og ungur sonur hans sluppu naumlega eftir að ökumaðurinn missti stjórn á bifreið sinni með þeim afleiðingum að bíllinn valt og hafnaði utan vegar.

Slysið varð á Biskupstungna- braut, skammt frá Selfossi, um sjö leytið í gærkvöldi. Feðgarnir voru fluttir á slysaeynd Landspítalans í Fossvogi en meðsl þeirra voru ekki talin alvarleg. Tíðrög slyssins eru ekki kunn. Bíllinn er talinn gjörónýtur.

- kdk

NOREGUR

Nýrnasjúkir laxar

Norðmenn eru að hefja umfangsmiklar rannsóknir í tuttugu ár þarlendis eftir að sýktir laxar fundust í þremur ám. Heilbrigðisfyrirvöld hafa miklar áhyggjur af sjúkdómnum, sem er klyasjúkdómur sem leggst á nýru og drepur fiskinn.

Pyntingalögin eru hrikalegt bakslag

Íslenskir stjórnálmenn fordæma flestir ný lög Bandaríkjamanna þar sem harkalegar yfirheyrsluáðferðir eru heimilaðar. Formaður Framsóknarflokksins er tilbúinn til að hugleiða mótmæli stjórnvalda. „Niðurlægjandi,“ segir formaður frjálslyndra.

UTANRÍKISMÁL Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, telur lög Bandaríkjaforseta sem heimila starfsemi leyningafangelsa, harkalegar yfirheyrsluáðferðir og sérstakan herðómstól yfir meintum hryðjuverkamönnum skelfileg og ótrúlegt að þau skuli hafa hlotið samþykki.

„Þetta er tákni um alvarlega tilhneigingu hjá Bandaríkjamönnum. Það er mikil hætta fólgin í vinnubrögðum af þessu tagi eins og margitreytuð reynsla hefur sýnt,“ segir hann og kveðst þar hugsa um mannréttindamál, árangur af réttargæslu og almenna mannúð. Jóni finnst koma til greina að hugleiða það að íslensk stjórnvöld mótmæli þessari lagasetningu.

Bjarni Benediktsson, formaður forsætisnefndar Alþingis, telur athyglisvert að repúblíkanar hafi gert málamiðlun í sínum rögum áður en málið fékk framgang. „Mér sýnist þeir hafa lagt áherslu á að fara varlega, skýra réttarástandið og fara að alþjóðlegum skuldbindingum,“ segir hann.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingkona Samfylkingarinnar, telur lagasetninguna: „Hrikalegt bakslag í mannréttindamálum í Bandaríkjunum“ og tekur undir harkalega gagnrýni ACLU, stærstu og virtustu mannréttindasamtakanna, sem segja hana brjóta gegn bandarísku stjórnarskránni, grafa undan réttarríkinu og sanngjarnri málsmeðferð. „Þessi löggjöf er í raun enn einn naglinn í lífkistu þessarar stjórnar.“

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, hefur fylgst með mál-



FANGI Í FJÖTRUM Bandaríkjamenn samþykktu nýverið ný lög sem heimila meðal annars starfsemi leyningafangelsa á borð við Guantanamo-fangelsið alræmda og harkalegar yfirheyrsluáðferðir. Íslenskir stjórnálmenn fordæma flestir lögin.

FRÉTTABLAÐIÐ / AFP

„Það er mikil hætta fólgin í vinnubrögðum af þessu tagi eins og margitreytuð reynsla hefur sýnt.“

JÓN SIGURÐSSON
FORMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS

inu „með hrolli niður eftir bakinu. Ég deili þeirri skoðun flestra að þarna sé haldið inn á stórhættulega og nánast ómanneskjulega braut. Bandaríkjamenn eru að reyna að búa til nýjan hóp, réttlæsa vígamenn, utan við lög og rétt. Ef það heppnast þá er sá

hópur að sumu leyti verr settur en dýr því um meðferð dýra gilda þó allavega dýraverndunarlög í síðuðum löndum,“ segir hann.

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, telur lögin: „Ganga gegn öllum gildum sem menn hafa reynt að innleiða varðandi mannréttindasjónarmið og rétt fólks til að lúta ekki illri meðferð,“ segir hann.

„Mér finnst þetta niðurlægjandi, ekki bara fyrir Bandaríkjamenn heldur finnst mér niðurlægjandi að svona stefna skuli yfirleitt finnst meðal siðmenntaðra ríkja í veröldinni.“

ghs@frettabladid.is

Mjólka býr ekki við jafnræði: Lagaleg úrræði verða könnuð

NEYTENDAMÁL Mjólka mun kanna lagaleg úrræði til að uppræta það fráleita ástand á mjólkurvörumarkaði sem undanfanga á búvörulögum hefur í för með sér. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Hróbjartu Jónatanssoni lögmanni Mjólku.



HRÓBJARTUR JÓNATANSSON

Hróbjartur segir það rangt hjá landbúnaðarráðherra að Mjólka búi við jafnræði gagnvart öðrum mjólkurvinnslustöðvum.

„Álitsgerð Samkeppniseftirlitsins um brot Ostta- og smjörslunnar gegn Mjólku sýna að ekkert jafnræði er með fyrirtækjum í íslenskum mjólkuriðnaði.“

- hs

Dæmdur til fangavistar: Skátaforingi beitti kynferðislegu ofbeldi

DANMÖRK Danskur skátaforingi hefur verið dæmdur í eins og hálfis árs fangelsi fyrir að beita tvær telpur kynferðislegu ofbeldi þegar hann starfaði sem leiðtogi KFUM í Hinnerup norðan við Árhús í Danmörku. Frá þessu segir á fréttavef danska blaðsins Politiken.

Maðurinn, sem er 43 ára gamall, reyndist jafnframt eiga stórt safn af barnaklámmyndum, eða fleiri en 30.000 myndir og mörg hundruð stuttmyndir. Eins var hann grunaður um að hafa deilt safni sínu með öðrum, að því er kom fram í réttarsal.

Maðurinn, sem ekki má lengur vera innan um börn, áfrýjaði dómnum.

- smk

www.lyfja.is

Bólusetning gegn inflúensu – engin bið

Lyfja Lág múla: alla daga kl. 15–20
Lyfja Smáralind: alla daga kl. 13–15
Lyfja Laugavegi: föstudaga kl. 13–17

ÍSLENSKA AUGUSTASTOFNANNAKILS LÍF 14593 182808

VEÐURSPÁ

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	15°C skúrir	London	16°C skýjað
Þórshöfn	5°C skýjað	Paris	18°C skúrir
Oslo	10°C skúrir	Frankfurt	16°C skúrir
Stokkhólmur	13°C skúrir	Friedrichshafen	15°C skúrir
Gautaborg	16°C skúrir	Berlín	18°C skúrir

» á morgun

5-15 m/s, strekkjukur á Norður- og Vesturlandi

» miðvikudagur

Hægur vindur um allt land nema á NV-landi, þar allt að 15 m/s.

Hollt og gott á mánudegi

Sjáðu þetta

40 spennandi tegundir

Meðal annars:

- Kjúklingur í kókóssósu
- Hummus
- Kjúklingabollur
- Ferskar melónur
- Blandaðir ávextir í jarðaberjaskyri
- Romain salat
- Kjúklingabollur í salsasósu
- Kús kús tandoori
- Tortelini m/engifer
- Spelt pasta
- Ítalskt salat
- Heilhveiti pasta
- Salami salsa
- Kryddfeti í olíu
- Sólþurrkaðir tómatar
- Ætíþistill
- Hýðishrísgrjón

...og margt fleira


Hollt & Gott



Með hverju keyptu salatboxi fylgir
0.5 ltr. t2 með í kaupbæti.*

*Tilboðið gildir til 31. október.



10%
afsláttur við
kassa



Rúnar Gíslason
Matreiðslumeistari og sjónvarpskokkur
kokkarnir.is

Kjöt & fisktorgið

Stór silungsflök

í kryddjurtum og hvítlauk

Sett í eldfast mót og eldað í u.þ.b.
10-15 mínútur við um 200°C eða steikt
á pönnu í um 10 mín.

TILBOÐ
1.090 kr/kg
Verð áður 1.389,-

Gildir 23. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN



Finnst þér þú eyða of miklum tíma á netinu?

JÁ	46,7%
NEI	53,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú að sjá kvikmyndina Mýrina?

Segðu skoðun þína á visir.is



Ungverjar minnst hálftrar aldar afmæli uppreisnar, sem barin var niður með erlendum her:

Nýjar deilur setja svip á hátíðarhöldin

BÚDAPEST, AP Hálf öld er í dag liðin frá því uppreisnin gegn kommúnistastjórninni í Ungverjalandi hófst. Ungverjar minnst þessara viðburða, og í gær var meðal annars hátíðarsamkoma í ríkisóperunni í Búdapest sem þjóðarleiðtogar frá fjölmörgum ríkjum tóku þátt í. Meðal þeirra var Ólafur Ragnar Grímsson frá Íslandi.

Pólítískar deilur samtímans í Ungverjalandi setja stóran svip á hátíðarhöldin. Meðal annars hafa stjórnarandstæðingar og samtök gamalla hermanna tekið höndum saman um að hunsala alla viðburði sem Ferenc Gyurcsany forsætisráðherra tekur þátt í.

Laszlo Solyom, forseti Ungverjalands, gagnrýndi þetta í ræðu sem hann flutti í ríkisóperunni í gær og sagði mótmælin ala á sundrunu.

„Fólk er ekki bara að halda upp á þetta hvert í sínu lagi, heldur er það að halda upp á mismunandi hluti. Nú er í tísku að segja að árið 1956 hafi verið mörg ár, og þar með er gildi og mikilvægi ársins orðið afstætt,“ sagði hann.

„En ég segi að það hafi aðeins ein bylting verið gerð árið 1956,“ bætti hann við og var þessum orðum ákaft fagnað.

Námsmenn og verkamenn í Ungverjalandi hófu uppreisn gegn



LITRÍK HÁTÍÐARHÖLD Efnt var til hátíðarsamkomu í ríkisóperunni í Búdapest í gær til þess að minnst afmælis byltingarinnar 1956.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

leppstjórn Sovétríkjanna þann 23. október árið 1956, en sú uppreisn var barin niður með aðstoð sovéska hersins fáeinum vikum síðar. - gb

EITT L.I.F.

EITT L.I.F. eru skemmtileg og uppbyggileg lífsstílsnámskeið fyrir börn 9-12 ára og unglina 13-16 ára sem eru yfir kjörþyngd. Námskeiðin henta þeim sem hafa ekki fundið sig í almennum hóp- eða einstaklings íþróttum en vilja hins vegar stunda líkamsrækt utan skóla og skemmta sér með jafningjum.

Heilsuakademían býður upp á einstaklingsmiðaða þjálfun í fámennum hópum, stuðning og fræðslu. Námskeiðið verður í umsjá íþróttaræðings sem sér um hreyfipáttinn og hjúkunarfræðings sem sér um ráðgjöf og fræðslu þátttakenda námskeiðisins og foreldra.

Námskeiðið felur í sér:

Þjálfun í 6 vikur.

- Tveir tímar í viku, klukkustund í senn, sami tími, sami kennari.
- Kennsla og stuðningur við rétt fæðuval.
- Fræðsla og umræðufundir.
- Stuttar gönguferðir í boði fyrir þátttakendur og alla fjölskylduna.
- Líkamsrækt og leikir innanhúss og utan, í sölum Heilsuakademíunnar og Eglishöll.

Íþróttaræðingur: Íris Huld Guðmundsdóttir, Hjúkunarfræðingur: Arna Sigríður Brynjólfsdóttir og Brynja Jónsdóttir.

Boðið er upp á framhaldsnámskeið.

sími: 594 9666 - www.heilsuakademian.is

Heilsuakademían býður upp á landsins mesta úrval námskeiða!
Námskeið hefjast 18. september 2006.



Hvalkjötið selt til manneldis í Japan

Fyrsta langreyðurin sem veidd er undir merkjum atvinnuveiða síðan 1985 var dregin á land í Hvalfirði í gær. Margmenni fylgdist með og þar ríkti hátíðastemming.

HVALVEIÐAR Hvalur 9 kom til hafnar í Hvalfirði klukkan hálf tíu í gærmorgun með fyrstu langreyðina af þeim níu sem heimild hefur verið gefin til að veiða. Talið er að um þrjú hundruð manns hafi verið komnir að hvalstöðinni til að fylgjast með komu skipsins og verkun hvalsins. Byrjað var að grófskera hann um klukkustund eftir að hann var hífður upp á verkunarplaníð en fínvinnsla og frýsting hófst í hraðfrýstistöð HB Granda á Akranesi þegar líða tók á daginn. Langreyðurin reyndist tuttugu metra löng og þrjátíu og tveimur sentimetrum betur en hún þótti horuð. Hún er talin vera rúm sextíu tonn að þyngd.

Það var sannkölluð hátíðastemming við hvalstöðina þegar Hvalur 9 lagði að bryggju. Þeir fjölmörgu sem höfðu lagt leið sína upp í Hvalfjörð klöppuðu lengi og vel fyrir áhöfn skipsins þegar það lagði að bryggju og bros var á hverju andliti. Margir hittu gamla vini og kunningja í fyrsta skipti í langan tíma og það var haft á orði að stemningin væri eins og á ættarmóti. Þó voru einnig margir í hópnum sem voru að upplifa löndun hvals í fyrsta skipti og fannst mikið til koma.

Kristján Loftsson, forstjóri Hvals hf., lét sig ekki vanta og hafði í mörg horn að líta. „Þetta er hátíðisdagur og það er gaman hvað allt hefur gengið vel. Þessi



HVALSKURÐUR Langreyður er mikil skepna eins og sést best þegar hún er skorin. Þeir sem komu að því að skera hvalinn voru greinilega vanir menn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



FJÖLDASAMKOMA Holt og hæðir komu sér vel til að hafa betri yfirsýn.

hvalur mætti þó vera feitari en hann er eins og búast mætti við á þessum árstíma.“ Kristján segir

að kjötið af hvalnum verði selt á Japansmarkað og japanskur hvalkjötskaupmaður sem var í för með Kristjáni er sagður hafa sleikt út um þegar hvalskurðurinn þyrjaði.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra var á meðal þeirra sem fylgdu með löndun hvalsins. „Þetta er góður dagur og heilmikil stund að sjá fyrsta hvalinn renna hérna upp planíð. Maður finnur að tilhlökkun ríkir og þessu verður fagnað víða um land.“

svavar@frettabladid.is

Markús 8 ára og Styrmir 6 ára:

VILDU FÁ STYKKI MEÐ SÉR HEIM TIL AÐ BORÐA



og komum hingað klukkan níu. Við ætlum kannski að fá stykki með okkur heim.“

Sigríður Kjerúlf og Björn Traustason:

HLUSTA BER Á VÍSINDAMENN ÞJÓÐARINNAR



hlusta vel á vísindamenn. „Það á að nýta þessa skepnu eins og hverja aðra ef það er byggt á tryggum grunni.“

Ágústa Björg Kristjánsdóttir og Sóley 7 ára:

MÁ EKKI HAFNA NEIKVÆÐ ÁHRIF Á FERÐAMENNINA

„Þetta er rosalega skemmtilegt. Þessi hvalur er alveg risastór“, segja þeir bræður Markús og Styrmir. „Okkur finnst hvalkjöt ekki gott. Við vöknudum klukkan sjö og fórum klukkan átta



Knútur Björnsson, Hafnarfirði:

TEK EKKI MARK Á HÓTUNUM FRÁ ÚTLENDINGUM

„Það var gaman að sjá þetta og vonandi hefur þetta ekki neikvæð áhrif á ferðapjónustuna. Mér list bara vel á þetta.“ Ágústa er fylgjandi hvalveiðum og finnst afstaða Bandaríkjamanna og málf lutningur Breta til skammar. „Mér list vel á þetta og vona að veiðarnar hafi ekki neikvæð áhrif fyrir okkur Íslendinga.“



BOÐEIND IS
- í 19 ár -

Plássleysi og léleg myndgæði?
Veldu gæði - Veldu Boðeind!

Verð frá kr. 136.900,-
Staðgreiðsluán til allt að 36 mán.

Mynd í mynd
Mynd á mynd
1000 bls minni fyrir textavarp

Viewsonic 26", 32", 37", 40" og 42" fánleg

Með nýjustu tæknina frá ViewSonic, NextVision™, færðu það besta frá báðum heimum - Framúrskarandi háupplausnar sjónvarp og LCD skjá sem er margverðlaunaður. ViewSonic LCD sjónvörpin spara pláss, peninga og eru fallega hönnuð. Jafnvel svo flott að þú þarft ekki að kveikja á skjánum!

Notaðu High-Definition tæknina til þess að upplifa myndina í nýrri vídd. Hreindir litir og mikill dýpt í myndgæðum skila mynd sem er allt að fimm sinnum nákvæmari en það sem við eigum að venjast.

Mörkin 6 - 108 Rvk - s:588 2061
sala@bodeind.is

ViewSonic
The World of Professional



Tala meira. Borga minna.

0,00 kr./mín.

Hringt í SKO GSM síma.

14,90 kr./mín.

Hringt í aðra GSM og heimasíma.

SMS 4,90 kr.

í alla GSM síma á Íslandi.

www.sko.is

SKO býður jafngóða GSM þjónustu og hin símafyrirtækin, innanlands og erlendis. Eini munurinn er lægra verð! Það kostar EKKERT að færa GSM símanúmerið til SKO. Þú skráir þig í þjónustuna á www.sko.is.

SKO

ÓDÝRA SÍMAFÉLAGIÐ

VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hversu margar langreyðar er heimilt að veiða í ár?
- 2 Hver skoraði 14 mörk í leik Fram og Celje Lasko?
- 3 Hvert verður næsta kvikmyndaverk Árna Ólafs Ásgeirssonar?

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 38

Hjúkrunarfræðinemum fjólgar: 105 geta hafið nám á vorönn

MENNTAMÁL Nemendum í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands verður fjölgað um 25 þannig að 105 hjúkrunarfræðinemar geta hafið nám á vormisseri 2007 að loknum samkeppnisprófum í desember.

Þetta var samþykkt á fundi háskólaráðs Háskóla Íslands þann 19. október síðastliðinn. Var fundurinn haldinn í kjölfar ákvörðunar heilbrigðisráðherra og menntamálaráðherra að stuðla að fjölgun hjúkrunarfræðinema.

Háskóli Íslands og Landspítalinn hafa lýst yfir ánægju með framgang mála.

- rve

Leggja þarf um 15 milljarða í vegakerfið í kringum höfuðborgarsvæðið:

Reykjavík fái meiri tekjur

SAMGÖNGUR Það þarf að auka fjármagn til uppbyggingar vegakerfisins í kringum höfuðborgarsvæðið og arðsemi þarf að ráða för þegar vegafarmkæmdir eru annars vegar. Þetta er eitt af því sem fram kemur í umræðutillögum um arðsemi og öryggi stofnbrauta á Suðvesturlandi sem Samtök um betri byggð hafa sett fram.

Örn Sigurðsson sem situr í stjórn Samtaka um betri byggð segir samtökin hafa gert sundurliðaða kostnaðaráætlun sem hljóði upp á tæpa fimmtán milljarða sem verja ætti í ýmsar úrbætur í vegakerfinu. „Þessar



ÖRN SIGURÐSSON Hagkvæmni og arðsemi er eina viðmiðið sem hægt er að nota þegar verkefnum í vegafarmkæmdum er forgangsraðað.

úrbætur eru nauðsynlegar til að auka umferðaröryggi en langflest og alvarlegustu umferðarslysni verða innan við sjötíu kílómetra frá höfuðborginni.“

Örn segir það skjóta skökku

við að nágrenni höfuðborgarsvæðisins sitji á haknum þegar kemur að uppbyggingu umferðarmannvirkja á meðan byggð eru Héðinsfjarðargöng sem komi til með að hafa neikvæða arðsemi. „Hagkvæmni og arðsemi er eina viðmiðið sem hægt er að nota þegar verkefnum er forgangsraðað.“

Örn segir að um langt árabíl hafi sjötíu prósent tekna af umferðinni komið af höfuðborgarsvæðinu en til baka hafa komið um og innan við 25 prósent af framkvæmdafé til stofnbrauta á svæðinu sem sé allt of lítið hlutfall.

- hs

Palestínskir nemar í vanda: Kennarar í löngu verkfalli

PALESTÍNA, AP Svo gæti farið að palestínsk ungmenni missi heilt ár úr skóla vegna kennaraverkfalls. Ekki eru til fjármunir í ríkiskassanum til að greiða laun og kennarar neita að vinna kauplaust.

Deilurnar eiga sér einnig pólitíska hlið en verkalyðsfélög kennara styðja baráttu Fatah-hreyfingarinnar gegn Hamas sem nú fer með völd í Palestínu.

Menntun er í hávegum höfð í Palestínu og hvergi í Arabalöndunum er læsi meira en á Vesturbakkanum og Gaza svæðinu. Þetta forskot er nú talið í hættu.

- tg

SKIPULAGSMÁL

Flóðlýst gervigras

Ný tillaga um flóðlýstan gervigrasvöll Víkings í Fossvogi er komin til ákvörðunar hjá skipulagsráði. Færa á völinn frá byggðinni í miðjan dalinn í kjölfar harðra mótmæla íbúa.

Mótmæla efnistöku

Formleg mótmæli vegna fyrirhugaðrar efnistöku í Hrossadal í landi Miðdals hafa borist bæjarstjórn Mosfellsbæjar. Mótmælendur eru land- og sumarhúsaeigendur við Selvatn, Krókatjörn, Myrkurtjörn og Silungatjörn.

KÓPAVOGUR

Öldungaráð til skoðunar

Öldungaráð verður stofnað í Kópavogi ef tillaga þess efnis frá Samfylkingunni verður samþykkt í bæjarráði.

Olíumengun var í Glúmsstaðadalsá

Vatnsrennsli og aur úr borgöngum höfðu neikvæð áhrif á dýralífið í Glúmsstaðadalsá. Olíumengun var í ánni í ágúst. Áin var ekki inni í umhverfismati vegna Kárahnjúkavirkjunar þar sem talið var að hún yrði ekki fyrir áhrifum.

UMHVERFISMÁL Glúmsstaðadalsá var ekki inni í umhverfismati vegna Kárahnjúkavirkjunar þar sem ekki var talið að framkvæmdirnar hefðu nein áhrif á hana. Nú hefur komið í ljós að vatnsrennsli og aur úr borgöngum þrjú hafa neikvæð áhrif á dýralífið í ánni auk þess sem olíumengun var í henni í ágúst.

Náttúrustofa Austurlands hefur rannsakað áhrif vatns og aurs úr borgöngum á dýralíf í Glúmsstaðadalsá, sem ásamt jökulánni Grjótá rennur í Hrafnkelu og er mikilvæg fyrir lífríki Hrafnkelu. Í skýrslunni segir að dýralíf í ánni hafi orðið fyrir neikvæðum áhrifum, rykmý hafi horfið nær alveg síðari hluta sumars og ánum og áttfætlumaurum hafi fjölgað verulega.

„Erfitt er að meta hver áhrif slíkrar mengunar eru á dýralíf og hvort þau vari lengi,“ segir í skýrslu Náttúrustofunnar. Ekki sé hægt að segja til um hvað áhrifanna gæti langt niður eftir ánni. Viðameiri athugun hefði þurft til að svara því hvort þeirra gæti í



ÁHRIF Á BLEIKJUNA ÓLJÓS Olíumengun var í Glúmsstaðadalsá í ágúst en bóndi á svæðinu telur hana storm í vatnsglasi. Ljóst er að vatnsrennsli og aur úr aðgöngum þrjú hefur áhrif á lífríkið í ánni.

Hrafnkelu. „En það verður þó að teljast líklegt að einhverra áhrifa gæti þar miðað við hversu aurug áin er á sýnatökustöðum.“

Í skýrslunni kemur einnig fram að nokkur olíumengun hafi verið í ánni í ágúst en ekkert sagt um það hvernig sú mengun hafi átt sér

stað, hvers vegna eða hversu mikil hún hafi verið.

Hilmar Malmquist, vatnalíf-fræðingur hjá Náttúrustofu Kópavogs, segir að gróskumikið líf sé í Hrafnkelu og því sé hugsanlegt að neikvæð áhrif frá Glúmsstaðadalsá nái niður í hana og hafi áhrif á lífríkið þar. Olíumengunin geti jafnvel haft áhrif á bleikjuna í Hrafnkelu en erfitt sé að segja um það. „Olía er ekki góð fyrir bleikjur eða aðrar lífverur,“ segir hann.

Sigurður Aðalsteinsson, bóndi í Vaðbrekku, telur að olían komi frá bornum í göngunum og mengunin sé stormur í vatnsglasi. Griðarlegt vatnsveður og aurskriða í sumar hafi haft meiri áhrif á Glúmsstaðadalsá en vatnið frá göngunum. Áin taki lit eftir því í hvernig bergi borinn sé að vinna. Borinn slái í gegn í nóvember og þá hætti rennslið í ána.

Í skýrslunni er lagt til að sýni verði tekin úr ánni fimm árum eftir að framkvæmdum við aðgöngin er lokið til að kanna hvort vatnsrennsli og aur hafi áhrif til langframa. ghs@frettabladid.is



MÁLÞING JAFNRÉTTISRÁÐS UM

konur og stjórnsmál

– nýjar leiðir að stjórnsmáljafnrétti



Fanný Gunnarsdóttir

Hvammur Grand Hótel

24. okt. kl. 14.00–16.30



Gestur Guðjónsson

Fanný Gunnarsdóttir formaður Jafnréttisráðs setur málþingið

Gestur Guðjónsson umhverfisverkfæringur

Þorbjörg Gunnlaugsdóttir lögfræðingur

Ólafur Þ. Harðarson prófessor

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir ráðskona í Feministafélaginu

KAFFIHLÉ

Pallborð – fulltrúar stjórnsmálaflokkanna svara spurningum um áherslur flokkanna og leiðir að stjórnsmáljafnrétti.

Magnús Stefánsson félagsmálaráðgjafi

Fundarstjóri: Þórveig Þormódsdóttir fulltrúi BSRB í Jafnréttisráði.

Að loknu málþingi er þátttakendum boðið að vera viðstaddir afhendingu Jafnréttisviðurkenningar Jafnréttisráðs. Afhendingin fer fram í Háteigi – sal á 4. hæð og hefst kl. 17.00.



Þórveig Þormódsdóttir

Skráning fer fram á www.jafnretti.is



RAUÐA KROSS NÁMSKEIÐ Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

SLYS Á BÖRNUM

5 kennslustundir – 5.500 kr. eða samtals 9.000 kr. fyrir par.

Markmið: Að þátttakendur læri að þekkja varnir gegn slysum á börnum og orsakir slysa almennt, þroska barna og slys sem tengjast aldri. Leiðbeint er í skyndihjálpi við barnaslysum og áverkum af ýmsu tagi. Haldið hjá Kópavogsdeild, Hamraborg 11, 6. nóvember kl. 18–22. Skráning í síma 554 6626 / kopavogur@redcross.is.

SKYNDIHJÁLPI

5 kennslustundir – 4.500 kr.

Markmið: Að þátttakendur öðlist grunnfærni í að beita skyndihjálpi, endurlífingun og sálrænum stuðningi í neyðartilvikum. Haldið hjá Kópavogsdeild, Hamraborg 11, 25. október kl. 18–22. Skráning í síma 554 6626 / kopavogur@redcross.is.

16 kennslustundir – 8.900 kr.

Markmið: Að auka þekkingu og færni þátttakenda í að beita á öruggan hátt einföldum aðferðum í skyndihjálpi. Að auka færni í að meta einkenni algengra sjúkdóma og áverka. Haldið hjá Reykjavíkurdæli, Laugavegi 120, 13., 16. og 17. nóvember klukkan 19–23 og 11., 14. og 15. desember klukkan 19–23. Skráning í síma 545 0400 / sigrunh@redcross.is.



Rauði kross Íslands

Skráning og nánari upplýsingar um námskeiðin:

Svæðisskrifstofa Rauða kross Íslands á höfuðborgarsvæðinu í síma 565 2425 eða með tölvupósti á jon@redcross.is. Einnig er hægt að skrá sig hjá viðkomandi deildum.

Hjá Hive kostar
8 Mb nettenging það
sama og 1 Mb
tenging hjá Símanum
eða Og Vodafone.

HiveLite 3.990 kr. á mánuði

Með Hive Lite færðu 8Mb nettengingu og 4 GB af erlendu niðrhali fyrir aðeins 3.990 krónur á mánuði. Fyrir sama pening færðu 1Mb tengingu hjá Símanum eða Og Vodafone. Það er óneitanlega ekkert gaman að borga sama verð fyrir átta sinnum hægari tengingu. Enda er það algjör óparfi – sérstaklega þegar það er ekkert mál að skipta. **Hringdu í 414-1616 og fáðu meira fyrir peninginn.**

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími: 414 1616 hive@hive.is

Hive





NORRÆNN BYGGINGARDAGUR - NBD

NBD Á ÍSLANDI, Í SAMVINNU VIÐ FÉLAGSBÚSTAÐI HF,
UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ OG ÍBÚÐALÁNASJÓÐ
KYNNA NÁMSSTEFNU UM:

AÐGENGISMÁL OG ENDURBÆTUR ELDRA HÚSNÆÐIS SEM HALDIN VERÐUR FÖSTUDAGINN 27. OKTÓBER kl. 8:30-12:30 Í NORRÆNA HÚSINU

Dagskrá námsstefnunnar er eftirfarandi:

1. Þorvaldur S. Þorvaldsson arkitekt, formaður NBD, setur námsstefnuna.
2. STAÐA AÐGENGISMÁLA Á NORÐURLÖNDUNUM;
Þórarinn Magnússon, verkfræðingur hjá Félagsbústöðum hf.
3. HAMAR Í NOREGI – LYFTUR Í ELDRI HÚS.
(Ettermontering av heiser i eksisterende boligblokker)
John Lillesæter, verkfræðingur HOBBL í Noregi.
Kaffihlé.
4. BÆTT AÐGENGI OG ENDURBÆTUR Á ELDRA HÚSNÆÐI Í DANMÖRKU;
(Tilgængelighed i den ældre boligmasse – danske erfaringer)
Graves K. Simonsen, arkitekt SBS í Danmörku.
5. REKSTUR FASTEIGNA – VIÐHORF EVRÓPUSAMBANDSINS;
(Vad har den Europeiska Unionen med boendefrågora att göra ?)
Tomas Lindencrona, arkitekt í Svíþjóð.

Fundarstjóri verður Smári Þorvaldsson, verkfræðingur og stjórnarmaður í NBD.

Húsið opnar kl. 8:30 og skal þáttökugjald, kr. 5.000, greitt við innganginn. Bók Þórarins, þar sem hann gerir grein fyrir stöðu aðgengismála á Norðurlöndunum, er innifalin í þáttökugjaldi.

Skráning fer fram hjá ritara stjórnar: asdis.i@fsr.is.

Stjórn NBD á Íslandi

120 1886 2006

Uppfærðu launareikninginn þinn með Launavernd



Launavernd tryggir áframhaldandi tekjur fjölskyldunnar komi til launamissis vegna fráfalls, sjúkdóma eða örorku. Auk þess byggir þú upp viðbótarlífeyrissparnað sem eykur fjárhagslegt sjálfstæði þitt við starfslok. Uppfærðu launareikninginn þinn með Launavernd. Komdu við í næsta útibúi, hafðu samband í síma 410 4000 eða farðu á landsbanki.is og fáðu nánari upplýsingar.

 **Landsbankinn**
Banki allra landsmanna


Launavernd Landsbankans

Iceland Express fjölga flugleiðum í Evrópu:

Sex nýir áfangastaðir

SAMGÖNGUR Iceland Express mun bæta við sex nýjum áfangastöðum næsta sumar og verða þeir þá fjórtán alls. Staðirnir sem bætast við eru París, Basel, Eindhoven, Billund í Danmörku, ásamt Ósló og Björgvin í Noregi. Áfram er flogið til Kaupmannahafnar, Lundúna, Alicante, Berlínar, Frankfurt, Friedrichshafen, Gautaborgar og Stokkhólms.

Við breytinguna mun sætaframboð aukast um tuttugu prósent. Sætafjöldi í boði verður þá hálf milljón. Iceland Express bætir einni flugvél við flota sinn til að anna þessari viðbót. -



ICELAND EXPRESS STÆKKAR Nú verða áfangastaðirnir fjórtán.

Lítill þátttaka í forsetakosningum í Búlgaríu:

Önnur umferð er talin óhjákvæmileg

BÚLGARÍA, AP Georgi Parvanov, núverandi forseti Búlgaríu, þarf að mæta Volen Siderov í annarri umferð forsetakosninga að viku liðinni, ef marka má útgönguspár.


Siderov er ákafur þjóðernissinni og hlaut tuttugu prósent atkvæða, en Parvanov hlaut sextíu prósent. Það dugði honum þó ekki til þess að ná fimmtíu prósent fylgi, sem nauðsynlegt er, þar sem kosningaþátttakan var afar dræm, ekki nema 35 prósent.

Alls voru frambjóðendur í forsetakosningunum sjö talsins, en Parvanov þótti frá upphafi eiga mesta möguleika. -gb

GEORGI PARVANOV Núverandi forseti Búlgaríu þarf að mæta áköfum þjóðernissinna í annarri umferð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR á frumgreinasviði



Markmið náms á **frumgreinasviði** er fyrst og fremst að búa nemendur undir frekara nám í iðnfræði, tækni-fræði, tölvunarfræði og verkfræði í HR. Námið hentar vel fólki sem hefur burtfararpróf úr iðn-, verkmennta- eða fjölbrautaskóla, er með umtalsverða starfsreynslu og fólki sem þarf að bæta við sig stærðfræði og raungreinum til að geta hafið nám í Tækni- og verkfræðideild.

Engin skólagjöld eru í dag skóla á frumgreinasviði Háskólans í Reykjavík.

Umsóknarfrestur er til 24. nóvember.

Nánari upplýsingar veitir **Málfríður Þórarinsdóttir**, sviðsstjóri frumgreinasviðs, sími: 5996438 / 8957052, netfang: malfriid@ru.is


HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • KRINGLAN 1 • HÖFÐABAKKA 9
SÍMI: 599 6200 • www.hr.is

Vilt þú betri vexti

til að klára dæmið?

**TILBODS
VEXTIR!**

16,10%*

Dæmi um greiðslubyrði					
Fjöldi ára	200.000 kr.	400.000 kr.	600.000 kr.	800.000 kr.	1.000.000 kr.
1	19.138	37.723	56.308	74.892	93.477
2	10.368	20.348	30.329	40.309	50.290
3	7.445	14.557	21.669	28.782	35.894
4	5.983	11.661	17.339	23.018	28.696
5	5.106	9.924	14.742	19.559	24.377
6	4.521	8.766	13.010	17.254	21.498
7	4.104	7.938	11.773	15.607	19.442
8	3.791	7.318	10.845	14.372	17.899

Forsendur: 1% lántökugjald - 1,5% stimpilgjald - 16,10% vextir - Kostnaður lánaður

Sæktu um lán...

WWW.s24.is



533 2424 - Sætún 1

*Miðað við vaxtatöflu S24 21.09.2006, sjálfvirka skuldfærslu af reikningi hjá S24.
M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.
Tilboð þetta gildir til 30.11.2006.

Farðu út um allt fyrir
2.590.000 kr.



Subaru Forester brúar bil milli tveggja heima. Hann er lipur og léttur í borgarakstri en hefur dráttarkraft á við mun stærri jeppa sem gerir hann óstöðvandi á landsbyggðinni. Síftengt aldrifid tryggir einstakt veggrip og niðurstaðan er jepplingur sem nýtist þér jafnt innan sem utan bæjar. Samt er Forester ódýrasti sjálfskipti jepplingurinn á markaðinum í dag.

250.000 kr. Vetrartilboð

Fylgir með á meðan birgðir endast. Upphækkun, heilsársdekk, dráttarbeisli og 16" álfelgur.

www.subaru.is

Forester 2.590.000,- Forester PLUS 2.790.000,- Forester LUX 3.090.000,- SYMMETRICAL AWD

Ingvar Helgason	Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Opið: Mán. - fös. kl. 9:00 - 18:00. Lau. 12:00 - 16:00.
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 464 7940 Njaróvik 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990 Reyðarfirði 474-1453

Dögg Pálsdóttir

Opinn kynningarfundur

Stuðningsmenn Daggar Pálsdóttur boða til opins kynningarfundar á kosningaskrifstofunni með stjórnnum og félagsmönnum í hverfafélögunum í Reykjavík mánudaginn 23. október kl. 17:30. Á fundinum mun Dögg kynna áherslumál sín og svara fyrirspurnum. Allir velkomnir.

KOSNINGASKRIFSTOFA
Laugavegi 170, 2. hæð
opnunartími virka daga
kl. 16-22 og um
helgar frá kl. 12-18
dogg@dogg.is
sími 517-8388



Prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík, 27. og 28. október 2006

www.dogg.is í 4. sætið

Byggðaráð Norðurlþings verður við ósk sveitarstjóra:

Norðurlþing selur í deCODE og bönkum

SVEITARSTJÓRNIR Byggðaráð Norðurlþings hefur orðið við ósk Bergs Elíasar Ágústssonar sveitarstjóra og heimilað honum að selja hlutabréf sveitarfélagsins í ýmsum skráðum og óskráðum hlutafélögum.

Um er að ræða bréf í deCODE genetics, Dagsbrún, KB banka, FL Group, Landsbanka Íslands, Digital Creative, De Corp, Aberdeen-sjóðum og í Röndinni ehf.

Nafnverð hlutabréfanna mun vera 3.637.958 krónur en hvorki er



BERGUR ELÍAS ÁGÚSTSSON Sveitarstjóri Norðurlþings má selja hlutabréf.

getið um skiptingu bréfanna milli félaganna eða áætlað söliverð í fundargerð byggðaráðs.

- gar



BANN VIÐ ÁFENGISAUGLÝSINGUM Fjallað var um bann við áfengisauklýsingum á hádegisfundi í Háskólanum í Reykjavík. Á fundinum kom fram að menn töldu nýlegan dóm Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem framkvæmdastjóri var dæmdur fyrir áfengisauklýsingar ekki í samræmi við Evrópureglur.

Bann í trássi við reglurnar

Auglýsingabann á áfengi er ekki í samræmi við Evrópureglur um frjálst flæði vöru og þjónustu, að mati Stefáns Geirs Þórissonar hæstaréttarlögmanns.

AUGLÝSINGAR Hið íslenska auglýsingabann á áfengi takmarkar í ríkara mæli möguleika til að koma á markað framleiðsluvörum frá öðrum EES-ríkjum en innlendum framleiðsluvörum. Þetta er ályktun sem Stefán Geir Þórisson hæstaréttarlögmaður dró í erindi sem hann flutti nýverið um áfengisauklýsingar í Háskóla Reykjavíkur.

Í erindi sínu fór Stefán Geir yfir tvö mál frá Svíþjóð og Noregi þar sem niðurstaðan var sú að með auglýsingabanni væru brotnar reglur Evrópuréttarins um frjálsa vöruflutninga og þjónustu. Í dómnum kæmi fram að hægt væri að ná markmiðum auglýsingabanns, til dæmis varðandi heilsu, með aðferðum sem hefðu minni áhrif á frjálst flæði vöru og þjónustu en algert auglýsingabann.

Á fundinum urðu nokkrar umræður um nýlegan dóm Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem framkvæmdastjóri Rolf Johansen & Co var dæmdur fyrir birtingu áfengisauklýsinga og kom fram að menn töldu dóminn ekki í fullkomnu samræmi við Evrópureglurnar.



STEFÁN GEIR ÞÓRISSON HRL. Komst að þeirri niðurstöðu að bann við áfengisauklýsingum hér á landi væri í trássi við reglur.

„Vonandi verður lögnum breytt þannig að þau samrýmist bæði Evrópureglum og almennt vitund almennings fyrir því hvernig þetta eigi að vera. Ástandið núna er óþolandi fyrir alla því að það er mikið um auglýsingar á áfengi og svo virðist handa-

hófskennt hverjir eru ákærðir og hverjir ekki,“ segir Stefán Geir.

Bogi Nilsson ríkissaksóknari segir að lögreglustjórnir í landinu sjái um að ákæra í brotum á áfengisauklýsingabanni og þeir meti hvert tilvik fyrir sig. Ekki sé hægt að segja að það sé tilviljanakennt hverjir eru ákærðir og hverjir ekki. Býsna mörg mál hafi verið tekin fyrir, meðal annars verði eitt mál tekið fyrir í Hæstarétti í næstu viku. ghs@frettabladid.is

Til átaka kom milli lögreglu og mótmælenda:

Peron í nýtt grafhýsi

ARGENTÍNA, AP Til átaka kom milli lögreglu og mótmælenda í Argentínu þegar jarðneskar leifar Juans Domingos Peron, sem réð lögum og lofum í Argentínu stóran hluta síðustu aldar, voru í liðinni viku færðar í nýtt grafhýsi þar sem lík hans mun hvíla í marmarakistu. Þetta er í þriðja sinn sem Peron er jarðsettur frá því hann lést árið 1974.

Aðdáendur Perons vonast til þess að jarðneskar leifar hinnar vinsælu eiginkonu hans Evítu muni áður en lýkur einnig verða færðar í þetta grafhýsi, en áætlingar hennar hafa verið andvígir því.



Í NÝJA GRAFHÝSINU Grafhýsið er í San Vicente, um 45 km suðvestur af höfuðborginni Buenos Aires. FRETATABLADI/AP

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Hagnýtt nám á haustönn Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 33.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á 20 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.



Frábært nám sem vekur athygli:

Hagnýtt bókhaldsnám

Bókhaldsnám sem borgar sig strax. Námið er fyrir þá sem vilja ná góðum tókum á bókhaldi, t.d. sjálfstæða atvinnurekendur og þá sem vinna við bókhald.

Kennt er meðal annars fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisauka-skatti, grunnur launaútreikninga, afstemmingar, undirbúningur uppgjors og fleira

Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði!

Lengd: 94 stundir/63 klst. á morgnana
Verð: 99.900 • Allt að 3 ára lán

Tölvunám fyrir 50+

Ef þú hefur ekki ennþá lært á tölvu og ert komin(n) yfir fimmtugt er þetta rétta námskeiðið fyrir þig.

Þægilegur hraði, spennandi efni og frábær kennsla gerir þig að öflugum tölvunotanda.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur
- Stafræn ljósmyndun og vinnsla

Lengd: 72 stnd./48 klst. eftir hádegi
Verð: 59.900 • Allt að 3 ára lán

Vefsíðugerð

► FrontPage 2003 og Photoshop

Allt það sem þú þarft að kunna til þess að búa til og viðhalda heimasíðu samkvæmt nútímakröfum um útlit og innihald.

Lengd: 45 stundir/30 klst, Verð: 45.900

► DreamWeaver og Photoshop

Frábær samsetning af öflugum forritum og skemmtilegri kennslu gera það að verkum að vefsíðugerðin verður leikur einn.

Lengd: 49 stundir/33 klst, Verð: 49.900

Windows 2003 Server

Frábært námskeið fyrir þá sem vilja kynna netstjórnun frá grunni og/eða stefna á að taka Microsoft Certified Professional (MCP) gráðu (70-290).

Lengd: 60 st./40 klst. Mán/mið 16:15-19:15
Verð: 89.900 • Allt að 3 ára lán

PRINCE2 og Project

► PRINCE2 verkefnastjórnun

Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina við verkefnastjórnun, fáðu betri yfirsýn og stjórnaðu verkefnum óaðfínanlega.

Lengd: 22 stundir/15 klst. Verð: 49.900

► MS Project verkefnastjórnun

Farið er yfir helstu þætti verkefnastjórnunar með Microsoft Project. Kennt er frá grunni að skipuleggja verkefni, hvernig eigi að jafna álagi á starfsmenn, áætla efnisþætti og stýra framvindu verkefna með Project.

Lengd: 22 stundir/15 klst. Verð: 39.900

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Námskeið á næstunni

Námskeið	Hefst	Lýkur	Tími Stund.	Klst.	Verð	Ábendingar
Access I: Almenn gagnagrunnsgerð	27.11.2006	1.12.2006	9:00-12:00	22	15	25.900 kr.
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð	13.11.2006	16.11.2006	9:00-12:00	18	12	34.900 kr.
ASP .NET vefforritun	20.11.2006	18.12.2006	19:30-22:30	45	30	79.900 kr. Kennt er á mán./mið.
DreamWeaver - vefsíðugerð	20.11.2006	24.11.2006	13:00-17:00	27	18	29.900 kr. Kennt er til 16:00 þri og fim
DreamWeaver og Photoshop	20.11.2006	8.12.2006	13:00-16:00	49	33	49.900 kr.
Excel I: Almenn töflureiknisnotkun	6.11.2006	10.11.2006	9:00-12:00	22	15	22.500 kr.
Excel I: Almenn töflureiknisnotkun	27.11.2006	1.12.2006	9:00-12:00	22	15	22.500 kr.
Excel IIa: Sérhæfð töflureiknisnotk	6.11.2006	9.11.2006	13:00-16:00	18	12	29.900 kr.
Excel IIb: Fjármálastjórn, bókhald	7.11.2006	16.11.2006	9:00-12:00	18	12	34.500 kr. Kennt er þri./fim.
Excel IIb: Fjármálastjórn, bókhald	4.12.2006	7.12.2006	9:00-12:00	18	12	34.500 kr.
Fingrasetning - tölvuvérlitun	16.11.2006	17.11.2006	9:00-11:00	6	4	6.900 kr.
Flash 8 margmiðlun	30.10.2006	2.11.2006	13:00-16:00	18	12	24.900 kr.
Front Page 2003 vefsíðugerð	20.11.2006	24.11.2006	13:00-16:00	22	15	24.500 kr.
FrontPage 2003 og Photoshop	20.11.2006	8.12.2006	13:00-16:00	45	30	45.900 kr.
Hagnýtt bókhaldsnám	6.11.2006	12.1.2006	9:00-12:00	94	63	99.900 kr. Kennt er á mán./mið./fös.
Internetið og tölvupóstur	15.11.2006	16.11.2006	9:00-12:00	9	6	10.900 kr.
Internetið og tölvupóstur	6.12.2006	7.12.2006	9:00-12:00	9	6	10.900 kr.
Ljósmyndavinnsla með Picasa	15.11.2006	20.11.2006	19:30-22:30	9	6	12.900 kr. Kennt er mið./mán.
Ljósmyndavinnsla með Picasa	6.12.2006	11.12.2006	19:30-22:30	9	6	12.900 kr. Kennt er mið./mán.
MCP 70-290: Windows 2003 Server	1.11.2006	18.12.2006	16:15-19:15	60	40	89.900 kr. Kennt er mán./mið.
Outlook: tímareiða, verkefnayfirlit	7.11.2006	14.11.2006	19:30-22:30	13	9	16.900 kr. Kennt er þri./fim.
Outlook: tímareiða, verkefnayfirlit	13.11.2006	15.11.2006	9:00-12:00	13	9	16.900 kr.
Outlook: tímareiða, verkefnayfirlit	4.12.2006	6.12.2006	13:00-16:00	13	9	16.900 kr.
Photoshop I: Ljósmyndavinnsla og myndgerð	24.10.2006	7.11.2006	16:15-19:15	22	15	26.900 kr. Kennt er þri./fim.
Photoshop I: Ljósmyndavinnsla og myndgerð	13.11.2006	17.11.2006	13:00-16:00	22	15	26.900 kr.
Photoshop I: Ljósmyndavinnsla og myndgerð	4.12.2006	8.12.2006	13:00-16:00	22	15	26.900 kr.
PowerPoint I og II	20.11.2006	24.11.2006	9:00-12:00	22	15	24.500 kr.
PowerPoint I: glærugerð og -notkun	16.11.2006	23.11.2006	19:30-22:30	13	9	16.900 kr. Kennt er þri./fim.
PowerPoint I: glærugerð og -notkun	20.11.2006	22.11.2006	9:00-12:00	13	9	16.900 kr.
PowerPoint II: hreyfimyndir og hljóð	23.11.2006	24.11.2006	9:00-12:00	9	6	13.900 kr.
PRINCE2 verkefnastjórnun	6.11.2006	10.11.2006	13:00-16:00	22	15	49.900 kr.
Microsoft Project verkefnastjórnun	13.11.2006	17.11.2006	13:00-16:00	22	15	39.900 kr.
Stafræn ljósmyndun	13.11.2006	20.11.2006	19:30-22:30	13	9	16.900 kr. Kennt er mán./mið.
Tímastjórnun með Outlook	23.11.2006	23.11.2006	13:00-17:00	6	4	14.900 kr.
Tímastjórnun með Outlook	28.11.2006	28.11.2006	18:30-22:30	6	4	14.900 kr.
Tölvunám fyrir 50+	6.11.2006	30.11.2006	13:00-16:00	72	48	59.900 kr. Kennt mánuð-fimmtud
Tölvunotkun: Fyrstu skrefin	13.11.2006	17.11.2006	9:00-12:00	22	15	24.900 kr.
Tölvunotkun: Fyrstu skrefin	4.12.2006	8.12.2006	9:00-12:00	22	15	24.900 kr.
Tölvuþekking fyrir konur	3.11.2006	13.12.2006	9:00-12:00	60	40	45.900 kr. Kennt er mán./mið.
Windows XP fyrir byrjendur	13.11.2006	14.11.2006	9:00-12:00	9	6	10.900 kr.
Windows XP fyrir byrjendur	4.12.2006	5.12.2006	9:00-12:00	9	6	10.900 kr.
Windows XP fyrir venjulega notendur	2.11.2006	3.11.2006	13:00-16:00	9	6	12.900 kr.
Word I: Almenn ritvinnsla	30.10.2006	3.11.2006	9:00-12:00	22	15	22.500 kr.
Word I: Almenn ritvinnsla	20.11.2006	24.11.2006	9:00-12:00	22	15	22.500 kr.
Word I: Almenn ritvinnsla	4.12.2006	8.12.2006	9:00-12:00	22	15	22.500 kr.
Word II: Kraftmikil ritvinnsla	27.11.2006	1.12.2006	13:00-16:00	22	15	26.900 kr.
Word: Dreifibréf og markpóstur	30.11.2006	30.11.2006	13:00-16:00	4,5	3	6.900 kr.
Word: Töflur og eyðublöð	1.12.2006	1.12.2006	13:00-16:00	4,5	3	6.900 kr.
Word: Vinnsla langra skjala	27.11.2006	29.11.2006	13:00-16:00	13	9	16.900 kr.

Nánari upplýsingar um einstök námskeið má finna á vef okkar www.tv.is

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélag **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símabjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar

– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!




TÖLVU- OG
VERKFRÆÐIPJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is



RAMADAN Þessar ungu múslimastúlur lásu úr bókinni helgu, Kóraninum, í Líbanon fyrr í vikunni áður en þær gátu snætt eftir sólarsetu, en meðan á Ramadan-hátíðinni stendur fasta múslimar frá sólarupprás til sólarlags.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óskað eftir upplýsingum um kostnaðarskiptingu við hreinsun varnarsvæða:

Aðeins gróf kostnaðaráætlun

UMHVERFISMÁL Gert er ráð fyrir því að hreinsun Íslendinga á varnarsvæðunum muni kosta samtals um tvo milljarða króna, eins og kom fram þegar samkomulag Bandaríkjamanna og Íslendinga var kynnt nýlega. Innan utanríkisráðuneytisins er, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, talið að hreinsun á gamla ruslahaugnum muni kosta mest eða hátt í einn milljarð króna.

Fréttablaðið óskaði nýlega eftir upplýsingum um áætlaða kostnaðarskiptingu frá utanríkisráðuneytinu sem og upplýsingum um það hvers konar hreinsun væri ráðgerð og hvenær.

Í svari ráðuneytisins segir að um grófar kostnaðaráætlanir sé að ræða. Stofnað verði hlutfélag í eigu ríkisins um framtíðarþróun og umbreytingu fyrrverandi varnarsvæðis á Keflavíkurluguvelli, sem meðal annars muni bera ábyrgð á hreinsun svæðisins.

Að öðru leyti vill ráðuneytið ekki gefa upplýsingar



RUSLAHAUGARNIR Hreinsun ruslahauganna mun líklega kosta mest. Áætlaður kostnaður við hana er hátt í einn milljarður af þeim tveimur milljörðum sem ætlaðir eru til hreinsunar.

Internet Explorer uppfærður:

Sjöunda útgáfa vafrans komin út

TÖLVUR Internet Explorer, vafrinn sem fylgir Windows-stýrikerfinu, hefur verið uppfærður. Tölvurinn Microsoft, sem gerir vafrann, lagði lokahönd á sjöundu útgáfu hans á dögnum. Þetta er fyrsta uppfærsla vafrans í meira en fimm ár.

Meðal nýjunga í Internet Explorer 7 er flípavafur (tabbed browsing), einfaldari möguleikar til leitar á vefnum og auknar öryggisráðstafanir. Hægt er að hafa forritinu niður en flestir Windows-notendur munu fá vafrann með sjálfvirkri stýrikerfisuppfærslu í næsta mánuði.

- sfs

SVÍPJÓÐ

Nýr viðskiptaráðherra

Ulf Dinkelspiel mun taka við embætti viðskiptaráðherra í ríkisstjórn Fredriks Reinfeldts, í stað Mariu Borelius sem sagði af sér eftir átta daga í embætti fyrir rúmri viku. Þetta var fullrytt í sænska ríkisútvarpinu en talsmenn stjórnarinnar vildu ekki staðfesta fréttina að svo stöðu.

Yfirgnæfandi líkur á að demókratar muni sigra

Nái demókratar meirihluta í fulltrúadeild Bandaríkjaþings kemst stefnuskrá Bush-stjórnarinnar í uppnám og stjórnarliðar verða meira og minna uppteknir við yfirheyrslur í þinginu, að mati Michaels Corgan.

BANDARÍKIN Baráttan fyrir þingskosningarnar í Bandaríkjunum í nóvember verður aðeins tvisýn um fimmtíu af þingsættunum 435.



DR. MICHAEL T. CORGAN


Dr. Michael T. Corgan, dósent í alþjóðasamskiptum við háskólann í Boston og gisticennari við Háskóla Íslands, segir þingmenn hinna 385 sætanna njóta nægilegs fylgis til að geta setið rólegir.

Nútíu prósent líkur eru á meirihlutasigri demókrata í fulltrúadeildinni og helmingslíkur á sigri í öldungadeildinni, að mati Corgan. Kosid er að þessu sinni til allra þingsættanna í fulltrúadeildinni en þriðjungs í öldungadeildinni.

Corgan hélt erindi á vegum Alþjóðamálastofnunar HÍ á fimmtudag og vísaði þar í fylgiskannanir, sem hann sagði benda til að minnst sex sæti væru örugg demókratasæti, til viðbótar við

núverandi hlutdeild. Einnig að flokkurinn hefði mælst hærrí en repúblíkanar í sextán kjördæmum af þeim sem baráttan stendur um nú. Til að demókratar nái meirihluta í fulltrúadeildinni þurfa þeir að bæta við sig fimmtán þingsættum.

Helsta ástæða þess að demókratar geta gengið vígræfir til kosninga, telur Corgan vera slakt gengi Bandaríkjamanna í Íraksstríðinu. Þar sem Bush hafi klætt sig í búning „stríðsforsetans“ eigi hann allt undir því að Íraksstríðið tækist sómasamlega. Corgan sagði ekkert benda til að svo verði. Einnig hafi ýmis hneykslismál plagað repúblíkana upp á síðkastið, allt frá fjármálaspillingu til kynferðisofbeldis, en þeir háðu síðustu kosningabaráttu sem „síðsami flokkurinn“. Að auki muni innflytjendamála og aukin misskipting í þjóðfélaginu reynast þeim þung í skauti. Helstu vopn repúblíkana séu hins vegar þau að þeir eru mun efnadrí og skipulagðari en demókratar. Þeir hafi vit til að auglýsa við hæfi; þar sem raunveruleg þörf er á því.



GEORGE BUSH FORSETI OG DONALD RUMSFELD VARNARMÁLARÁÐHERRA Corgan segir að Rumsfeld ætti að láta leggja lestarteina beint úr varnarmálaráðuneytinu niður til rannsóknarnefndar þingsins.

Fari demókratar með sigur af hólmi, spár Corgan því að yfirheyrslum og rannsóknum á vegum þingsins fjölgi mikið. Donald Rumsfeld varnarmálaráðherra yrði svo þráspurður að hann „ætti að láta leggja lestarteina beint úr varnarmálaráðuneytinu niður til

rannsóknarnefndar þingsins.“ Með sigri demókrata yrði stjórnarandstaða þeirra nægilega sterk til að öll stefnuskrá Bush-stjórnarinnar kæmist í uppnám, að því gefnu að demókratar fari ekki offari og slái þannig vopnin úr höndum sér.

klemens@frettabladid.is

10%
vaxtaauki!



spron
www.spron.is



Nýtt tákni um gæði



Ford Mondeo Trend
2,0i 5 dyra sjálfskiptur*
Uppskerutilboð 2.290.000 kr.
Bílasamningur 27.490 kr.
Rekstrarleiga 39.050 kr.

Uppskeruhátið

Góð tíð 2.290.000 kr.

Komdu á Uppskeruhátið Brimborgar í dag. Ofurtilboð.

Veldu Ford. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu uppskerutilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækka þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á uppskeruverði.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðalegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðalegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustuférlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

Ve
VINNUEFTIRLITIÐ



Örugg frá upphafi! Ungt fólk og vinnuvernd

Ertu ungur, áttu „unga“ eða vinnur þú með „ungum“?

Vinnueftirlitið efnir til morgunverðarfundar á Grand Hótel, þriðjudaginn 24. október 2006 frá kl. 8.30-10. Morgunmatur og skráning hefst kl. 8.00

Dagskrá

- **Vinnuverndarvikan 2006 – Örugg frá upphafi**
Fyrirlesari: Ása G. Ásgeirsdóttir, verkefnisstjóri vinnuverndarvinnunnar
- **Vinna ungs fólks með námi**
Fyrirlesari: fulltrúi Rannsóknna og greiningar
- **Ungir innflytjendur á vinnumarkaði**
Fyrirlesari: Gerður Gestdóttir, verkefnastjóri Alþjóðahúsi
- **Ungt fólk og vinnuslys**
Fyrirlesari: Kristinn Tómasson, yfirlæknir Vinnueftirlitsins
- **Komin á aldurinn!**
Fyrirlesari: Arngrímur Vídalín Stefánsson, nemi
- **Viðurkenningar veittar:** Fyrirtækjum fyrir gott fordæmi í vinnuvernd ungra starfsmanna og Verðlaunahöfum myndbanda- og veggspjaldakeppni barna og unglínga – örugg frá upphafi

Þátttaka er ókeypis. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku í síma 550-4600 eða á netfangið vinnuverndarvikan@ver.is. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Vinnueftirlitsins: www.vinnueftirlit.is.

Græni Krossinn



Sex mánaða fangavist:

Barði dyravörð með glasi

DÓMSMÁL Maður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í sex mánaða fangelsi, skilorðsbundið til þriggja ára, fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás. Hann sló dyravörð á Dubliners með glasi í hnakkann 2. október. Höggið var það þungt að glasið brotnaði.

Dyravörðurinn hlaut stóran skurð ofan við hægri eyra og fékk heilahristing. Hann kvað tilefni árársarinnar hafa verið það að hann hefði fengið ábendingu um að árársarmáðurinn væri að káfa á brjóstum erlendrar konu inni á skemmtistaðnum. Hann hefði því vísað gestinum út með ofangreindum afleiðingum. - jss



HELLISHEIÐIN HÆGARI Mun færri keyrðu of hratt eftir átakið.

Umferðarátakið Stopp:

Dregið hefur úr hraðakstri

UMFERÐ Umferðarátakið „Nú segjum við stopp“ virðið hafa borið góðan árangur því samkvæmt mælingum Vegagerðarinnar dró verulega úr hraðakstri í kjölfar þess.

Mælingar fóru fram á Hellisheiði, Árvöllum á Kjalarnesi, og Esjumelum, tveimur vikum áður en átakið hófst og tveimur vikum eftir að því lauk. Í ljós kom að þeim sem keyrðu hraðar en 110 km/klst fækkaði um 23,1 prósent á Hellisheiði, 23,5 prósent á Esjumelum, og 10,5 prósent á Kjalarnesi. - tg

Kaffistofa Samhjálp:

Skoða nýtt húsnæði

VELFERÐARMÁL Erfiðlega hefur gengið að finna kaffistofu Samhjálp nýjan samastað. Þar hefur fátækt fólk getað fengið



mat í 21 ár en daglega leita um 80 manns þangað. Samhjálp seldi húsnæðið fyrr á árinu vegna þrýstings frá skipulagsyfirvöldum og fyrirheiti frá borginni um að nýtt húsnæði yrði fundið í tæka tíð. Það hefur ekki gengið sem skyldi og segir Heiðar Guðnason forstöðumaður óvissuna hafa tekið á. Nýr eigandi hafi verið liðlegur en verði að fá húsnæðið mjög fljótlega.

„Við erum loksins að fara að skoða hús á mánudag og vonum hið besta,“ segir Heiðar. - kdk

Mannshvörf í Svíþjóð:

100 indverskir nemar horfnir

SVÍÞJÓÐ Eitt hundrad indverskir nemendur hafa horfið sporlaust í Svíþjóð. Þetta kom fram á fréttavef sænska blaðsins Dagens Nyheter í gær.

Ungmennin sóttu um leyfi til náms í Svíþjóð, en eftir að þau komu til landsins á síðustu vikum og mánuðum, hefur ekkert til þeirra spurst og fæst mættu á tilskyldum tíma í skólann.

Sænsk yfirvöld óttast að fólkið hafi greitt offjár til indverskrar umboðsskrifstofu sem hafi komið þeim inn í landið og að eigandi hennar hafi nú einnig horfið með féð í vasanum, en samtals höfðu nemarnir lagt út á milli 60.000 og 70.000 sænskar krónur.

Talið er að fólkið sé í felum í Svíþjóð eða öðrum Schengen-löndum. - smk

Lagt hefur verið hald á umtalsvert magn af kannabisefnum á þessu ári:

Ræktun kannabis fer að mestu fram hér

FÍKNIEFNI Umtalsvert meira magn af kannabislaufum og kannabisstönglum hefur verið gert upp-tækt á þessu ári, sé miðað við síðustu fimm ár á undan. Samtals hafa verið gerð upp-tæk tæp 20 kíló af kannabislaufum og rúmlega 7,5 kíló af kannabisstönglum.

Ásgeir Karlsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík, segir ljóst að marjúána sem fæst á Íslandi sé að mestu ræktað hér á landi.

„Við höfum ekki þá tilfinningu að þessi ræktun sé að aukast eitt-hvað sérstaklega. Það kæmi okkur ekki á óvart ef það færi fram stór-



UPPTÆK KANNABISEFNI

	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000
Hass (g)	28.388	20.772	36.945	54.968	57.564	46.858	26.630
Fræ (g)	4,8	123,7	62,98	64,15	198,35	24,52	17,5
Fræ (stk.)	0	15,9	428	857	408	330	940
Plöntur (stk.)	1.054	892	1.195	1.794	1.207	903	73
Marjúána (g)	2.277	4.832	2.373	3.362	1.439	1.215	5.094
Tóbaksbl. hass (g)	295	406	303	320	159	135	118
Kannabislauf (g)	19.858	11.139	1.756	9.875	3.607	0	-
Kannabisstönglar (g)	7.545	3.171	1.681	3.678	85,65	1,74	-

felld ræktun í iðnaðarhúsnæði, eins nýleg dæmi úr Hafnarfirði sýna. En marjúána, sem neytt er hér á landi, er að mestu leyti ræktað hér á landi.“


Lögreglan í Hafnarfirði lagði hald á 170 kannabisplöntur við hútleit í iðnaðarhúsnæði í suðurhluta Hafnarfjarðar, síðastliðinn sunnudag. Tveir menn voru handteknir

en þeim hefur báðum verið sleppt úr haldi lögreglu og telst málið að mestu upplýst. Sérsvait ríkislög-reglustjóra aðstoðaði lögregluna í Hafnarfirði við hútleitina. - mh



Verð frá

79.900 kr.



Rafdrifin skrifborð fyrir drífandi fólk

Í sýningarsal Pennans í Hallarmúla gefur að líta sérhæfðar lausnir fyrir skrifstofuna. Rafdrifin skrifborð úr T-línunni henta nútímafólki sem sækist eftir heilsusamlegri vinnuumhverfi. Skrifborðin hafa hæðarstillingu frá 62 sm til 127 sm. Þau eru einstaklega vinnuhvetjandi þar sem þau bjóða upp á fjölbreytilega líkamsbeitingu við vinnuna. Vertu velkomin(n) í heimsókn til okkar í Hallarmúla 4 og kynntu þér kosti T-línu skrifborðanna frá Kinnarps.

Penninn býður tvær gerðir rafdrifinna skrifborða í beyki á sérstöku tilboðsverði. Margar aðrar útfærslur fáanlegar.

Kinnarps

Penninn

Penninn Hallarmúla 4, sími 540 2000
penninn@penninn.is, www.penninn.is

„ORÐRÉTT“

Niðurlægjandi

„Kaup á vændi er alltaf ofbeldi og óhæfa, kvenfyrirlitning og niðurlægning.“

KARL SIGURBJÖRNSSON BISKUP LEYNIÐ EKKI SKOÐUN SINNI Á VÆNDI.

Fréttablaðið 21. október.

Hættuleg börn

„Fimmtán skólabörn geta verið gríðarlega öflugt vopn.“

ROBIN BROWN, LEIÐBEINANDI VIÐ GRUNNSKÓLA Í TEXAS, KENNIR BÖRNUNUM AÐ YFIRBUGA ÁRÁS-ARMENN.

Fréttablaðið 21. október.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? DÓRA TAKEFUSA FRAMKVÆMDASTÝRA:

Lætur biskupinn syngja

„Það er allt gott að fréttu og allt á fullu,“ segir Dóra Takefusa framkvæmdastýra. „Ég er á hlaupum við að vinna í alls konar verkefnum. Var niðri á Alþingi þar sem Steingrímur Jóð var filmaður um mæma eina setningu í væntanlegu lagi fyrir Unicef. Það verður opinberað með pompi og prakt 2. nóvember. Nú er ég á leiðinni upp á biskupsstofu þar sem Karl Sigurbjörnsson verður tekinn upp, þar sem hann syngur eina setningu í sama lagi. Það eru mikil hlaup í þessari vinnu og mikil stressdagar svo ég er stolt og glöð að hafa náð slatta af böndum á Airwaves.“



Það var virkilega gaman að sjá hvað er mikið í gangi og flóran breið. Það er alltaf gaman að kynnst nýjum böndum, bæði innlendum og erlendum. Svo ætla ég að skjóta mér til New York í lok vikunnar og taka langa helgi þar í borginni. Þetta verða mjög þéttir vinnudagar til jóla svo ég stefni að því að rumpa jólagjöfunum af á einu bretti. Það verður farið í Adidas-búðina og Toys 'R Us og hvað þetta heitir allt saman.“

BORAT:

BOÐIÐ TIL KASAKSTAN

Stjórnvöld í Kasakstan hafa loksins ákveðið að „hafa kímni-gáfu og virða réttinn til listrænnar tjáningar“. Þau hafa tekið Borat í sátt og hafa boðið honum til „heimalandsins“. Þar ætla Kasakar að sanna fyrir Borat að konur fái ekki bara að ferðast með strætó heldur keyri þær líka bifreiðar. Sigurinn er þó ekki unninn því samtök sígauna í Þýskalandi reyna nú að fá myndina bannaða þar í landi. „Við hringdum í dreifingaraðilann en hann hló bara að okkur,“ segir talsmaður Tataru. Myndin um Borat verður frumsýnd á Íslandi 3. nóvember.



nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL
LAUNAMUNUR KYNJANA



SIGRÍÐUR Á. ANDERSEN
Lögræðingur

Fleiri þættir
skipta
sköpum

„Þessi umræða kemur upp aftur og aftur en fátt nýtt kemur fram,“ segir Sigríður Andersen lögræðingur og frambjóðandi í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík, um nýjustu skýrslu félagsmálaráðherra um launamun kynjanna. „Ég dreg stórlega í efa þær ályktanir sem menn vilja draga af þessum könnunum. Gallinn við þær er að ekki er tekið tillit til allra þátta sem hafa áhrif á laun manna. Vissulega er reynt að taka tillit til helstu breyta eins og aldurs, starfsaldurs og menntunar. Það eru bara ótal fleiri þættir sem skipta sköpum, til dæmis hversu reiðubúið fólk er til að vinna yfirvinnu en það getur komið fram í dagvinnulaunum líka. Það er athyglisvert að samkvæmt skýrslunni hefur þessi meinti launamunur ekkert breyst í tólf ár, og það þrátt fyrir allar nefndirnar, átökin, stofurnar og alla jafnréttisfulltrúana sem hafa starfað á sama tíma. Þessi tólf ára stöðugleiki veitir ef til vill vísbendingu um að kynbundinn launamunur sé hverfandi þegar á allt er litið.“

Ljóð og dans í Öskjuhlíðinni

Keiluhöllin hefur verið starfandi í Öskjuhlíð frá árinu 1985. Nú standa yfir miklar framkvæmdir við höllina og er ætlunin að taka viðbótina í notkun í desember. Rúnar Fjeldsted og Víðir Finnbogason eru eigendur Keiluhallarinnar og segir Rúnar að fullkláruð verði höllin um þrjú þúsund fermetrar.

„Mottó Keiluhallarinnar er „heill heimur af skemmtun“,“ segir Rúnar. „Við erum að stækka húsið um rúmlega sjö hundruð fermetra og þar af fara sex hundruð undir afþreyingarstarfsemi, restin undir lager og vinnurými. Í dag erum við með átján keilubrautir en þær verða tuttugu og tvær. Veitingarýmið verður stækkað um fjögur hundruð fermetra. Þar verður bryddað upp á ýmsum nýjungum, sú helsta er að við verðum með hljómsveitarsvið og ætlum að bjóða upp á lifandi tónlist um helgar. Svo verður lögð mikil áhersla á enska boltann og aðra íþróttatengda atburði.“

Rúnar segir að ekki sé enn byrjað að bóka hljómsveitir. „Fyrir utan böll um helgar viljum við hafa eitthvað að gerast á hverju kvöldi og stefnum á að vera með listauppkomur á virkum dögum. Viljum þannig lyfta undir með listafólki af öllum toga og gefa því tækifæri til að koma fram. Þá er ég bæði að hugsa um tónlistarfólk og trúbadora, og svo líka myndlistarmenn og jafnvel bjóða upp á ljóðaupplestur – listina bara eins og hún leggur sig.“

Keiluhöllin er eini keilustaður landsins fyrir utan þrjár brautir í kjallara íþróttahússins á Akranesi. Keilusölunum í Mjóddinni og Keflavík var lokað fyrir nokkru. „Keilan er alltaf jafn vinsæl og



VÍÐIR FINNBOGASON OG RÚNAR FJELDSTED Í KEILUHÖLLINI MEÐ GUÐNA PÁLSSON ARKITEKT Á MILLI SÍN Þrjú þúsund fermetra skemmtiheimur opnar í Öskjuhlíðinni í desember.

það eru haldin á þriðja tug keilumóta hjá okkur á ári,“ segir Rúnar. „Öll keilufélög landsins eru svo með æfingar herna og þetta er vinsælt hjá miklu fleirum en þeim sem æfa reglulega.“

Fyrir utan stækkunina segir Rúnar mikla endurnýjun hafa átt sér stað á því sem fyrir var, t.d. séu nú komnir flatskjáir á allar keilubrautirnar. En það hafi ekki allveg gengið áfallalaust að stækka

Keiluhöllina. „Það gerðist í maí að þrjú hundruð tonna krani féll ofan á þakið á nýbyggingunni,“ segir Rúnar. „Það fór mikil vinna í að laga það en nú sjáum við loksins fyrir endann á þessu.“ - gth

Íslendingur bloggar fyrir Svía

Margrét Atladóttir er íslenskur blaðamaður sem vinnur hjá Aftonbladet í Svíþjóð. Hún skrifar um skemmtanalífið í Malmö á vefinn alltommalmo.se og bloggar um skemmtanalífið í Malmö.

„Ég er nýbyrjuð að blogga fyrir Aftonbladet, byrjaði fyrir tveimur dögum. Ég hef unnið á Aftonbladet í þrjár vikur. Okkur fannst vanta blogg um skemmtanalífið í Malmö þannig að ég byrjaði,“ segir hún.

„Við erum þrjú sem vinnum við heimasíðuna og svo gefur Aftonbladet út blað sem heitir Punkt se sem er fríblað. Við það vinna tíu blaðamenn þannig að við erum þrettán til fjórtán sem vinnum saman í Malmö.“

Margrét hefur bloggað frá því að hún var fimmtán ára eða í sex ár. Hún segir að lítið hafi verið um blogg til að byrja með og lesendur fáir en fyrir ári hafi hún byrjað að vinna á ókeypis mánað-



BLOGGAR Í SVÍÞJÓÐ Margrét Atladóttir bloggar um skemmtanalífið í Malmö. Hún var með kærastanum sínum á Iceland Airwaves um helgina.

arblaði sem heitir Nöjesguiden og þá hafi fleiri byrjað að lesa bloggið hennar.

Margrét var á Iceland Airwaves með kærastanum sínum, sem líka er blaðamaður, og var að

skrifa um tónleikana. Hún var búin að ákveða að fara á sænska bandið Love is All og ætlaði svo kannski að blogga um Iceland Airwaves. - ghs

ELDSTEIKTIR
HAMBORGARAR



www.somi.is

SÓMI

KOMDU ÞÉR Í BESTA FORM LÍFS ÞÍNS!

sími: 594 9666 - www.heilsuakademian.is

Heilsuakademían býður upp á landsins mesta úrval námskeiða!

Ný námskeið hefjast 30. október í Egilshöll.

Komdu þér í frábært form fyrir jólin.



heilsuakademían

Fólk á besta aldri

Fjölbreytt námskeið fyrir 60 ára og eldri.

Rope Yoga

Heildrænt heilsuræktarkerfi sem sameinar hug, líkama og sál.

Lífsstílnámskeið

Fyrir konur og karla. Fjölbreytt og persónuleg þjálfun.

Mömmuprek

Í form eftir barnsburð. Fjölbreyttar æfingar og góður félagsskapur.

Scifi

Scientific fighting. Scifi brennsla. Kali. Brasilískt jui-jitsu.

Dans

Dansskóli Birnu Björns: freestyle, jassballet, hip hop og söngleikjadans fyrir börn og unglina.

Fit-Pilates

Fit-Pilates þjálfar djúpvöðva líkamans án hamagangs.

Yoga

Meðgönguyoga.

Herþjálfun

Nýtt á Íslandi!

Sérútbúinn herþjálfunarvöllur innanhúss. Sérstök unglínganámskeið

Tarzan námskeið

Skemmtileg námskeið fyrir hressa krakka 5-12 ára á sérhönnuðum klifurvelli.


Eitt L.Í.F.

Námskeið fyrir börn og unglina yfir kjörþyngd.



SVONA ERUM VIÐ

> Fjöldi krafna um gjaldþrotaskipti einstaklinga



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: TILBOÐ TIL IÐNAÐARRÁÐHERRA UM TÍFÖLDUM ÚTFLUTNINGSTEKNA Í UPPLÝSINGATÆKNI:

Tilboðið passaði ekki inn hjá ríkinu

Samtök upplýsingatæknifyrirtækja gerðu iðnaðarráðherra tilboð með pomp og prakt á Iðnþingi 2005. Tilboðið gekk út á það að tífalda útflutningstekjur í upplýsingatækni úr fjórum milljörðum í fjórutíu milljarða og fjölga störfum um þrjú þúsund 2006-2010.

Hvernig átti að gera þetta?

Þessu markmiði átti að ná með því að auka sölu staðlaðra hugbúnaðarlausna og stórauka hýsingu erlendra aðila á Íslandi. Grundvöllurinn fyrir því að markmiðin næðust var meðal annars sá, að mati Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja, að ríkið kæmi til móts við fyrirtækin.

Hvernig gekk þetta?

Ekki nógu vel. Upplýsingatæknifyrirtækin



aetluðust til þess að ríkið legði sitt af mörkum og gerði samning við fyrirtækjin um hugbúnaðarþróun og hýsingu á grundvelli tilboðsins. Það gekk ekki upp og er það mat forystumanna samtakanna að tilboðið hefði ekki passað inn í ríkisgeirann. Verkefnið lágu ekki hjá einu ráðuneyti heldur mörgum og þess vegna virtist ekki hægt að gera neitt.

Hvaða máli skiptir þetta?

Samtök upplýsingatæknifyrirtækja telja að það sé hagkvæmast fyrir stofnanir, sem hafa innan við eitt stöðugildi í hugbúnaðarþróun eins og gildir reyndar um flestar opinberar stofnanir, að fela fyrirtækjum á almennum markaði að leysa þau verkefni sem um ræðir.

SPURT & SVARÐ

AUKIÐ VERSLUNARHÚSNÆÐI

Bæði kostir og gallar

Um 250 þúsund fermetrar af nýju verslunarhúsnæði eru nú á teikni- borðinu hérlendis samkvæmt mati sérfræðinga. Jóhannes Gunnarsson er formaður Neytenda- samtakanna.

Hvernig líst þér á þetta? „Bæði vel og illa. Það er ljóst að verslunarhúsnæði hér á landi miðað við íbúafjölda er talsvert mikið nú þegar, og það liggur auðvitað fyrir að fjárfesting í verslunarhúsnæði er í síðasta enda greidd af neytendum. Þannig að í sumum tilfellum getur þetta komið í bakið á neytendum. En við verðum líka að hafa það í huga að í sumum tilvikum eru nýjar verslanir – jafnvel verslunarkeðjur erlendis frá – að hasla sér völl og það getur skerpt á samkeppninni. Þannig að ég sé bæði kosti og ókosti.“

Sækir þú sjálfur stóru verslunarhúsin? „Ég geri nú ekki mikið af því. Ég fæ enga sérstaka ánægju af því að ráfa um stórar verslunarhallir með mörgum verslunum. Ég fer í ákveðnar verslanir vegna þess að mig vantar ákveðna hluti.“



JÓHANNES GUNNARSSON
Formaður
Neytendasamtakanna



ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK Gífurleg óánægja er meðal starfsmanna Alcan vegna uppsagna níu starfsmanna síðan í fyrravor. Þeir segja vegið að atvinnuöryggi sínu og tjáningarfrelsi.

Mikil óánægja með stjórnendum

Gífurleg ólga er meðal starfsmanna Alcan á Íslandi vegna fjölda uppsagna

hjá fyrirtækinu. Alls hefur níu manns verið sagt upp störfum frá því í fyrravor og nánast undantekningarlaust hefur verið um starfsmenn að ræða sem höfðu unnið hjá fyrirtækinu í marga áratugi og voru að nálgast eftirlaunaaldur.

Þeir menn, sem sagt hefur verið upp störfum hjá Alcan, halda því allir fram að engar haldbærar skýringar hafi verið gefnar á uppsögnum þeirra og að þær hafi verið framkvæmdar án nokkurs fyrirvara. Þegar þremur starfsmönnum í kringum sextugt með áratuga starfsreynslu var sagt upp störfum fyrr í þessum mánuði sauð loks upp úr. Alcan neitaði að tjá sig um ástæður uppsagnanna og fullyrti að mönnum hefði verið kynntar þær þegar þeir voru reknir.

Meðvituð hræðslustjórnun

Í kjölfar uppsagnanna sagði Gylfi Ingvarsson, aðaltrúnaðarmaður starfsmanna, við Fréttablaðið að stjórnendur Alcan væru meðvitað að skapa ástand óöryggis og óvissu meðal starfsmanna með hræðslustjórnun sinni og að slíkt væri gert með skipulögðum hætti. Bóðað var til starfsmannafundar fimmtudaginn 12. október vegna vaxandi ólgu meðal starfsmanna vegna óeðlilegra stjórnunarháttanna hjá fyrirtækinu og óánægju með uppsagnirnar. Á fundinn mættu um 300 manns af þeim rétt rúmlega 500 sem starfa hjá fyrirtækinu. Verkalýðsfélögin hafa sagt að þar hafi verið mættur nánast hver einasti starfsmaður sem á annað borð gat mætt og hafði til þess heimild.

Uppsagnirnar ógnun við starfsöryggi

Á fundinum var ályktun starfsmanna vegna uppsagnanna kynnt og þær sagðar auka enn á „óöryggi okkar varðandi atvinnuöryggi og tjáningarfrelsi.“ Í máli ræðumanna kom ítrekað fram að starfsmenn væru hræddir við að tjá sig um málefni vinnustaðar síns af ótta við að segja eitthvað sem stjórnendum fyrirtækisins þóknadist ekki og stefna þannig atvinnu sinni í hættu. Ályktunin var að lokum samþykkt einhljóma og staðfest með dynjandi lófaklappi.

Neita að starfsmenn séu óánægðir

Ályktunin var afhent Sigurði Þ. Ásgeirssyni, staðgengli forstjóra Alcan, að morgni föstudagsins 13. október. Trúnaðarráð fékk þau skilaboð á þeim fundi að málin yrðu rædd yfir helgina og næstu skref yrðu stigin í upphafi þessarar viku. Nokkrum klukkustundum síðar barst fjölmiðlum yfirlýsing frá stjórnendum Alcan þar sem fyrirtækið sagði fréttir um óánægju starfsmanna vera í andstöðu við „þær staðreyndir sem blasa við á vinnustaðnum,“ og vísuðu þar til rannsóknna á starfsánægju starfsmanna sinna. Þar var því einnig neitað að illa hafi verið staðið að uppsögnum án þess að neinar frekari skýringar væru gefnar á þeim.

Hrannar Pétursson, upplýsinga- fulltrúi Alcan, sagði stuttu síðar í samtali við Fréttablaðið að með þessari yfirlýsingu væri málinu lokið af hálfu stjórnar fyrirtækisins. Hann sagði við sama tækifæri að ekki stæði til að skoða starfs- hætti þeirra stjórnenda sem talsmenn starfsmanna hefðu lýst hvað mestri óánægju með sérstaklega.

Málinu ekki lokið

Trúnaðarráði barst ekki yfirlýsingin fyrr en nokkrum klukku-

Kannanir gefa ranga mynd

Starfsmenn Alcan og trúnaðarráð segja að starfsánægjukannanir fyrirtækisins séu ekki marktækar þar sem spurningar þeirra séu leiðandi og að starfsmenn séu hræddir við að svara þeim af hreinskilni vegna ótta við að rekja megi svörin aftur til þeirra. Þá hefur margsinnis verið bent á að óánægjan beinist hvorki gegn fyrirtækinu sjálfu né starfsaðstæðum heldur gegn stjórnunarháttum núverandi yfirmanna þess. Því gefi þær kannanir sem fyrirtækið vísi í alranga mynd af ástandinu innan veggja álversins.

stundum síðar og kom hún þeim í opna skjöldu, enda í miklu ósamræmi við þau skilaboð sem ráðið hafði fengið fyrr um daginn. Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, sagði í kjölfarið að málinu væri alls ekki lokið af þeirra hálfu. Svar Alcan kæmi ekki á nokkurn hátt til móts við þær athugasemdir sem starfsmenn hefðu sett fram. Hann sagði að ályktunin, auk annarra gagna sem tengd eru málinu, yrði í framhaldinu þýdd yfir á ensku og frönsku og send yfirstjórn Alcan í Kanada fyrst að ekki væri vilji til að leysa málið hjá stjórnendum hérlendis. Stjórnendur Alcan hafa ítrekað neitað að tjá sig um áskanir á þeirra hendur að öðru leyti en að hafna þeim algerlega.



FRÉTTASKÝRING

ÞÓRUNN SNÆR JÚLÍUSSON
thorunn@frettabladid.is

SPLÚNKUNÝ PLATA!

ROBBIE WILLIAMS
RUDEBOY

Sendu SMS skeytið **JA RWF** á númerið **1900** og þú gætir unnið eintaki!
Vinningar eru Rudebox geislaplötun, 9 Jafnabréf frá Tónlist.is, fullt af öðrum geislaplötum og margt fleira

9
HVER VINNUR!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kopavogur. Þú getur tekið þessum vinningi í SMS klúbb, 99 kr/skeytið.

Tilboðsdagar Vatnsvirkjans!

Hreinlætistæki með miklum afslætti í verslunum Vatnsvirkjans.
Komdu og gerðu góð kaup - tilboðin gilda meðan birgðir endast!



Vatnsvirkinn hefur verið leiðandi
í sölu á hreinlætistækjum í
ríflega 50 ár!



VATNSVIRKINN

Fundur sjálfstæðisflokksins í Valhöll:

Staða Björns

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Skilaboð Geirs H. Haarde, formanns Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra, á fundi í Valhöll á laugardaginn voru skýr. Forysta flokksins væri samstíga og aðförin að Birni Bjarnasyni dómismálaráðherra í tengslum við hlerunarmálið svokallaða væri ógeðfellið. Það læddist að honum sá grunur að óþrúttir aðilar stæðu þarna að baki vegna komandi prófkjörs.

„Við látum það ekki viðgangast og allra síst gagnvart einhverjum traustasta þingmanni og ráðherra sem flokkurinn hefur haft í sínum rögum á seinni árum. Ég segi það fyrir mig að við látum það ekki gerast og ég vona að þið takið undir það með mér,“ sagði Geir.

Formaður Sjálfstæðisflokksins sagði jafnframt að hann væri þakklátur Birni fyrir samstarf þeirra í varnarviðræðum milli Íslands og Bandaríkjanna. Það væri fjarstæða að gengið hefði verið framhjá honum eins og Óssur Skarphéðinsson hefur haldið fram. „Okkar samstarf um þessi mál hefur verið óaðfínanlegt og mjög traust.“

Þessi afdráttarlausa yfirlýsing Geirs H. Haarde ætti að þagga niður í samsærissmíðum sem hafa viljað láta líta út fyrir að Björn Bjarnason sé einangraður í þingliði Sjálfstæðisflokksins. Hún er til marks um það að óeining í forystunni sé úr sögunni og formaðurinn stendur sterkari eftir. Hans hlutverk er að halda samstöðu meðal flokksmanna.

Þá höfðu hrið sem hefur verið gerð að Birni Bjarnasyni má rekja til þess hversu fyrirferðarmikill hann er í stjórnmálaumræðunni. Það er því í sjálfu sér ekki neikvætt að sótt sé að honum. Hann setur fram raunverulegar hugmyndir sem hljóta umræðu meðal almennings og í fjölmiðlum. Það er meira en margur stjórnmálamaður getur sagt.

Hins vegar er ástæða fyrir Björn að íhuga af hverju hann mætir þessari miklu andstöðu. Í þjóðarpúlsi Gallup nýlega var hann sagður óvinsælasti ráðherrann! Það er eitthvað í fari ráðherrans sem fólki líkar ekki við. Eða er fólk orðið það skyni skroppið að það áttar sig ekki á hvaða málefni skiptir það raunverulegu máli? Þeir sem fari með innantómt blaður í fjölmiðlum uppskeri frekar vinsældir.

Í tíð sinni sem menntamálaráðherra beitti Björn sér fyrir byltingu í skólamálu. Íslendingar njóta nú framsýni hans í fjölbreyttara skólastarfi, sérstaklega á háskólastigi. Við erum betur í stakk búin til að mæta auknum kröfum um vel menntað starfsfólk til að leiða framsækið atvinnulíf. Hann vann traust skólafólks þrátt fyrir að sú stétt sé þekkt fyrir annað en að aðhyllast stefnu Sjálfstæðisflokksins.

Björn þorir líka að taka pólitíska áhættu. Það sýndi sig í því að hann yfirgaf stól menntamálaráðherra til að vinna fyrir Sjálfstæðisflokkin í borgarstjórnarkosningum 2002. Þær kosningar fóru illa enda Ingibjörg Sólrún Gísladóttir gríðarlega farsæl í starfi borgarstjóra. Þeir sem nú honum þessu nú um nasir ættu sjálfir að líta í eigin barm og spyrja hvort þeir hefðu tekið sömu pólitísku áhættu.

Það var gert grín að Birni þegar hann fjallaði um nauðsyn þess að Íslendingar tækju meiri þátt í að tryggja öryggi þjóðarinnar. Eftir að hann varð dómismálaráðherra hélt hann þessari umfjöllun áfram. Hann beitti sér fyrir nýskipan lögglumála, Landhelgisgæslu Íslands og samþæfingu björgunaraðila á Íslandi. Sú framsýni gerði það að verkum að þegar varnarliðið hvarf óvænt af landi brott voru íslensk stjórnvöld mun betur í stakk búin til að takast á við öryggishlutverk sitt.

Björn Bjarnason hefur sýnt að hann er fullfær um að verja sín verk sjálfur og tekur óhikað erfða pólitíska slagi. Yfirlýsing formanns Sjálfstæðisflokksins sýnir að hann vill hafa slíkan mann í forystu flokksins í næstu alþingiskosningum. Hvort almennir flokks-

FRÁ DEGI TIL DAGS

Pólitískar játningar

„Jóhanna ætlar að bjóða sig fram í 2. - 3. sæti í prófkjörinu, og ég hef ákveðið að gera það líka. Flokkurinn gerir þá upp við sig, hvort okkar hann vill að leiði annan Reykjavíkurlistann. Ég get vel unnt Jóhönnu góðs árangurs í slagnum, og átökin á milli okkar núna verða örugglega ekki eins hatrómm og í fyrri prófkjörum. Það er alveg á tæru að Jóhanna hefur einlægán stuðning minn í þriðja sætið - enda tel ég Samfylkingunni nauðsyn að hafa manneskjuna eins og hana í fremstu röð,“ segir Óssur Skarphéðinsson á heimasíðu sinni og sýnir mikið blíðlyndi að styðja



keppniskonuna Jóhönnu í þriðja sætið.

Pólitísk samstaða

Fyrir helgi bar það til tíðinda í stjórnerfi Hafnarfjarðar, þar sem Samfylkingin hefur töglín og hagldirnar, að í Umhverfisstofnu / staðardagskrá 21 var bókað sérstaklega að fagna bæri því að Hvalur hf. hefði að nýju hafið hvalveiðar. Allir þekkja efasemdir núverandi umhverfisráðherra, framsóknarkonunnar Jónína Bjartmarz, um gagnsemi hvalveiða fyrir þjóðina. En Samfylkingin efast ekki og líklega má telja að hin hafnirska umhverfisstofna sé sú eina sinnar tegundar á heimsvísu sem fagnar hvalveiðum sérstaklega.



Pólitískir merkimiðar

Silfur Egils getur verið mikilvægur vettvangur fyrir nýgræðinga í pólitík til að vekja á sér athygli. Í gær mátti sjá Helgu Völu Helgadóttur, Sigríði Andersen og Glúm Jóns Baldvínsson spreyta sig fyrir komandi prófkjör. Pólitískir merkimiðar eru auðvitað vinsælir og spurði Egill hvort þau skilgreindu sig til vinstri eða hægri. Konurnar svöruðu skýrt; Helga skilgreindi sig til vinstri og Sigríður til hægri. Glúmur var í einhverjum vandræðum með þetta, þrátt fyrir að tala eins og sósíalisti allan þáttinn, og sagðist vera til hægri þegar kæmi að „markaðnum“ og vinstri þegar kæmi að „samfélaginu“. Hvernig stjórnmálafyrirgjöringurinn aðskilur markaðinn frá samfélaginu verður hann að útskýra betur. bjorgvin@frettabladid.is

Einar Hvalur Guðfinnsson

Fyrir nokkrum árum var ég fenginn til skrifa um vísindaveiðar okkar á hvöllum í bandaríska dagblaðið New York Newsday. Greinin hét „Whaling and Wailing“ (Veiðar og væl) þegar hún kvaddi tölvu mína en birtist í blaðinu undir þeim frábæra titli „Let The Icelanders Be Free“. Í stuttu máli sagði ég Bandaríkjamönnum að slappa af; hvalastofnarnir þyldu veiðarnar og við þyrftum að kíkja í hvalsmaga. Verið ekki svona viðkvæmir. Hvalir eru skepnur, ekki skurðgöð.



HALLGRÍMUR HELGASON Í DAG | Hvalveiðar

Það var auðvitað eins og að tala við tré.

Allar götur síðan hef ég verið aufúsgestur í sendiráðum okkar víða um heim og þegið skjall í eyra frá sjávarútvegsmönnum, jafnvel fyrrum ráðherrum. „Þessi grein var akkúrat það sem við þyrftum á að halda í baráttunni.“

Ég er enn þeirrar skoðunar að hvalveiðar eigi rétt á sér á meðan ekki er um rányrkju að ræða.

Hræsniskotið náttúrusnobb, hugsa ég þegar ég heyri fólk syrgja hvali með munninn fullan af kjúklingi. Gallinn er hinsvegar bara sá að það borðar enginn hval lengur. Jafnvel orðið „hvalreki“ hefur glatað merkingu sinni; nú þýðir það bara vond lykt og vesen.

„Mínir menn“ í ráðuneytinu og utanríkisþjónustunni reyna nú hvað þeir geta til að sannfæra landið og heiminn um réttmæti ákvörðunar sinnar. Og því meira sem maður heyrir, því meiri vonbrigði.

Fyrir svo stóra ákvörðun þarf stærri ástæður en einn skitinn hvalbát úr slipp Þjóðmínjasafnsins og löngun hans til að halda til veiða á ný. „Hvalveiðar í atvinnuskyni“? Hvaða atvinna? Stóriðja er atvinnuvegur en sjálfsgaþ þarf heila öld og hálf kjarnorkustríð áður en hvalveiðar verða alvöru

atvinnuvegur. Enn hefur t.d. ekki tekist að benda á markaði fyrir afurðirnar. Það sem hefur komist næst því eru orð Kristjáns Loftssonar um að meint markaðsleysi sé bara kjaftæði. Sú saga heyrir að í opinberri heimsókn til Japans hafi fyrrum forsætisráðherra spurð Kozumi hvort hann vildi ekki kaupa hvalkjöt. Japanski forsætisráðherrann á að hafa svarað með því að ganga út að glugga og segja: „We have great problems with traffic in Tokyo“.

Hér er ekki verið að opna fyrir neinn alvöru atvinnuveg. Hér er ekkert þjóðþrifamál á ferð heldur aðeins gamaldags þjóðernisstolt: Síðasta herhvött karlrembunnar. Að horfa á eftir hálfskökkum ryðkláfi skrölda út á Faxaflóa undir dynjandi lófataki var jafn afsúrd og ef menn í víkingaklæðum hefðu komið saman á bakkanum framan við Fjórukrána til að kveðja víkingaskipið Íslending „sem heldur nú fullmannað austur um haf til að herja á land og annað“. „Það er réttur okkar Íslendinga að leggjast í víking líkt og forfeður okkar gerðu!“

Hvaða önnur atvinnugrein gæti hafið starfsemi á ný eftir sautján ára hlé og notað sömu gömlu verkfærin? Össur af stað á ný með sög og þjöl að vopni? KB banki tekur fram gömlu göðu vasatölvurnar?

Kannski var hugmyndin bara sú að kalla þetta „frumbyggjaveiðar“.

Hvalur 9 komst enda vart út fyrir hafnargarð fyrsta daginn. Þá fór rafmagnið. Um kvöldið var bein útsending úr gömlu hvalstöðinni í Hvalfirði þar sem menn voru á fullu að gera klárt fyrir fyrsta hval. Daginn eftir kom í ljós að stöðina skorti leyfi til matvælaframleiðslu. Daginn þar á eftir viðurkennið svo sjávarútvegsráðherra, Einar K. Guðfinnsson, að lagaumhverfi hvalveiða væri úrelt og „ekki hefði gefist tími til að koma því í lag áður en veiðarnar hófust“. Samt hafði ráðherrann ekki nema sautján ár til að undirbúa ákvörðun sína!

Ákvörðun sem er heldur engin smá ákvörðun. Ákvörðun sem vekur upp Íslandsandúð um allan heim. Og er hér komið að kjarna málsins: Jafnvel við sem vorum (áður en við horfðum upp á ruglið) hlýnt hvalveiðum hljótu að viðurkenna að óviturlegt sé að hefja þær nú. Við verðum að viðurkenna að almenningsálit heimsins er einfaldlega meiri tekjulind en nú óseljanleg stórhveli dregin á land. Og hver má svo veiða þessa níu hvali? Allir, segir ráðherrann. Yeah, right, segi ég. Afhverju var ekkert talað um leyfi? Afhverju var ákvörðunin ekki auglýst? Afhverju var Kristján Loftsson einn mættur á gíkkinn þegar ráðherrann tilkynnti að nú mætti skjóta?

Hér er farið með þjóðargagsmuni af mikilli léttúð. Ráðherra gefur sér ekki tíma til undirbúa sína stærstu ákvörðun. Vinnubrögð hans í málinu eru gamaldags amatörismi, hagsmunarekstur í stíl við Sjálfstæðisflokk síðustu aldar. „Bíddu bara, við reddum þessu.“ Og þegar mönnum verður hugsað til meintra milljarðaeigna Kristjáns Loftssonar vaknar enn og aftur krafan um að fjárreiður stjórnmálaflokkanna verði gerðar opinberar.

Ómarktækur umhverfisráðherra

UMRÆÐAN

Hvalveiðar

Yfirlýsingar Jónínu Bjartmarz umhverfisráðherra í fjölmiðlum, vegna þess að Íslendingar hefja nú atvinnuhvalveiðar á nýjan leik eru fádæma klaufalegar og lýsa botnlausri hrænsni. Það er fyrir neðan allar hellur að ráðherra í ríkisstjórn Íslands skuli láta svona lagað frá sér fara rétt eftir að heimsbyggðinni hefur verið tilkynnt að einhugur ríki í sömu ríkisstjórn um að hefja atvinnuhvalveiðar á nýjan leik eftir um tuttugu ára hlé. Ráðherrann kemur hér í bakið á ríkisstjórninni og öllum þeim sem vilja hefja hvalveiðar á nýjan leik. Þannig opnar hún óþarfa tækifæri fyrir andstæðinga hvalveiða og grefur undan þjóðargagsmunum og góðum málstað Íslands út á við. Ráðherrann virðist ekki hafa þorað að skýra frá efasemdum sínum við ríkisstjórnina þegar málið var rætt þar og ákvörðun tekin. Ráðherrann lét sig svo vanta á Alþingi þegar umræður um ummæli hennar fóru fram í upphafi þingfundar í liðinni viku, þrátt fyrir að hafa verið látin vita af því hvað til stæði með göðum fyrirvara. Hér fer ráðherra sem þykist vilja tala um ímynd Íslands í umhverfismálum, en gerir það helst ekki nema á eintali við fréttamenn.



MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON

Þessi sami ráðherra greiddi virkjanafurkvæmdum á Austurlandi atkvæði sitt þegjandi og

möglunarlaust þann 8. apríl árið 2002, og hefur aldrei síðan að ég best veit gagnrýnt þær framkvæmdir. Þarna var farið út í mestu náttúruspjöll Íslandssögunnar. Óafturkræfar framkvæmdir sem vakið hafa heimsathygli og sætt mikilli gagnrýni og deilum sem klofið hafa þjóðina. Nú kys þessi ráðherra og alþingismaður að reyna að slá sig til riddara með því að ráðast á hvalveiðarnar og segir í viðtali við RÚV að hún „telji að þetta geti skaðað ímynd Íslands út á við í alþjóðasamfélaginu, ímynd okkar í umhverfislegu tilliti“. Heyr á endemi! Hvað segir frúin þá um framkvæmdirnar sem hún studdi við Kárahnjúka? Hvalveiðarnar eru sjálfbær og mjög varfærnisleg nýting úr endurnýjanlegum dýrastofnum, og skaða ekki náttúruna á neinn hátt. Þær eru ekki óafturkræf náttúruspjöll eins og virkjanafurkvæmdirnar sem Jónína Bjartmarz og félagar hennar í Framsókn eru svo hrifin af. Nei, – Jónína Bjartmarz ætti að segja af sér sem ráðherra fyrst hún er svona óánægð með fullkomlega löglega ákvörðun ríkisstjórnarinnar og Alþingis. Um leið ætti hún að harna framkvæmdirnar við Kárahnjúka og biðja þjóðina fyrirgefningar fyrir að hafa gefið samþykki sitt fyrir þeim sem fulltrúi á löggjafarþingi þjóðarinnar. Fyrr en þetta gerist, þá tek ég ekkert mark á henni varðandi afstöðu hennar til hvalveiða.

Höfundur er alþingismaður Frjálslynda flokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson AÐSTODARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Aukaferð til Dublin

27. október

Hotel Mespil

44.900 kr.

Bókaðu strax á www.plusferdir.is

Dublin



Verð á mann m.v. 2 í 3 nætur. Millient á Akureyri. Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í 3 nætur og íslensk fararstjórn.

Plusferdir - Lág múla 4 - 105 Reykjavík - Sími 535 2100

plús
FERÐIR

www.plusferdir.is

EKKI RUGLA BRÉF-
BERANN Í RÍMINU

Vel merkt hús
með rúmgóðum
póstkössum
skipta miklu máli

HÚS 4

19A

allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNASÖLUR

Ás	22 - 24
Ásbyrgi	9
Árborgir	19
Draumahús	12 - 13
104,3 fm 4ra herbergja endaíbúð á 2. hæð með suðaustursvölum og ágætu útsýni. Virkilega falleg og vel skipulögð íbúð. **Eddi s. 530 1806**

Álfholt - 220 Hfj



16.500.000

66,5 fm 2ja herbergja íbúð á 3 hæð með góðu útsýni, á rólegum á nýja holti í Hafnarfirði. **Bóas s. 699 6165**

Vesturberg - 111 Rvk



12.900.000

59,8 fm 2ja herb. íbúð á 4. hæð með fráb. útsýni og þv.hús innan íbúðar. Húsið er gott, klætt að hluta. GÓÐ FYRSTU KAUP. **Eddi s. 530 1806.**

3ja herbergja

Breiðavík - 112 Rvk



21.900.000

101 fm 3. herb. íbúð með sérinnangi á 2. hæð. Rúmgóð íbúð í hinu vinsæla Víkurhverfi í Grafarvogi. Einungis 2 íbúðir á hæðinni. **Sigurður s. 530 1809**

Flétturimi - 112 Rvk



21.900.000

Falleg 3ja herb. 93,2 fm íbúð á 2. hæð með sérinnangi ásamt 4,7 fm geymslu á jarðh., samt. 97,9 fm í falllegu fjölbýli við Flétturima. **Helgi Már s. 530 1808**

Flétturimi - 112 Rvk



20.900.000

Falleg 94 fm, 3. herbergja íbúð á jarðhæð með sólpalli og stæði í bílageymslu. Snyrtileg eign og rúmgóð. **Sigurður s. 530-1809**

Langholtsvegur - 104 Rvk



19.000.000

Skemmtileg og sjarmerandi 3ja herb., 78 fm íbúð með sérinnangi á frábærum stað. Íbúðin er í 4ra íbúða húsi. **Sigurður s. 530 1809**

Draumahús

Sértilboð á 2ja herbergja og minni

Söluþóknun óháð verði eignar

Ýmis söluþóknunargjöld

(t.d. skoðunargjald, umsýslukostnaður ofl.)

Fast verð án vsk

Vsk (24,5%)

Samtals

Verð miðast við einkasölu

Rað- og parhús

Búagrund - 116 Rvk



21.900.000

3ja herb. 88 fm parhús á einni hæð. Fallegt, nýlegt og vel um gengið hús með góðum gólfefnum og uppteknum loftum. **Óli s. 530 1812**

Haðarstígur - 101 Rvk



39.900.000

Virkilega sjarmerandi 133,8 fm parhús á frábærum stað í Þingholtunum. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð. **Þórarinn s. 530 1811**

Flétturimi - 112 Rvk



20.900.000

Falleg 94 fm, 3. herbergja íbúð á jarðhæð með sólpalli og stæði í bílageymslu. Snyrtileg eign og rúmgóð. **Sigurður s. 530-1809**

Langholtsvegur - 104 Rvk



19.000.000

Skemmtileg og sjarmerandi 3ja herb., 78 fm íbúð með sérinnangi á frábærum stað. Íbúðin er í 4ra íbúða húsi. **Sigurður s. 530 1809**

Kórsalir - 201 Kóp



23.900.000

Falleg 3ja herbergja 108,8 fm (þ.a. 8,7 fm geymsla) íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. **Þórarinn s. 530 1811**

 **Póstkort** í hverfið eykur líkur á góðri sölu, því **nágrannarnir** eru góðir sölumenn!

Ásland - 270 Mos



44.900.000

130,1 fm 4 herb. parhús á 2 hæðum í litlu fjölbýli ásamt 2ja herb. 79,6 fm íbúð á jarðh. og 32,6 fm bílskúr samt. 242,3 fm. **Helgi Már s. 530 1808**

Hljóðalind - 201 Kóp



41.500.000

144,2 fm. 4ra til 5 herb. endaraðh. í á einni hæð með innb. bílskúr. Húsið er steinað að utan með 2 sólpöllum og snyrtilegum garði. **Eddi s. 530 1806**

530 1800 Mörkinni 4 / 530 1820 Strandgötu 41



Helgi Már Karlsson
helgimar@draumahus.is
sölumaður/ljósmyndari



Hlín Hlöðversdóttir
hlin@draumahus.is
ritari



Margrét B. Eiríksdóttir
greta@draumahus.is
ritari



Bóas R. Bóasson
boas@draumahus.is
sölumaður

Við erum einnig á
Business City Guide í samvinnu við
TIMES ONLINE í London

Opið hús

Naustabryggja 2, 1. hæð - 110 Rvk

Opið hús í dag kl. 17:00 - 19:00



25.900.000 Laus strax

106 fm 1 rúmgóð stofa og 2 herbergi. 3ja herbergja íbúð í Bryggjuhverfinu í Reykjavík. Stæði í bilageymslu. Sérverönd. Nær viðhaldsfrítt hús. Glæsileg íbúð, tilvalin fyrir fólk sem vill minnka við sig. **Benjamín og Eva taka á mótí gestum.**

Opið hús

Móabaráð 4B - 220 Hfj

Opið hús í dag kl. 17:30 - 18:30



39.900.000

195,2 fm 4-5 herb. einbýlishús á tveim hæðum þar af 30,7 fm bílskúr. Góð ca 70 fm 2ja herb. íbúð í leigu í kjallara hússins (ath. innifalin í heildarfermetrafjöldi.) Eign á rólegum stað í Hafnarfirði þar sem stutt er í skóla. **Bóas sölumaður Draumahúsa tekur á mótí gestum s. 699 6165.**

Draumaeign

Lautasmári - 201 Kóp



26.900.000

Falleg og vel staðsett 4ra herbergja, 118,6 m² íbúð á 1. hæð í góðu húsi í Smáranum, á frábærum stað í Kópavogi, miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. **Stefanía s. 530 1805**

Draumaeign

Furugerði - 108 Rvk



25.900.000 EIGNIN ER LAUS

TIL SÖLU EÐA LEIGU 93,4 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð, auk ca 8-9 fm sérgeymslu í kjallara, með suðursvölum og fallegu útsýni á mjög góðum stað. **Eddi s. 530 1806**

Draumaeign

Grundarhvarf - 203 Kóp



85.000.000

Fallegt einbýlishús á tveimur hæðum með tvöföldum bílskúr og aukaíbúð. Ca. 350 fm og þar af 61 fm bílskúr og 90 fm, 3ja herbergja íbúð. Húsið er í Vatnsendahverfi í Kópavogi með fallegu útsýni norður til Esjunnar og suður að Helgils svæði. **Sigurður s. 530 1809**

Draumaeign

Heiðnaberg - 111 Rvk



42.000.000 ERU AÐ LEITA Í HVERFINU, SKIPTI MÖGULEG.

201,9 fm 6 herb. raðhús við botnlanga með bílskúr. Góð bílastæði, fallegur garður með potti og palli, leiksvæði fyrir börn og stutt í skóla. Brunabótamat + lóðamat = 32.630.000. **Eddi s. 530 1806**

Einbýli

Ekrumári - 201 Kóp



54.800.000

213,9 fm 7 herbergja einbýlishús (þar af 33,2 fm bílskúr) í lokuðum botnlanga á eftirsóttum stað í Kópavogi. Frábært útsýni. **Stefanía s. 530 1805**

Vitastígur - 101 Rvk



23.900.000 EINBÝLI Í MIÐBÆNUM

Gott 92,7 fm einbýli á tveimur hæðum og kjallari í miðbænum með auka íbúð og sér bílastæð. **Óli s. 530-1812**

Sumarhús

Dvergahraun - 801 Sel



19.900.000

102 fm 4 herb. heilsárshús á steiptum grunni með gólfhita. 6700 fm kjarri og kjallari í miðbænum með auka íbúð fm verönd. **Helgi Már s. 530 1808**

Berjabraut - Háls í Kjós



6.000.000

Nýtt 100 fm 4ra herb.ósamsett heilsárshús á 2 hæðum. Athugið að hægt er að kaupa húsið samsett og fullbúið fyrir 20.000.000. **Bóas s. 699 6165**

Atvinnuhúsnæði

Laufbrekka - 200 Kóp



Seld

345,5 fm iðnaðarhúsnæði auk ca 50 fm vörulofts með ca 4 m háum innkeyrsludryrum, 3 skrifstofum, matsal og fundarsal. **Eddi s. 530 1800**

Alltaf föst lág
sölupóknun

Yfir 370 eignir á www.draumahus.is



Hússtjórnarskólinn í Reykjavík er einstaklega glæsilegur og ævintýrlegur staður til að stunda nám.

FRÉTTABLAÐID/HEIDA



Nemendum skólans ætti ekki að leiðast að sitja þarna og spjalla eða dunda við handvinnuna.

Húsgögnin hvaðanæva að

Við Sólvallagötuna er Hússtjórnarskólinn í Reykjavík til húsa.

Hússtjórnarskólinn í Reykjavík er starfræktur í einu af fallestri húsum Reykjavíkur við Sólvallagötuna. Hann var stofnaður árið 1941, en ári á undan var kosin nefnd af Bandalagi kvenna í Reykjavík til að hafa forystu um stofnun húsmæðraskóla í Reykjavík. Bandalag kvenna í Reykjavík stóð fyrir fjársöfnun til að fjármagna stofnun skólans og safnaðist fyrir helmingi kaupverðs húseignarinnar á Sólvallagötu 12, en kaupverðið var eitthundrað þúsund krónur. Húsgögn skólans komu víða að, en fyrirtæki og einkaðilar gáfu skólanum húsgögn og aðra innanhúsmuni.

Skólastarf gat ekki hafist strax um haustið, eins og áætlað var, þar sem viðgerðir á húsinu tóku langan tíma. Því hófst skóla-

starfið ekki fyrr en í febrúar 1942. Fyrsti skólastjórinn var frú Hulda Stefánsdóttir.

Viðbygging var tekin í notkun árið 1950 og stækkaði þá handvinnustofan og var eldhús á neðri hæðinni þar sem matreiðslukennsla fór fram á daginn; var það kallað dagdeild. Þetta húsnæði er nú notað fyrir vefstofu. Þegar mest var í skólanum voru 48 nemar á heimavist, 20 nemar í dagskóla og einnig voru kvöldnámskeið í gangi. Námið tók þá einn vetur. Skólinn hefur verið með ýmis námskeið í gegnum tíðina t.d. í vefnaði, saumum, matreiðslu og jurttalun svo nokkuð sé nefnt. Í dag er námið ein önn og er kennt fyrir og eftir áramót. Saumanámskeið eru í janúar og febrúar og til stendur að hafa matreiðslunámskeið á svipuðum tíma. Skólinn er í dag rekinn sem sjálfeignarstofnun af Bandalagi kvenna í Reykjavík og skólastjóri er Margrét D. Sigfúsdóttir.

-heimild www.husstjornarskolinn.is



Skólinn lítur frekar út fyrir að vera heimili en skóli, enda er þar rekin heimavist þar sem 15 nemendur geta búið.



Skrautmunir í hillum gera umhverfið notalegt.



Matsalurinn gæti allt eins verið finnn veitingastaður.



Stigangurinn er sérstaklega glæsilegur.



Horft niður á fyrstu hæðina.

neteign.is

Pverholti 14 • 105 Reykjavík

Sími: 595 9090

Lögmat ehf. - lögmannsþjónusta

Björn Danielsson, héraðsdómslögmaður og löggiltur fasteignasali

159.900kr.

auk vsk. samtals 199.076 kr.

það gerist varla lægra
föst lág sölubóknun

Fífusel í Reykjavík

GÓÐ LÁN



NÝTT



Glæsileg 4ra herbergja íbúð, alls 107 fm á 2. hæð í litlu fjölbýlishúsi ásamt 27 fm stæði í bílskýli, samtals 134 fm. Íbúðin er mikið endurnýjuð og mjög skemmtilega skipulögð. Sameign er mjög snyrtileg og hús nýlega málað. Barnvænt hverfi og stutt er í alla almenna þjónustu s.s. leik- og grunnskóla og í Mjóddina. Verð 21,9 millj.

Goðaborgir í Reykjavík

LÆKKAD VERÐ



Glæsileg 4ra herbergja 98 fm íbúð á 2. hæð með sérinnngangi í litlu fjölbýli. Nýlegt parket og flísar á gólfum. Björt og rúmgóð stofa. Eldhús er með nýrri innréttingu. Baðherbergi hefur verið endurnýjað, tengi f. þvottavél. Nýjar hurðir eru í íbúðinni. Húsið var málað s.l. sumar. Eignin er afar mikið endurnýjuð. Góð staðsetning og stutt í alla almenna þjónustu Verð 24,5 millj.

Brekkuhlíð í Hafnarfirði

NÝTT



Glæsilegt 5 herb. parhús, alls 201 fm. Innif. í fnt. 36 fm bílskúr. Stór sólpallur. Vel gróin og falleg lóð. Stutt í alla almenna þjónustu. Verð 51,5 millj.

Breiðavík í Reykjavík

LAUS FLJÓTLEGA



NÝTT



Mjög falleg 4ra herbergja íbúð, 99 fm á jarðhæð með sérinnngangi, auk 21 fm bílskúrs. Stofa og eldhús er samliggjandi rými. Svefnherb. rúmgóð. Í baðherb. er nýleg innrétting, sturtuklefi og baðkar. Parket og flísar á gólfum. Geymsla er inn af bílskúr. Sólpallur í garði. Stutt í alla þjónustu. 4,15% áhv. lán c.a. 18,2 m. Verð 26,7 millj.

Breiðavík í Reykjavík

LAUS STRAX



LÆKKAD VERÐ



Falleg 99 fm 4ra herb. íbúð á jarðh. með sérinnngangi í litlu fjölbýli. Stofa er björt, eldhús opið inn í stofu. Svefnherb. mjög rúmgóð. Baðherb. með baðkari, sturtu, innréttingu og tengi f. þvottavél. Sólpallur í garði. Sér geymsla. Góð greiðslukjör. Verð 24,5 millj.

OPÍD HÚS Í DAG FRÁ 19.30 - 20.30

Engihjalli í Kópavogi

NÝTT



Rúmgóð 3ja herbergja íbúð, alls 87 fm á 3. hæð í litlu fjölbýli. Góðar suður svalir. Sér geymsla í sameign. Stutt í alla almenna þjónustu. Verð 18,3 millj.

Engjasel í Reykjavík

LAUS FLJÓTL. LÆKKAD VERÐ



Einstaklingsíbúð alls 41,5 fm. Sameiginleg hjóla- og vagnageymsla er í sameign auk sérgeymslu. Stutt er í almenna þjónustu. Verð 9,9 millj.

Espigerði í Reykjavík

NÝTT



Björt og falleg 4ra herbergja íbúð, alls 101 fm á 1. hæð í litlu fjölbýli. Stórar suður svalir. Stutt er í alla þjónustu og í Fossvogsdalinn. Verð 26,9 millj.

Holtsgata í Reykjavík

NÝTT



Falleg 2ja herbergja íbúð, alls 51 fm á 3. hæð í litlu fjölbýli. Geymsla og þvottahús er í sameign. Góð staðsetning. Verð 15,9 millj.

Klapparberg í Reykjavík

SKIPTI Á ÓDÝRARI



Fallegt einbýli á 3 pöllum, alls 236 fm. Þar af bílskúr 26 fm. Auka 2ja herb. íbúð er í húsinu og er ekki skráð á teikningu. Fallegur garður í rækt. Stutt í alla þjónustu og í Elliðadalinn. Verð 55 millj.

Kleppsvegur í Reykjavík

AÐVELD KAUP



2ja herbergja, 50 fm íbúð á 3. hæð í góðu húsi á Kleppsveginum. Þvottahús er í sameign. Stigagangur snyrtilegur. AÐVELD FYRSTU KAUP. Verð 12,9 millj.

Klukkan í Reykjavík

NÝTT



Falleg rúmgóð 4ra herbergja íbúð á 3. hæð með sérinnngangi, alls 102 fm. Sér geymsla í sameign. Stutt í alla almenna þjónustu. Verð 21,9 millj.

Laufrimi í Reykjavík

NÝTT



Falleg og rúmgóð 3ja herbergja íbúð á 3. hæð með sérinnngangi, alls 105 fm. Þvottahús í íbúð. Góð staðsetning, barnvænt hverfi og stutt í alla almenna þjónustu. Verð 20,5 millj.

Laugarnesvegur í Rvík

NÝTT



Falleg 2ja herbergja íbúð á jarðhæð, alls 44 fm. Parket og flísar á gólfum. Stór sameiginlegur garður. Góð staðsetning. Verð 11,5 millj.

Laugavegur í Reykjavík

LAUS FLJÓTLEGA NÝTT



Mjög falleg og mikið endurnýjuð 2ja herbergja íbúð á 1. hæð í litlu fjölbýli, alls 58 fm. Rúmgóð stofa og svefnherbergi. Parket og flísar á gólfum. Verð 17,2 millj.

Naustabryggja í Reykjavík

LAUS STRAX LÆKKAD VERÐ



Falleg 3-4 herbergja íbúð á 2. hæð alls 105 fm í lyftuhúsi, ásamt stæði í lokuðu bílskýli. Þvottahús og geymsla er í íbúð. Innréttingar úr Maghony. 4,15 % áhv. lán. Verð 22,9 millj.

Njörvasund í Reykjavík

NÝTT



Falleg og rúmgóð 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í þríbýlishúsi, alls 82 fm. Sér innngangur og fallegur garður í sameign. Góð staðsetning og stutt í alla almenna þjónustu. Verð 18,9 millj.

Rauðás í Reykjavík

GÓÐ LÁN



Falleg 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í litlu fjölbýli, alls 106 fm. Íbúðin er á 2 hæðum. Þvottahús í íbúð. Stutt í leik- og grunnskóla, verslanir og fallega náttúru. Verð 24 millj.

Ránargata í Reykjavík

LAUS STRAX LÆKKAD VERÐ



Rúmgóð 2-3ja herb. ósmykket kjallaráíbúð, alls 64 fm. Hús hefur nýleg verið tekið í gegn að utan. Góð staðsetning. AÐVELD KAUP. Verð 11,5 millj.

Rjúpufell í Reykjavík

NÝTT



Fallegt 5 herbergja raðhús ásamt 22 fm bílskúr, samt. 157 fm í rótgrónu hverfi. Garður er í góðri rækt. Stutt er í alla þjónustu og mjög gott útivistarsvæði. Verð 33,5 millj.

Skeggjagata í Reykjavík

NÝTT



Björt og falleg 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í þríbýlishúsi, alls 79 fm, auk 31 fm bílskúr. Stór garður. Góð eign í hjarta miðborgarinnar. Verð 23,9 millj.

Fleiri eignir á skrá á neteign.is - Fleiri eignir á skrá á neteign.is - Fleiri eignir á skrá á neteign.is - Fleiri eignir á skrá á neteign.is

107 Reykjavík: Falleg íbúð á frábærum stað

Hjarðarhagi 40: Fjögurra herbergja endaíbúð með bílskúr

Lýsing: Komið er inn í parketlagt hol með fataskáp og fatahengi. Eldhúsið er flísalagt með upprunalegri innréttingu og borðkrók. Baðherbergið var nýlega tekið í gegn og er flísalagt með innréttingu og baðkeri. Stofan er rúmgóð og björt og hjónaherbergið er inn af henni. Þaðan er gengið út á litlar suður svalir. Tvö önnur svefnherbergi eru í íbúðinni og er annað þeirra töluvert stórt með rúmgóðu skáplássu. Parket er á stofu og öllum svefnherbergjum. Í risi er aukaherbergi með glugga og í sameign er sér geymsla og sameiginlegt þvotta- og þurrkerbergi.

Úti: 24 fermetra bílskúr fylgir eigninni og stór og fallegur sameiginlegur garður er við húsið með leikaðstöðu fyrir börnin.

Annað: Tíu íbúðir eru í stigaganginum en húsið var byggt árið 1956. Skipt hefur verið um flestalla glugga í íbúðinni. Örstutt er í skóla og verslanir og er miðborgin í göngufæri.



201 Kópavogur: Frábært útsýni

Lómasalir 14: Glæsileg þriggja herbergja íbúð

Lýsing: Komið er inn í forstofu með flisum á gólf og góðum skáp. Inn af henni er hol eða borðstofa með parketi. Stofan er parketlögð og út af henni er gengið út á mjög rúmgóðar flísalagðar svalir með frábæru útsýni yfir Kópavoginn. Plastparketið á holi og stofu er rauðeik. Eldhúsið er með flisum á gólf og fallegri innréttingu. Herbergin eru tvö og bæði með mjög góðu plastparketi á gólf og skápum. Bæði herbergin eru rúmgóð. Baðherbergið er með flisum hól og gólf og með baðkari. Í íbúðinni er þvottahús.

Úti: Íbúðin er með sérinnngangi af svölum og henni fylgir stæði í bílageymslu. Sérgeymsla er í sameign ásamt sameiginlegri hjóla- og vagnageymslu.

Annað: Göngufæri er í skóla, leikskóla, leiksvæði, matvöruverslun, apótek og heilsugæslustöð. Salalaug er einnig í næsta nágranni.

Hægt er að yfirtaka íbúðarlán frá KB banka á með 4,15 prósent vöxtum. Lánið er 12,9 milljónir.

Verð: 22,9 milljónir Fermetrar: 91,0 Fasteignasala: Eignval ehf





Sigurður Helgi Guðjónsson hrl. formaður Húseigendafélagsins
SVARAR SPURNINGUM UM HÚSEIGENDAMÁL.

Diskum fjölgar hratt á gervihnattaöld

FYRIRSPURN:

Nýbúar horfa heim

Fyrirspurnir hafa borist frá eigendum og íbúum fjöleignarhúsa um gervihnattadiska. Spurt er hvaða reglur gildi um sameiginlega diska og einnig um rétt einstakra eigenda til að setja upp sér-eignardiska á eigin spýtur. Í síðarnefnda tilvikinu er um að tefla nýbúa sem með þannig tækni og tilfæringum geta náð sjónvarpsendingum frá heimalöndum sínum. Þeir telja það sjálfsgöð mannréttindi að geta fylgst þannig með fréttum, atburðum og málum að heiman. Með því öðlist þeir frið í sinni og uni hag sínum betur hér á landi og verði í alla staði betri íslenskir þegnar. Einnig spyrja nýbúar hvort húsfélagi sé ekki skylt til að útvega og greiða fyrir túlk fyrir þá á húsfundum.

Fjöleignarhúsalögin

Eftirfarandi meginreglur fjöleignarhúsala verður að hafa að leiðarljósi þegar fjallað er um blessaða gervihnattadiskana:

- Allir eigendur eiga rétt að taka þátt í öllum ákvörðunum er varða sameignina, þ.á.m. útlit hússins og ásynd.
- Allar sameiginlegar ákvarðanir á að taka á húsfundum.
- Meginregla að einfaldur meirihluti á húsfundi ráði málum til lykta.
- Meginregla að til breytinga á sameign þurfi samþykki allra eða 2/3 bæði m.v. fjölda og eignarhluta. Til smávægilegra breytinga nægir einfaldur meirihluti.
- Eiganda er á eigin spýtur óheimilt að framkvæma nokkrar breytingar á sameign eða helga sér til einkanota tiltekna hlut hennar.
- Eiganda er óheimilt upp á sitt einsdæmi að taka ákvarðanir eða gera ráðstafanir sem snerta sameign, þ. á m. útlit hússins og ásynd.
- Eiganda er óheimilt að nota sameign til annars en hún er ætluð.
- Eiganda verður ekki feginn aukinn og sérstakur réttur til hagnýtingar sameignar um fram aðra eigendur nema allir ljái því samþykki.

Sameiginlegir diskar. Ákvarðanatoka. Kærunefndarálit

Þegar um er að ræða sameiginlega diska þá má ekki setja þá upp fyrr en málið hefur hlotið formlega afgreiðslu innan húsfélagsins. Stjórn húsfélagsins hefur ekki vald til að ákveða uppsetningu slíks disks. Slíkt mál ber að leggja fyrir húsfund með réttum hætti og greiða um það atkvæði. Tillögu þar um verður að greina frá í fundarboði svo allir viti fyrirfram hvað á döfinni er og hangir á spýttunni. Eftir umræður er tillagan svo borin undir atkvæði til samþykktar eða sýnunar. Þá er það spurningin hvort einfaldur meiri hluti miðað við hlutfallstölur sé nægilegur til ákvörðunar um uppsetningu disksins eða hvort krefjast verði aukins meirihluta, þ.e. 2/3 bæði miðað við fjölda og eignarhluta.

Kærunefnd fjöleignarhúsamála hefur nokkrum sinnum fengið slík álitaefni á sitt borð og markað þá stefnu að uppsetning venjulegra disks á ytra byrði fjöleignarhúsa sé háð því að aukinn meirihluti(2/3) sé því meðmæltur.

Ef diskur er stærri, meira áberandi og til meiri lýta og ama en gengur og gerist verður vísað að ganga lengra og áskilja samþykki allra eigenda.

Einkadiskar

Einkadiskar í fjöleignarhúsum hafa verið bitbein og til ófriðar og oft verið deilt um rétt eigenda til að festa þá utan á hús eða ofan á það. Einnig hvort eigendur megi hafa þá á svölum sínum. Í sumum tilvikum hafa þeir sett diska upp á eða utan á svalahandrið íbúða sinna eða utan á húsið innan seilingar frá svölum en í öðrum tilvikum er diskur fyrirkomandi innan svala og ná litið eða ekkert upp fyrir svalahandriðið.

Húslýti. Brotajámshrugald

Það skiptir sköpum hvort diskur sé til lýta og hafi áhrif á ásynd og heildarmynd hússins eða ekki. Ef fullkomið og villt frjálrsæði ríkti og allir mættu gera það þeim sem þeim sýnist í þessu efni, þá gætu sum hús farið að bera blæ af

brotajámshaugum eða gömlum rússneskum geimstöðvum

Það er ljóst að stórir diskar og einnig smærri diskar utan á hús og svalir eru fallnir til þess að spilla ásynd húss og slíkt er öðrum eigendum óskilt að þola. Uppsetning slíkra disks utan á húsið er háð fyrirfram samþykki annarra eigenda. Yfirleitt þarf samþykki allra eigenda fyrir slíku en stundum þarf samþykki 2/3 hluta eigenda en ef um léttvæg atriði er að tefla nægir samþykki einfalds meirihluta.

Ytra byrðið og ásynd húss er í sameign

Samkvæmt fjöleignarhúsalögunum er allt ytra byrði fjöleignarhúss í sameign og þar með er talið útlit og ásynd þess. Allir íbúðareigendur eiga rétt á að eiga hlut að ákvörðun sem varðar útlitið og heildarmynd hússins. Þegar um miklar útlitsbreytingar eru að ræða þurfa allir eigendur að ljá samþykki sitt fyrir þeim en þegar um breytingar er um að tefla sem ekki eru verulegar nægir samþykki 2/3 hluta en til smávægilegra útlitsbreytinga nægir alltaf samþykki einfalds meirihluta.

Ávallt eru, burt séð frá útlitsatriðum, meiri líkur á því að einkadiskur sé háður samþykki allra en sameiginlegur diskur. Það byggist á því að með því að heimila einstaklingsdisk er yfirleitt verið að veita viðkomandi eiganda aukinn eða sérstakan rétt umfram aðra og slíkt má ekki gera nema allir eigendur samþykki.

Í öllum þessum tilvikum er tilskilið að ákvörðun sé tekin á húsfundi enda er ákvörðunartaka með því að ganga með lista á milli eigenda ekki lögmæt nema allir skrifi undir.

Disklingar á svölum

Þegar um litla og pena einkadiska(disklinga) á svölum er að tefla þá snýr það meira að hagnýtingu séreignar og í slíkum tilvikum er það meginregla að eigandi eigi einn rétt á að ráða yfir og hagnýta séreign sína. Sjáist diskur ekki eða litið ber á honum og hann er ekki er til óþrýði og ama, þá er vafasamt hvort eða hve mikinn rétt aðrir eigendur hafa til að grípa inn í fyrirætlanir viðkomandi eiganda um að hafa slíkan disk á svölum sínum.

Það er fátt við því að segja þegar disklingur lúrir bak við svalahandriðið og er ekki í auglýn. Sama er að segja þótt hann gægist aðeins upp fyrir handriðið svona eins og grill og aðrar tilfæringar sem á svölum eru hafðar.

Sameigendur eiga tæpast íhlutunarrétt

Ef diskur hefur þannig engin eða sáralítill áhrif á útlit hússins, ásynd þess og heildarmynd þá er það álit mitt að slíkur diskur á svölum gangi ekki á neina löngvarða hagsmunum og löngvarinn rétt sameigenda. Ef ljóst er að þannig diskur hefur ekki í för með sér beina og sannanlega röskun á hagsmunum annarra íbúðareigenda, þá eiga þeir ekki íhlutunarrétt. Þá vegur séreignarrétturinn þyngra og ræður reglunni.

Réttur eigenda. Húsfundur

Sem sagt ef ekki er um útlitslýti á húsinu eða sjónmengun að tefla, þá er íbúðareigenda sennilega heimilt að hafa diskinn á svölum án þess að leita samþykkis húsfélagsins eða annarra íbúðareigenda.

Jafnvel þótt líklega sé óhætt og heimilt þegar þannig stendur á að setja upp diskinn án þess að bera það undir aðra íbúðareigendur þá er rétt til fyllsta öryggis að afla samþykkis a.m.k. einfalds meirihluta eigenda fyrir honum á lög-mætum húsfundi.

Byggingayfirvöld. Byggingaleyfi

Ef diskur, hvort heldur einkadiskur eða sameiginlegur diskur, er fyrirjáanlega til húslýta eða kemur til með að breyta eða hafa áhrif á útlit og ásynd fjöleignarhúss þá er meginreglan sú að afla verður samþykkis byggingayfirvalda viðkomandi sveitarfélags áður en hann er settur upp.

Byggingayfirvöld meta slíkar umsóknir á grundvelli fyrirsmála í byggingarreglugerð og út frá faglegum og byggingafræðilegum forsendum en þau ganga jafnframt úr skugga um það hvort diskurinn sé þannig og þeirrar

gerðar að samþykki sameigenda sé þörf samkvæmt fjöleignarhúsalögunum (samþykki allra, samþykki 2/3 hluta, einfalds meirihluta).

Slíkt leyfi (byggingarleyfi) fæst ekki nema málið hafi fengið rétta meðferð og afgreiðslu innan húsfélagsins og verið samþykkt þar með þeim hætti sem fjöleignarhúsalögin mæla fyrir um og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan.

Sé diskur settur upp í óleyfi, í trássí við byggingareglugerð og fjöleignarhúsalögin, þá getur byggingarfulltrúi ef eigandinn lætur ekki segjast, hnyklað vöðvana, og gripið til þvingunaraðgerða og beitt dagsektum eða látið fjarlægja diskinn á kostnað eiganda.

Þegar um er að tefla litla einkadiska, disklinga, á svölum sem sjást ekki eða mjög lítið og hafa þannig engin eða teljandi áhrif á útlit hússins, líkt og grill, þá er varla þörf á að sækja um leyfi byggingayfirvalda frekar en samþykkis húsfélags, sbr. það sem áður segir um slíka diska. Ekki er kunnugt um að byggingayfirvöld hafi farið á stúfana í slíkum tilvikum. Enda væri þá langt til seilt.

Staða leigjanda

Ef um leigjanda er að tefla þá verður hann vitaskuld að afla samþykkis leigusala síns sem svo þarf eftir atvikum að bera málið undir húsfund áður en slíkur diskur er settur upp.

Geislun. Bábilja. Krabbamein í músum

Það er líka þekkt að svona diskar valdi skelfingu. Dæmi eru um að íbúðareigendur hafi neitað að veita samþykki sitt fyrir diskum vegna meintar hættu á geislun frá honum. Slíkt viðhorf mun vera af ætt bábilju. Almennt er talið að geislun frá slíkum diskum sé engin og fólk á því að geta sofíð rótt þess vegna. Engar mælingar og rannsóknir hafa staðfest geislunarhættu frá svona mótökudiskum. Ekki hefur einu sinni tekist að leiða að því líkum að svona diskar valdi krabbameini í músum og er þá er nú mikið sagt.

Fljögandi diskur

Sérstök álitaefni koma upp þegar diskur flýgur eða strýkur að heiman og veldur óskunda, þ.e. losnar og fýkur í vondu veðri og veldur tjóni á fólki, húsum, bílum og munum í nágrenninu. Þá er spurt: hver ber ábyrgðina og hvernig koma tryggingar inn í málið? Slík atriði og vangaveltur um skaðabótaábyrgð eigenda og húsfélaga og húseigendatryggingar eru efni í sérstaka grein sem biður betri tíma.

Nýbúar njóta ekki forréttinda

Réttur allra íbúðareigenda er jafn í þessu efni og sama er að segja um skyldurnar og önnur atriði sem hér spila inni. Vissulega hefur maður samúð og skilning á aðstöðu nýbúa sem vilja halda tengslum við föðurland sitt með hjálp gervihnattasjónvarps en þó er ekki að lögum heimilt að veita þeim nein sérrettindi eða aukinn rétt umfram aðra íbúðareigendur. Þannig sérrettindi myndu fela í sér misrétti og ranglæti gagnvart öðrum eigendum.

Túlkun á húsfundum

Þess má að lokum geta að stundum hafa komið upp misskilningur og vandamál vegna tungumálerfiðleika á húsfundum í fjöleignarhúsum. Útlendur eigendur sem hvorki skilja íslensku, ensku né önnur mál sem eru íslendingum tungutóm, eru stundum utangátta og skilja hvorki upp né niður í því sem fram fer og samþykkt er á húsfundum. Þeir vilja samt almennt fara rétt að öllu og ekkert láta standa upp á sig. Er þá stundum spurt hvort húsfélaginu beri að sjá fyrir túlki og greiða fyrir það. Á sömu lund er spurt viðvíkjandi túlkun fyrir heymarlausa á húsfundum.

Í báðum tilvikum er svarið það að einstakir eigendur eigi ekki rétt á slíkri sérþjónustu á kostnað húsfélagsins nema þá að allri séu um það sam-mála. Réttindi og skyldur samkvæmt fjöleignarhúsalögunum eru miðuð við venjulegt fólk í venjulegri aðstöðu og eigendum er ekki skylt að laga sig að sérþjónustu sameigenda né að greiða aukakostnað vegna slíkra þarfa.

Sigurður Helgi Guðjónsson hrl. formaður Húseigendafélagsins.



Eignamiölun Suðurnesja

Sigurður V. Ragnarsson, löggiiltur fasteignasali
Reynir Ólafsson, löggiiltur fasteignasali

Víkurbraut 46

240 Grindavík

Sími 426 7711

Hafnargötu 20

230 Keflavík

Sími 421 1700

www.es.is



Glæsivellir 8, Grindavík - OPÍÐ HÚS - Þriðjudag frá kl: 18-20.

Stórglæsilegt og vandað 215,1 ferm. einbýlishús á tveimur hæðum ásamt 35,5 ferm. bílskúr. Mikill íburður í húsinu og allur frágangur fyrsta flokks. Innkeyrsla hellulögð og með snjóbræðslukerfi. Stór sólpallur með heitum potti. **TILBOÐ**



Austurvegur 6, Grindavík

Fallegt 135 ferm. einbýlishús ásamt bílskúr 34,4 ferm. Nýr sólpallur. Nýir gluggar í herbergjum og á baðherb. Nýtt járn á þaki. Forhitari. Stutt í alla þjónustu. **Verð: 26.300.000,-**



Staðarhraun 28A, Grindavík

Gott 3ja herbergja raðhús 78,8 ferm. 2 svefnherbergi. Sólpallur, gengið út úr stofu. Gott áhvílandi lán frá með 4,15% vöxtum. **Verð: 14.500.000,-**



Staðarhraun 27, Grindavík

Fallegt 113,5 ferm. raðhús ásamt 25,9 ferm. bílskúr. 3 svefnherb. Nýr gluggi í stofu og hurðút í garð. Nýtt þak og nýr þakkantur. **Verð: 19.900.000,-**



Selsvellir 21, Grindavík

Mjög vel viðhaldið 147,2 ferm. einbýlishús ásamt 49 ferm. bílskúr. Nýlegt parket á gólfum í stofu og gangi. Góð sólstofa með hita í gólf. Nýlegt járn á þaki. Búið að endurnýja neysluvatnslagnir og allt gler í húsinu. **Verð: 28.800.000,-**



Mánasund 8, Grindavík

135,4 fm einbýlishús. 4 svefnherbergi. Forstofuherb. og baðherb. nýlega endurnýjað Forhitari. Nýlegt þak á húsi. Bílskúrréttur og til eru teikningar af bílskúr. Mjög góður staður. **TILBOÐ**



Glæsivellir 20B, Grindavík

Mjög gott og vel staðsett parhús 109,6 ferm. ásamt bílskúr 25 ferm. 3 svefnherbergi. Grunnur að sólstofu er kominn. Gott geymslu loft í bílskúr. **Verð: 22.900.000,-**



Vesturhóp 24, Grindavík

Nýtt glæsilegt endaraðhús með bílskúr 124 ferm. Eignin skilast fullbúin að utan sem innan. Ísskápur og uppþvottavél fylgja. Lóð tyríð og innkeyrsla hellulögð. **Verð: 24.900.000,-**



Austurhóp 1 og 43, Grindavík

Glæsilegt 208,2 ferm. einbýlishús ásamt 42,1 ferm. bílskúr, skilast rúmlega foheld, fullbúið að utan með frágengnu bílaplani og stétt með snjóbræðslukerfi ásamt grófjafnaðri lóð. Neysluvatnslagnir verða komnar og stofn. í hvert rými. Þak einangrað. Hítaveitu- og rafmagnsinnök verða komin inn í hús. Möguleiki er að gera 5. herb. úr sjónvarps-holi. Lengra komið, samkomulag. Afhending í feb. 2007. **Verð: 26.500.000,-**

VALHÖLL

FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

www.valholl.is - Ópið mánud. - föstud. 9-17
Lokað um helgar



Ingólfur
Gissurarson
lögg. fast.sali
896 5222

Bárdur
Tryggvason
sölustjóri
896 5221

Bórarinn
Friðgeirsson
lögg. fast.sali
899 1882

Ellert
Róbertsson
sölumaður
893 4477

Magnús
Gunnarsson
sölustj. afvinnuh.
822 8242

Viggó
Jörgensson
lögg. fast-
eignasali.

Sigurður Jök-
ull Ólafsson
Ljósmyndari

Pétur
Jóhannsson
sölum.
Snæfellsbæ.
S 893 4718

Margrét
Sigurgeirsdóttir
ritari

Bóra
Þorgeirsdóttir
ritari

Guðrún Pét-
ursdóttir
skjalagerð

YFIR 100 ÁRA SAMANLÖGD REYNSLA VIÐ FASTEIGNASÖLU!

Fannahvarf Glæsilegar séríbúðir.



Í einkasölu nýjar glæsil. séríb. í 2ja h. húsi með séringng. í allar íbúðir. Stærðir íb. er frá 111,5 fm 3ja herb. íb. og uppí 136,7 fm 4ra herb. íb. íb. verða afh. fullb. án gólfefna með vönd. innrétt. frá AXIS að hluta til að vali kaupenda. Hús, lóð og bílast. fullb. V. 3ja 26,9-27,4 m. V. 4ra herb. 31,4 - 32,9 millj.

Sjá www.nybyggingar.is 7035

Baugakór - Glæsilegt nýtt lyftuhús til afh. fljótlega.



Í einkasölu glæsil. íbúðir í 12.íb. lyftuhúsi ásamt st. í bílskýli. 3ja herb.íb. eru 110 fm og 4ra herb. frá 140 fm. Suðursvalir. Afh. fullb. án gólfefna m. vönd. innrétt. og flísal. baðherb. Séringng. af svölum. Afh. í sept. 2006. Eignir á mjög góðu verði. Búið að taka lán frá íls 10 millj. á hluta íb.

Uppl. á Valhöll eða á www.nmedia.is/baugakor 4600

Hamrakór Rað/tengihús - afhendist fullbúið



Glæsileg 254 fm frábær. velskipul. raðh./tengihús á mjög góðum útsýnisstað. Húsin afh. fullb. án gólfefna m. vönd. sérs. íslenskum innrétt. og flísal. aðalbaðherb. Gólfhiti í húsinu. Mjög gott skipul. Lóð og bílastæði afh. fullb. Suðv.garður og stórar svalir.

Sjá nánari upplýsingar á www.nybyggingar.is 6862

Goðakór Tillbúin til innréttinga eða fullbúin með frágenginni lóð.



Glæsileg raðhús/einb. á frábærum útsýnisstað. Samt. 228 fm að stærð með innb. bílsk. Húsin afh. tilb. til innrétt. m grófj. lóð á 48-49 millj. eða fullb. án gólfefna m. vönduðum innrétt. og flísal. baðherb. Lóð og bílastæði fullfrág. Vönduð hús á einstaklega góðum stað. V. milli hús 56,0 m og endahús 57,0 millj.

Möguleg skipti á ódýrari eða góð lánakjör.

Upplýsingar á skrifstofu Valhallar eða á www.nybyggingar.is 7105

Krókavað. Glæsil. sérhæð á frábærum stað. Skipti möguleg á ódýrari eign.



Glæsil. sérh. (3 íb. eftir) á mjög góðum stað innst í lok. götu við Krókavað. Bílsk. fylgir efri hæð. Seljast fullb. án gólfefna m. gólfhita og vönd. innr. Stórar svalir fylgja efri hæð ofan á bílskúr. Verð 37,4 m. efri hæð og 30,9 m. neðri hæð. 4413

Valhöll fasteignasala Síðumúla 27 sími 588-4477 - Ingólfur G.Gissurarson lögg fs.

Til leigu – Stórglæsileg nýbygging við Smiðjuveg – Kóp.



Til leigu stórglæsileg nýbygging í Kópavogi

Til leigu 986 fm sérhæð í stórglæsilegri nýbyggingu við Smiðjuveg 74. Byggingin liggur að fjölförnustu umferðaæð höfuðborgarsvæðisins. Húsnæðið er bjart með gluggum á öllum hliðum og bíður upp á mikla möguleika í innréttingu. Hæðinni má skipta í tvær séreiningar 616 fm og 303 fm. Fullfrágengið stigahús með lyftu. Bílastæði upphituð.



986 fm salur sem auðvelt er að innrétta



Séringgangur

- Laust nú þegar - Upplýsingar gefur Ólafur í síma 892 4285 -



**FASTEIGNA
MIÐLUN**
GRAFARVOGS

Sími 575 8585 – Spönginni 37 – 112 Reykjavík – www.fmg.is



Opið virka daga
frá kl. 09:00-18:00.
www.fmg.is



Sverrir Kristjánsson
lögg. fasteignasali
sími 896 4489



Karl Dúi Karlsson
sölumaður
GSM 898 6860



Samtengd söluskrá
Fjórar fasteignasölur
- ein skráning - minni kostnaður -
- margfarldur árangur -
www.hus.is



VÖLVUFELL - ENDARAÐHÚS

Fallegt 134,4 fm endaraðhús ásamt 23,5 fm bílskúr. Húsið stendur innst í botnlanga á rólegum stað í Fellahverfi. Flísalagt anddyri m/skápum. Stofa/borðstofa, sjónvarpshol, 3 svefnherb. (hægt að breyta í 4), eldhús m/ nýlegri innréttingu og tækjum, rúmg. þvottaherb./geymsla og baðherb.. Fallegur garður m/sólpalli og garðhúsi. Parket, flísar og dúkur á gólfum. Bílskúr með rafdrifnum opnara. **V. 29,7 millj.**



HJARÐARHAGI - 4RA HERB. M/BÍLS.

Mjög falleg 103,6 fm, 4ra herb. endaíbúð á 2. hæð ásamt 24 fm bílskúr á besta stað í Vesturbænum. Eldhús flísalagt og með borðkrók. Baðherb. nýlega tekið í gegn, flísalagt í hólf og gólf, innrétting og baðkar. Stofa rúmgóð og björt. 3 svefnherb. og úr hjónaherb. er gengið út á suður svalir. Parket á stofu, holi og öllum svefnherb.. Auka herb. í risi. Sér geymsla í sameign. **Laus við kaupsamning. V. 25,5 millj.**



BLIKAHÖFÐI - 4RA HERB.

Mjög falleg 100,2 fm, 4ra herb. íbúð á 2. hæð í nýlegu fjölbýli í Mosfellsbæ. 3 rúmgóð svefnherb., öll með skápum og öll parketlögð. Baðherb. flísalagt í hólf og gólf, innrétting og baðkari með sturtuadstöðu. Þvottarými inn af baði. Parketlögð, rúmgóð og björt stofa, stórar suð-vestur svalir með fallegu útsýni. Eldhús flísalagt og með stórum borðkrók. Sér geymsla. Stutt í skóla og leikskóla. **V. 23,3 millj.**



BERJARÍMI - 3JA HERB./SÉR INNG.

Glæsileg 3ja herb., 89,9 fm íbúð með sér inngang á 2. hæð, ásamt stæði í bílageymslu. 2 svefnherb., björt stofa og borðstofa, suður svalir. Eldhús með fallegri innréttingu og eyju með 4ra hellu gaseldavél og stál háf. Borðkrókur. Þvottaherb. innan íbúðar. Flísalagt baðherb. með baðkari með sturtuadstöðu og innréttingu. Fallegt parket og flísar á gólfum. Hátt til lofts. Sér geymsla inn af bílastæði. **V. 21,6 millj.**



LAUFENGI - 3JA HERB.

Björt, rúmgóð og vel skipulögð 83,4 fm, 3ja herb. íbúð með gluggum í þrjár áttir á 3. hæð í Grafarvoginum. Eldhús með hvítri/beyki innréttingu og borðkrók. Gluggar í tvær áttir í eldhúsinu. Stofan er rúmgóð og björt, suður-svalir með útsýni. Baðherb. með glugga, sturtu og tengi fyrir þvottavél og þurrkara. 2 svefnherb. með fataskápum. Geymsla innan íbúðar. Dúkur á gólfum. **V. 18,2 millj.**



STARENGI - 3JA HERB./SÉR INNG.

Glæsileg 3ja herb., 86 fm íbúð á jarðhæð með sér inngang. Anddyri flísalagt, rúmgóðir skápar. Eldhús með fallegri innréttingu, flísalagt er á milli skápa. Stofan er nýtt sem setu og borðstofa. Úr stofunni er gengið út á sér lóð. 2 svefnherb. með skápum. Baðherb. flísalagt og með innréttingu og baðkari. Þvottaherb. innan íbúðar. Fallegt parket og flísar á gólfum. Innfelldar Mahogny hurðir. **V. 20,3 millj.**



SMIÐJUSTÍGUR - 2JA HERB. RISÍB.

Falleg 2ja herb. risíbúð í tvíbýlishúsi á besta stað, miðsvæðis í Reykjavík. Íbúðin er skráð 51,6 fm en er stærri þar sem hluti hennar er undir súð. Eldhús með nýuppgerðri innréttingu og nýlegum tækjum. Borðkrókur. Baðherb. er mjög rúmgótt, sturta. Tengir f. þvottavél. Hjónaherb. með skápum. Nýlegt parket og mustang flísar á gólfum. **Frábær staðsetning fyrir þá sem vilja búa í miðbænum. V. 17,9 millj.**



STYKKISHÓLMUR - EFRÍ SÉRHÆÐ

Laufásvegur 10 er steinhús sem stendur hátt, miðsvæðis í Stykkishólmi. Um er að ræða efrí hæð hússins (gengið upp 2 tröppur) sem er sérhæð. Hæðin skiptist í forstofu og forstofuherb., gang, samliggjandi stofur, svefnherb., eldhús, bað og litla geymslu. Rúmgóður bílskúr með rafdrifinni hurð fylgir hæðinni. Pakjárn er nýlegt. Ný miðstöð (hitaveita, sérhiti). Bað verður nýstandsett. **V. 11,9 millj.**



STYKKISHÓLMUR - EINBÝLI

238,1 fm. einbýlishús á 2 hæðum við Laufásveg, (hæð og rishæð) ásamt 48,4 fm. bílskúr. Húsið skiptist í forstofu, forstofuherb., 2 hol, 2 baðherb., 3 svefnherb., eldhús, stofu, borðstofu, þvottaherb. og geymslu. Möguleiki að útbúa fleiri herb.. Svalir út af holi á efrí hæð. Útsýni. Gólfefni: Teppir, parket, dúkur og flísar. Nýlegt járn á þaki, frárennsli endurnýjað. Stórt og vel teiknað hús. **V. 23 millj.**



STYKKISHÓLMUR - EINBÝLI

Við Lágholt er til sölu 5 - 6 herbergja, 152,6 fm einbýlishús á einni hæð ásamt 29,9 fm bílskúr. Húsið var byggt árið 1970. Frágengin lóð. Áður var stúdíóíbúð með sér inngangi í húsinu og er hægt með litlum tilkostnaði að setja hana upp aftur. Stór stofa. Góð gólfefni. Þetta er eign sem gefur mikla möguleika. **V. 19,8 millj.**



STYKKISHÓLMUR - EINBÝLI

149,8 fm, 2ja hæða einbýlishús við Ægisgötu, í einu fallegasta sjávarplássi landsins. Húsið er byggt árið 1968 og seinna var byggt ofan á húsið myndarlegt ris úr timbri. 31,5 fm bílskúr. 4 svefnherb., 2 stofur og 2 baðherb. Lóðin er að mestu frágengin með holtgrjóti og plankahleðslum. Stórt bílastæði með malarlögnum. Ægisgata er litil lokuð gata við sjóinn og stendur stendur ofan götu. **V. 16 millj.**



SUMARBÚSTAÐUR - HÚSAFELL

27,9 fm sumarbústaður með verönd og heitum potti á rólegum stað við Ásenda í Húsafelli. Rafmagnskynding. Nýbúið er að bera á pallinn og húsið. Stofa og eldhús í einu rými, 1 svefnherb., svefnloft og baðherb.. Geymsla og sturtuklefi. Húsgögn og tæki fylgja. 1000 fm leigulóð. Heillandi umhverfi, m.a. sundlaug, leiksvæði, gólfvöllur, verslun, veitingahús, veiðisvæði, hestaleiga og ótal gönguleiðir. **V. 6,9 millj.**

Það er gott að
búa á austurlandi

Reyðarfjörður - Melgerði 13

TIL SÖLU



2. og 3. herbergja íbúðir

Vandaðar íbúðir fyrir heldri borgara. Íbúðirnar eru hannaðar að þörfum eldri borgara og hreyfihamlaðra með góðu aðgengi í huga. Sveitarfélagið leggur til stórglæsilega þjónustumiðstöð fyrir félagsstarf aldraða á 2. hæð hússins.

Íbúðirnar verða afhentar kaupendum í nóvember 2006.

2 herb. verð frá
KR. 12.250.000*

3 herb. verð frá
KR. 16.200.000*

NÚ ER HVER AÐ
VERÐA SÍÐASTUR,
ÖRFÁAR ÍBÚÐIR EFTIR!

*Verðlisti er bundin byggingarvísitölu mars mánaðar 2006, (325,3)

ffa
FASTEIGNAFÉLAG
AUSTURLANDS
567 3400

**Fasteigna- og skipasala
Austurlands ehf.**

580 7905

Nánari upplýsingar á netinu: www.nmedia.is/ffa

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

Hringdu í **550 5600** ef blaðið berst ekki



www.arborgir.is



Birgir Ásgeir Kristjánsson
sólumaður



Anna Dóra Jónsdóttir
ritari/sólumaður



Þorsteinn Magnússon
sólumaður



Guðjón Ægir Sigurjónsson
hdl.



Óskar Sigurðsson
hdl.

Austurvegi 38 - Sími 482 4800 - www.arborgir.is

Lóurimi



Vandað einbýlishús á góðum stað á Selfossi. Húsið er 181,6m² og þar af er bílskúr 38,2m². Eignin telur; Forstofu, hol, stofu, sjónvarpshol, eldhús með hvít/beiki innréttingu, nýlegri eldavél, innb. ísskáp og inn af eldh. er búrgeymsla, 4 svefnherb., endurn. baðherb. og þvottahús. Flísar eru á forst. holi, eldhúsi, baði og þvottahúsi en parket á öðrum gólfum. Bílskúrin er fullbúinn með vatni og rafmagni. Garður gróinn og fallegur. Ný, ca 40m², verönd með heitum potti og lýsingu. **Verð 30.500.000**

Kvistás



Mjög gott einbýli í Árbæjarhverfinu við Selfoss. Húsið er 213fm; forstofa, gestasnyrting, hol, stofa og borðstofa, 3 svefnh., baðh., eldhús, þvottah., sjónvarpshol og bílskúr. Gólfefni eru parket og flísar. Í eldhúsi hvít fulningainnrétting með gleri í efri skápum. Baðh. flísalagt, þar er hvít innrétting, sturta og baðkar. Íbúð og bílskúr tengd saman með bygginu sem rúmar sjónvarpshol og bakinnangang. Bílskúr er flísalagður og fullbúinn. Í bakgarði hússins er timburverönd með heitum potti. **Verð 35.500.000**

Hrafnhólar



Snyrtilegt 132,5 m² endarahús rétt við Sunnulækjarskólann á Selfossi. Þar af bílskúr 30,8 m². Íbúðin skiptist í; Forstofu, hol, 3 herb., baðherb., þvottahús, stofu og eldhús. Gólfefni eru náttúrusteinn og merbauparket. Í eldhúsi er falleg innrétting og AEG tæki. Góð lofthæð í stofu og halogen lýsing í loftum og hurð út í garð. Í hjónaherbergi eru góðir fataskápar og hurð úti garð. Innrétting er í baðherb. og þar er baðkar og er flísalagt í kringum baðið. Stór innrétting er í þvottahúsi. **Verð 24.800.000**

Sílatjörn



Gott einbýlishús í vinsælu hverfi á Selfossi. Húsið er 181,2m² og skiptist í forstofu, gestasnyrtingu, hol, stofu, sjónvarpshol, bað, þrjú svefnherbergi, eldhús, þvottahús og bílskúr. Í bílskúr er búið að út-búa 4. svefnherbergi hússins. Gólfefni eru flísar, parket og korkur. Nýlegir fataskápar eru í herbergjum. Í eldhúsi er sprautulökkuð innrétting. Baðherbergi hefur verið algerlega endurnýjað. Góðir skápar eru í þvottahúsi. Steypt verönd er fyrir framan húsið og bílplan er malbikað. **Verð 29.800.000**

Tjaldhólar



Rúmgott vel staðsett 156m² raðhús á Selfossi. Húsið klætt utan með hvítu viðhaldsfríu Duropal. Eignin telur; forstofu, 3 herb., þvottahús, baðherb., stofu og eldhús. Bílskúr er 34,2 m², flísalagður. Gólfefni eru parket nema á forstofu, baðherb. og þvottahúsi, þar eru flísar. Góðir fataskápar eru í herbergjum og forstofu. Baðherb. er með góðri innréttingu og þar er bæði sturta og baðkar. Halogenlýsing er í stofu, eldhúsi og á baði. Húsið er laust til afhendingar við kaupsamning. **Verð 27.900.000**

Tryggvagata



Neðri hæð í mikið endurnýjuðu tvíbýlishúsi. Eignin er 175,8m² og telur; forstofu, hol, stofu, eldhús, 3 svefnherb., baðherb., sólstofu, þvottah., gesta wc, geymslu og bílskúr. Gólfefni: Flísar á forstofu, eldhúsi, baði og þvottahúsi. Baðherb. er nýtt með sturtu, baðkar, góðri innrétting og upphengdu salerni. Í eldhúsi er eikarinnrétting og nýleg tæki. Rafmagn og ofnar eru nýir og búið að endurnýja lagnir að og frá húsinu. Húsið nýlega klætt að utan með bárujarni og harðvið. **Verð 29.900.000**



Arkitektinn: Kristján Eggertsson, Mads Bay Möller og Kristján Örn Kjartansson



Tillaga að hóteli, safni og veitingastað við Aðalstræti í Reykjavík.



Þeir félagar sem nú hafa stofnað Krads tóku þátt í opinni samkeppni um sendiherrabústað Íslands í Berlín og fengu sérstaka viðurkenningu fyrir athyglisverða tillögu sína.



Kópavogsbakki 4.

Ný arkitektastofa á Íslandi og Árósum

Krads er nafn á nýrri arkitektastofu sem opnuð var á þriðju hæð að Geirsgötu 9 í Reykjavík nú á föstudaginn og mun einnig verða í Árósum í Danmörku. Eigendurnir eru þeir, Kristján Eggertsson, Mads Bay Möller og Kristján Örn Kjartansson. Að sögn Kristjáns Eggertssonar hefur nafn stofunnar margar skírskotningar. „Það er búið til úr nöfnum okkar stofnendanna, svo er krads danska orðið yfir skyssu og það þýðir líka

sterkt bragð,“ útskýrir hann.

Þeir þremmingar útskrifuðust allir úr arkitektaskólaum í Árósum fyrir fjórum árum. Mads Bay og Kristján Örn búa enn í Árósum og hafa unnið á stórrí teiknistofu þar í borg en verða nú á sinni eigin. Kristján Eggertsson flutti heim í fyrravor. Spurður um helstu verkefni þeirra félaga svarar hann. „Það er margt í gangi en mest höfum við teiknað af einbýlishúsum til þessa.

Einnig erum við með sumarhús í Danmörku og munum trúlega taka þátt í þróunarverkefni þar líka. Það hefur verið draumur okkar að stofna stofu en það sem gerði útslagið nú var að við tókum þátt í samkeppni um teikningu verslunarmiðstöðvar í Urriðaholtinu í Garðabæ og dómnefndin kaus að vinna með okkar tillögu áfram. Við munum sinna því verkefni á næstunni í samvinnu við ASK arkitekta.

-gun

Kópavogsbakki 13.



HÚSA NAUST

FASTEIGNASALA

Borgartúni 29 - Sími 530 7200

Ásgeir E. Gunnarsson lögg. fasteignasali



Ásgeir Erling
Gunnarsson
lögg.fast.sali



Páll
Kolka
lögg.fast.sali



Skúli
Sigurðsson
lögg.fast.sali

FLÓKAGATA



Fjögurra herbergja íbúð á 2. hæð í fjór-
býlishúsi við Flókagötu í Reykjavík. Í
kjallara er 22 fm herbergi með aðgangi
að salerni, sameiginlegt þvottahús og
sér geymsla. Gróinn garður snýr í mót
suðri. Stutt í miðbæinn. **Verð: 24,9 millj.**

GVENDARGEISLI



Fallegt raðhús á einni hæð við Gvend-
argeisla í Grafarholti. Húsið er 140 fm
auk 28 fmbílskúrs. Forstofa: Flíslagt
gólf, fataskápar, gengið er inn í her-
bergi úr forstofu. Stofa og borðstofa
eru með stórum og björtum gluggum
og útgengt er úr eldhúsi út á 25 fm
timburverönd mót suðri. Lagnir eru fyrir
vatn og rafmagn að verönd. Hjóna-
herbergi er með fataherbergi. Baðher-
bergi: Flísar á gólf og veggjum. Þvotta-
hús er með geymslulofti. Eldhús er
með háskápum og eyju-innréttingu
með helluborði og háf.. Garður snýr
mótsuðri. Stutt í grunnskóla, leikskóla
og aðra þjónustu. **Nánari uppl. Hjá
HUSANAUST s: 530 7200**

HRINGBRAUT



Þriggja herbergja íbúð við Hringbraut
101, Reykjavík: Forstofa og stofa eru
flísalagðar, tvö herbergi eru parketlögð,
eldhús er flísalagt. Í sameign er stór
geymsla, þvottahús og þurrkerbergi.
Húsið hefur verið endurnýjað að utan,
svo og gler og gluggar. **Verð 15,4 millj.**

VEGHÚS



LAUS við kaupsamning. Þriggja her-
bergja íbúð 105,6 fm, með staði í bíla-
geymslu, á fyrstu hæð í góðu fjölbýlis-
húsi í Grafarvogi: Rúmgott hjóna-
herbergi með góðum skápum. Barna-
herbergi er dúklagt. Stofa er dúklögð,
gluggar á tvo vegu, útgengi út á sólver-
önd (sér afgirtur garður), sem snýr mót
suðri. Eldhús er opið, góð innrétting,
inn af eldhúsinu er þvottahús. Sér-
geymsla er á hæðinni. Tvær lyftur eru í
húsinu. **Verð 21,4 millj.**


RJÚPNASALIR



Fjögurra herbergja 130 fm útsýnis-
íbúð á áttundu hæð, ásamt bíla-
geymslu, í nýlegu fjölbýlishúsi við
Rjúpnasali í Kópavogi. Stofa parket-
lögð með útgengi er út á stórar yfir-
byggðar suður-svalir með miklu og
fallegu útsýni. Eldhús er mjög rúm-
gott, stór borðkrókur. Svefnherbergi
eru þrjú, parketlögð og með góðum
skápum. Baðherbergi er flísalagt,
hornbaðkar. Sér þvottahús, er inn af
eldhúsi. Sameign öll og umhverfi
hússins er hið snyrtilegasta, tvær lyf-
tur eru í húsinu. Falleg íbúð með
glæsilegu útsýni. **Verð 33,4 millj.**

**Sími
530 7200**

LYNGHOLT - ÁLFTANESI



Falleg, einnar hæðar einbýlishús með tvöföldum bílskúr, 286 -
322 fm. **Húsin afhendist fullbúin að utan, rúmlega fokheld
að innan, þök er einangruð og frágengin, þ.m.t. rör fyrir
raflagnir.** Hvítir furugluggar. Hurðir og opnanleg fög úr
Oregonpine, bílskúrshurðir eru úr áli. Frábærlega staðsett hús.
Hægt er að semja um afhendingu á öðrum byggingastigum.
**Teikningar á skrifstofu Húsanausts Borgartúni 29, Reykja-
vík. Verð frá 51,5 millj.**

SKÓGARÁS



Rúmgóð 129,6 fm og falleg, fjög-
urra herb. íbúð á góðum stað í
Árbæjarhverfi (Selási). Íbúðin er á
tveim hæðum, neðri hæðin er
80,7 fm og efri hæðin 48,9 fm.
Neðri hæð: Forst. og hol. Stofa,
útgengi út á suð-vestursvalir.
Eldhús með fallettri innréttingu,
rúmgóður borðkrókur, korkflísar
eru á gólf. Baðherbergi með flísum á gólf og veggjum, fallett inn-
rétting, baðkar. 2 rúmgóð svefnh. með skápum. **Efri hæð:** Rúm-
góð parketlögð setustofa/sjónvarpshol. Stórt svefnh. Þvottahús
er rúmgott m. sturtuklefa. Geymslur undir súð, ekki taldar inn í
fm.tölu FMR. Fleiri fm af efri hæðin nýttast í raun, en mæling FMR
gefur til kynna. **Verð. 26,9 millj.**

www.husanaust.is - husanaust@husanaust.is

HAFDÍS/ÁSDÍS

Kraftur • Árangur • Traust

RE/MAX



Láttu okkur um að selja eignina þína!

Októbermánuði helgum við baráttunni gegn brjóstakrabbameini

Komdu með eign þína í sölu hjá okkur og legðu þar með Bleiku slaufni lið með okkur!

Hluti af sölupóknuninni rennur til styrktar baráttunni gegn brjóstakrabbameini sem er verðugt málefni og skiptir okkur öll máli.

Við vinnum eftir gildunum: **Kraftur, traust og árangur.**

Við styrkjum með stolti Bleiku slaufuna, árverknisátak Krabbameinsfélagsins.



Hafdís Rafnsdóttir

Sölufulltrúi RE/MAX Mjódd
GSM: 895 6107
Netfang: hafdis@remax.is

Ásdís Ósk Valsdóttir

Löggiltur fasteignasali RE/MAX Mjódd
GSM: 863 0402
Netfang: asdis@remax.is

Hringdu núna í síma 895 6107 eða 863 0402

RE/MAX Mjódd • Pönglabakki 1 • 109 Reykjavík • Sími: 520 9550 • Fax: 520 9551



Lóa
Sölufulltrúi
698 8733
loa@remax.is



Sigurður Guðmundsson
hdl. lögg. fasteignasali


EIGN VIKUNNAR | KRISTNIBRAUT 12



- :: Stórkostlegt útsýni
- :: Göngufæri við golfvöllinn
- :: Lyfta
- :: Þvottahús inni í íbúð
- :: Tvö svefnherbergi

Stærð : 102 fm.

Verð : 27.5



TILBOÐ VIKUNNAR | ÓKEYPIS VERÐMAT FYRIR EIGNINA ÞÍNA

**Hafðu samband
og fáðu ókeypis
verðmat á þinni
fasteign!**

698-8733



loa@remax.is

Svona einfalt er það



698-8733



Hafnarfirði
Fjarðargötu 17
Sími 520 2600
Fax 520 2601
Netfang: as@as.is
Heimasíða: www.as.is
Opíð virka daga
kl.9-18



Sjá einnig myndir
í gluggum á Fjarðargötu

– Eigendur fasteigna
athugið!
Lífleg sala – skoðum
og verðmetum
samdægurs! –



LANGEYRARVEGUR - LAUS
100,3 fm neðri hæð í tvíþýli á góðum stað. 2 sv.herb. Sérningangur. Verð 18,0 millj. 3390



ÁLFHOLT - ÚTSÝNI Falleg 100 fm endaíbúð á efstu hæð á frábærum útsýnisstað. 3 sv.herb. Verð 19,5 millj. 10036

ELDRÍ BORGARAR



HJALLABRAUT 33 - HAFNARFJ. Stærð 69,3 fm Verð 18,9 millj. 9643



FAGRIHVAMMUR - TVÆR ÍBÚÐIR Glæsileg 311 fm eign sem skiptist í tvær samþykktar íbúðir og bílskúr á frábærum stað. Verð 69 millj. 9906



HÓLMATÚN - ÁLFTANES Glæsilegt fullbúið 190 fm parhús m/bílskúr á góðum stað. 4 sv.herb. Frábær eign þar sem vandað hefur verið til allra verka.



VÖRÐUBERG - FALLEGT 168,6 fm parhús ásamt bílskúr. 3 sv.herb. Falleg lóð og verönd. Verð 36,9 millj. 5297



ÁLFHOLT - SÉRINNGANGUR 138,8 fm hæð og ris í skemmtilegu tvíþýli. 4 sv.herb. Gott útsýni. Verð 27,7 millj. 3453



HJALLABRAUT - ÚTSÝNI Góð 108,5 fm íbúð í góðu fjölþýli. 3 sv.herb. Frábært útsýni. Stutt í skóla og þjónustu. Verð 18,9 millj. 10010



KIRKJULUNDUR - GARÐABÆ Falleg 2ja herb. íbúð á 2. hæð ásamt stæði í bílag. Sérningangur. Góð staðsetning, stutt í alla þjónustu. Verð 23,5 millj. 10019



ÞRÚÐVANGUR - FALLEGT 173 fm einþýli ásamt bílskúr. 4 sv.herb. Glæsilegur garður og verönd. Verð 40,9 millj. 9787



BLIKAÁS - GLÆSILEGT Glæsilegt fullbúið parhús á frábærum útsýnisstað innst í botnlanga víð opíð svæði. Verð 44,9 millj. 10015



EFSTAHLÍÐ - SÉRINNGANGUR 143 fm neðri hæð í tvíþýli. 2 sv.herb. Falleg eign á góðum stað. Verð 30,9 millj. 9833




Sinn er síður í landi hverju. Vefsíða Expressen í Svíþjóð greindi frá því í vikunni að krimmahöfundurinn Camilla Läckberg hafi verið valin þar í landi höfundur fólksins í vefkosningu. Kosningin fór fram á tveimur vefsíðum tengdum bókmenntum og sendu ellefu þúsund lesendur inn val sitt og fékk Camilla flest atkvæði. Viðurkenningunni fylgdi verðlaunafé sem skáldkona lét ganga til góðgerðarsamtaka. Camilla segist furðu lostin yfir að hafa skotið þeim Marklund og Mankell ref fyrir rass. Fyrsta bók hennar kom út



í vor í íslenskri þýðingu og kallast Ísprinsessan og væntanlegar eru fleiri sakamálasögur hennar á vegum Ara útgáfu: Predikarinn og Steinhöggvarinn. Þá eru eftir Ógæfufugl og sagan sem hún vinnur nú að - Tyskungen. Þá hefur sænska ríkissjónvarpið afráðið að kvikmynda tvær af sögum hennar svo þess er að vænta að hróður hennar aukist enn og víðar.

-pbb

CAMILLA LÄCKBERG Afar vinsæll höfundur í heimalandi sínu.



> Dustaðu rykið af...

kvikmyndum **Gregory Peck**. Gullaldaræmur á borð við **To kill a Mockingbird**, **Cape Fear** og **The Guns of Navarone** eru fáanlegar á betri myndbandaleigum.

„UNDRABÖRN ERU ANDSTYGGILEG.“

AMADEUS

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Lau 28/10 kl. 14
Sun 29/10 kl. 14
Sun 5/11 kl. 14
Sun 12/11 kl. 14

MEIN KAMPF

Fös 27/10 kl. 20 Lau 28/10 kl. 20
Lau 4/11 kl. 20 Sun 5/11 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?

Sun 29/10 kl. 20 Fös 3/11 kl. 20
Fim 9/11 kl. 20 Fös 10/11 kl. 20

TÓNLISTARSKÓLI AKRANESS

Þjóðlagasveit tónlistarskólans á Akranesi
Mið 25/10 kl. 20:30
Miðaverð 1.500

FOOTLOOSE

Fös 27/10 kl. 20 Lau 28/10 kl. 20
Sun 5/11 kl. 20 Lau 11/11 kl. 20

AMADEUS

Fim 26/10 kl. 20 2.sýning Gul kort.
Lau 4/11 kl. 20 3.sýning Rauð kort.
Sun 12/11 kl. 20 4.sýning Græn kort
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 6.sýning

BRILLJANT SKILNAÐUR

Fim 26/10 kl. 20 Fim 2/11 kl. 20
Fim 9/11 kl. 20 Fim 16/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.

12 ÁRA OG YNGRI FRÍTT

Börn 12 ára og yngri, fá frítt í leikhúsið í fylgd með fullorðnum*

MANNTAFL

Sun 29/10 kl. 20 Fös 3/11 kl. 20
Fös 10/11 kl. 20 Sun 19/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.

Gildir ekki á barnasýningar og söngleiki

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

danny and the deep blue sea

“pönkuð ástarsaga”

Frumssýning:

fim 2. nóv kl: 20:00

Sýningar

fös 3. nóv kl: 20:00 **uppsett**

fös 3. nóv kl: 22:00 **uppsett**

lau 4. nóv kl: 20:00

lau 4. nóv kl: 22:00

Aðeins þessar sýningar

Miðaverð kr. 2000

Sýningin fer fram á ensku

ROCK'N ROLL Í 50 ár á Íslandi

Vegna mikillar aðsóknar og fjölda áskorana verða aukatónleikar í Austurbæ 25. og 26. október kl 20.00
Kynnir: Þorgeir Astvaldsson
Miðaverð kr. 2000

Miðasala Austurbæjar opinn 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

VEGGFÓÐUR.

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

Að pússa fortíðarspegilinn

Íslenska vitafélagið berst fyrir bættari strandmenningu hér á landi en með starfinu vilja félagar þar efla vitund fólks um þann auð sem býr við strendur landsins. Sigurbjörg Árna-dóttir er þar innsti kopper í búri en hún hefur sterkar skoðanir á íslenskri sögu-skoðun og fortíðarvanda.

Íslenska vitafélagið stendur fyrir röð fyrirlestra í vetur sem haldnir eru í samvinnu við Víkina-Sjóminjasafnið í Reykjavík og verður hinn fyrsti haldinn næstkomandi miðvikudag. „Þessi fyrirlestraröð er enn ein tilraun okkar til að vekja fólk til umhugsunar um þau tækifæri sem við eigum við strendur landsins,“ útskýrir Sigurbjörg. „Við í Vitafélaginu viljum vernda hlutina með því að finna þeim nýtt hlutverk og nota þá. Við sem reynum að halda byggð í þessu landi og fjölbreytileika í atvinnulífinu eigum svo mýmörg tækifæri við strendur landsins sem við erum ekki byrjuð að huga að.“

Ástæðan fyrir því að ekki hefur verið gert meira úr þeirri sögu og þeim verðmætum sem við búum yfir við strendur landsins eru margþættar. „Manneskjan er nú einu sinni þannig af guði gerð að hún sér sjaldnast það sem er fyrir framan nefið á henni,“ segir Sigrún og bendir á að það eigi ekki aðeins við um Íslendinga. „En hjá okkur er um að ræða lágstéttarmenningu þjóðarinnar, það var helvítis hokur og fátækt við strendurnar sem við erum ekkert ofboðslega stolt af.“ Félagar í Vitafélaginu eru ekki bara að glápa á vita heldur huga að allri menningu við strandirnar. „Vitinn er ekki aðeins vörður siglinga, heldur líka vörður strandmenningarinnar, hans hlutverk er að vera ávallt á mörkunum til dæmis milli lands og sjávar, ljóss og myrkurs, lífs og dauða,“ segir Sigurbjörg.

Því hefur félagið fengið til liðs við sig sérfróða einstaklinga, fræðimenn og frumkvöðla sem munu deila reynslu sinni í vetur. „Hér verður rætt um sögu og sjóskrímsli, tónlist, matargerðarlist og allt hvað eina,“ útskýrir Sigurbjörg. Fornleifafræðingurinn



VITINN ER EKKI AÐEINS VÖRÐUR SIGLINGA HELDUR STRANDMENNINGARINNAR Í HEILD „Okkar menningararfur er ekkert til að skammast sín fyrir. Við eigum að vera stolt af okkar sögu og nógu hugrökk til að horfast í augu við hana,“ segir Sigurbjörg Árna-dóttir, hagsjónakona og félagi í Íslenska vitafélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Ragnar Edvardsson ríður á vaðið og ræðir um minjar Baska við Íslandsstrendur næstkomandi miðvikudag. „Hann mun fræða okkur um dælitíð sem ekki einn einasti kjaftur veit nokkurn skapadán hlut um,“ segir Sigurbjörg spök og bendir á að það sé til háborinnar skammar hversu lítið sé vitað um strandmenninguna því til dæmis séu fræðimenn iðulega á kafi í víkingabæjum og kirkjum inni í landi. Að loknu kaffihléi mun tónlistarmaðurinn Valgeir Guðjónsson síðan flytja erindi sem hann kallar „Að syngja með sjónum“.

Sigurbjörg áréttar að hver þjóð þurfi sinn fortíðarspegil til þess að geta horfst í augu við framtíðina og nú sé komið að því að pússa þann spegil upp á nýtt. „Við eigum að vera stolt af okkar sögu og nógu hugrökk til að horfast í augu við hana. Þetta er okkar menningararfur og ekkert til að skammast sín fyrir – geri aðrir betur að hafa lifað af úti í ballarhafi,“ segir hún að lokum. Nánari upplýsingar um fyrirlestraröðina og störf hins Íslenska vitafélags má finna á heimasíðunni vitafelagid.com

-khh

Darwin fyrir fjöldann

Nú hefur verið hafist handa við að koma heildarverkum enska náttúrufræðingsins Charles Darwin á netið. Fréttaveita Yahoo greinir frá þessu og segir forsvarsmenn skjalasafns Darwins við Cambridge-háskóla hafa sett sér það markmið að gera 50 þúsund síður af texta og liðlega 40 þúsund myndir hans aðgengilegar á netinu fyrir tveggja alda afmæli vísindamannsins árið 2009. Óprentuð handrit og minn-

isbækur Darwins eru meðal þess efnis sem þegar er komið á netið en verkefnið er hálfnað.

Haft er eftir umsjónarmanni verkefnisins, John van Wyhe vísindasagnfræðingi, að hann hafi á undanförmum árum ferðast um heiminn til þess að safna öllu efni Darwins saman með það að markmiði að gera það aðgengilegt, ekki aðeins fyrir fáa útvalda fræðimenn heldur allan almenn- ing sem þyrstir í fróðleik þessa



NÁTTÚRUFRÆÐINGURINN CHARLES DARWIN Setti fram þróunarkenningu sína í bókinni Uppruni tegundanna árið 1859.

eins mikilvægasta vísindamanns sögunnar.

Verkin má nú nálgast á heimasíðunni <http://darwin-online.org.uk/>.

-khh

Salieri og tuskubrúðurnar

LEIKLIST

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

Amadeus

Borgarleikhúsið
Höfundur Peter Shaffer / **Þýðing** Valgarður Egilsson og Katrín Fjeldsted / **Tónlist** Mozart og Salieri **Leikarar** Hilmi Snær Guðnason / Víðir Guðmundsson / Birgitta Birgisdóttir / Ellert A. Ingimundarson / Pétur Einarsson / Theódór Júlíusson / Halldór Gylfason / Sigrún Edda Björnsdóttir / Gunnar Hansson / Orri Huginn Ágústsson / Jóhanna Vígdís Arnardóttir. **Hljóð** Ólafur Örn Thoroddsen / **Leikgervi** Sigríður Rósa Bjarnadóttir / **Lýsing** Halldór Örn Óskarsson / **Búningar** Helga I. Stefánsdóttir / **Leikmynd** Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir / **Leikstjórn** Stefán Baldursson.

Það hefur nokkuð vafist fyrir mér að skilja hvers vegna verið er að setja Amadeus upp núna. Verkið byggir á játnungum Salieris sem í óráði ku hafa játað á sig morð Mozarts á geðsjúkrahúsi – þótt á því séu í rauninni engar líkur, heldur þvert á móti, eftir því sem rannsóknir byggðar á heimildum frá tímum Mozarts komast næst. Þegar verkið kom fram á sínum tíma, sem kvikmynd og sviðsverk, gleypti heimurinn það hrátt eins og um sagnfræðilegt staðreyndaverk væri að ræða og hið ágæta tónskáld Salieri uppskar fyrirlitningu. En verkið er skáldskapur. Sem slíkt hafði það skemmtanagildi vegna þess að persóna hans sérkennilega og ærslafulla Mozarts var mjög fyrirferðarmikil. Í uppfærslunni í Borgarleikhúsinu að þessu sinni fer lítið fyrir Amadeusi sjálfum. Það er Salieri sem er í forgrunni. Við það tapast léttleikinn sem einkennið kvikmyndina og uppfærsluna sem t.d. var sýnd í Þjóðleikhúsinu fyrir um það bil þrjátíu árum. Vissulega önnur nálgun að verkinu – en býsna drungaleg.

Þessi nálgun er skiljanleg í ljósi þess að Hilmi Snær Guðnason fer með hlutverk Salieris. Hann er á sviðinu nánast alla sýninguna og segir söguna. Leikstjórinn hefur að langmestu leyti brugðið frá þeirri aðferð að sýna söguna á sviðinu um leið og hún er sögð. Það hefur alltaf verið fjárir vond latína að láta einn leikara standa á sviðinu og þylja sögu í hartnær þrjá tíma – en í þetta sinn gengur það upp. Ekki vegna þess að sagan sé svo athyglisverð eða trúverðug, heldur vegna þess að Hilmi er slíkur afburðaleikari að hann þarf ekki aðra með sér. Ekki einu sinni persónu Mozarts. Hilmi slær ekki feilpúst í persónusköpun, textaflutningi og frásögn, mótsagnakenndar tilfinningar Salieris til Mozarts skýrar. Tvær hlíðar á öllum peningum þar; ástin og addáunin fela í sér hatur og öfund. Enn sem fyrr er unun að horfa á Hilmi Snæ vinna.

Fyrir bragðið verða aðrar persónur bara fyrir, virka á mann eins og óþarfar tuskubrúður. Sjálfur Amadeus, sem Víðir Guðmundsson leikur, er algert aukaatriði. Að vísu er Víðir látinn reka upp hinar frægu fátæðings-hlátursrokur Mozarts öðru hverju – svona rétt til að minna á hvern hann er að leika og stundum fær eiginkona hans, Konstansa (Birgitta Birgisdóttir), að fljóta með. Þeim Víði og Birgittu er hálfgerð vorkunn, því lítil sem engin áhersla hefur verið lögð á draga persónur Amadeusar og Konstansu fram. Þau bara eru þarna eins og hver önnur uppfylling. Vongleði þeirra, ást og hamingja sem smám saman breytast í vonbrigði, depurð, skelfingu, harm og dauða, eru svo léttvæg að þeim atriðum sem það sýna er eiginlega „riggað af“ svo Salieri geti haldið áfram. Aðrar persónur eru furðulega fram settar. Allar „affekteraðar“ eins og þær hafi



Niðurstaða: Sem fyrr er unun að horfa á Hilmi Snæ vinna en það er stór galli á sýningunni að leikstjórinn skuli vera svo upptekinn af þessum eina leikara að allt annað líði fyrir það.

verið sóttar í eitthvert af háðsverkum Molieres, hvítalkaðar í framan og spjátrungslegar – það er eins og allir nema Salieri og Mozart hafi verið nautheimsk fífl. Búningar og gervi undirstrika þessa áherslu. Þetta er pirrandi galli á sýningunni. Það hefði verið svo miklu skemmtilegra að allar persónurnar væru eðlilegar.

Leikmyndin er ömurleg. Gráar grafir og krossar með álpappírsklastrí. Virkaði eins og hún hefði verið dregin út úr þriðja flokks amerískri vampírúvikmynd. Og sviðið snerist hring eftir hring allan tímann, sjálfsagt til að hafa einhverja hreyfingu á sýningunni. Virkaði illa. Ekki bætir úr skák að lýsingin er dimm og drungaleg. Það vantar í sýninguna alla þá birtu sem einkennið tónlist Mozarts, lífsgleðina og skopskynið sem einkennið óperur hans. Það er eins og lýsingin hafi verið hönnuð í kringum síðasta verk hans, Sálumessuna.

Þótt vissulega sé dásamlegt að horfa á Hilmi Snæ leika hlutverk Salieris, verður að segjast eins og er að það er stór galli á sýningunni að leikstjórinn skuli vera svo upptekinn af þessum eina leikara að allt annað líði fyrir það. Hvers vegna bjó hann ekki bara til einleiks-leikgerð upp úr verkinu?

Þjóðleikhúsið
Þjóðleikhúsinu
 W. A. MOZART
ATH! SÍÐUSTU SÝNINGAR
BROTNNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart 25 ára og yngri: 50% afsl.
 9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS - 10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR
 Kynning fyrir sýningu í boði VIÓ kl. 19.15
SKUGGALÉIKUR - NÝ ÍSLENSK ÓPERA - FRUMSÝNING 18. NÓVEMBER - miðasala hafin
 Tónskáld: Karólína Eiríksdóttir, textahöfundur; Sjó Samstarfsverkefni Íslensku Óperunnar og Strengjaleikhússins
 www.opera.is opera@opera.is Sími: 511 4200
 Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn. ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00

STÓRFENGLEG eftir Peter Quilter
 Frumsýning 27/10 **uppsett**, 2. sýn. lau. 28/10 **uppsett**, 3. sýn. sun. 29/10 örfá sæti laus, 4. sýn. lau. 4/11 örfá sæti laus, 5. sýn. sun. 5/11 örfá sæti laus, 6. sýn. lau. 11/11 örfá sæti laus, 7. sýn. sun. 12/11 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 18/11 örfá sæti laus.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökullsson.
 Sun. 29/10 örfá sæti laus, sun. 5/11 kl. 14:00 **uppsett**, lau. 11/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 12/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 18/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 19/11 kl. 14:00 **uppsett**.

PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kornákur.
 Fim. 2/11 örfá sæti laus, fös. 3/11 **uppsett**, fim. 9/11 örfá sæti laus, fös. 10/11 örfá sæti laus, fim 16/11, fös. 17.11.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00

SUMARDAGUR eftir Jon Fosse.
 Lau. 28/10. **Allra síðasta sýning!**

FOSSE HÁTÍÐ:
SUZANNAH eftir Jon Fosse/tónlist Atli Ingólfsson
 Gestaleikur frá Cinnober leikhúsinu í Gautaborg.
 Í kvöld fim. 19/10 örfá sæti laus, fös. 20/10.

NAFNID OG SONURINN – leiklestur á tveimur verkum eftir Jon Fosse
 Lau. 28/10 kl. 15:00–17:00. Aðgangur ókeypis.

MÁLÞING UM HÖFUNDARVERK JONS FOSSE
 Sun. 29/10 kl. 15:00–17:00. Aðgangur ókeypis. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is.

LEIKHÚSLOFTIÐ KL. 11:00 og 12:15

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
 lau. 28/10 kl. 11:00 **uppsett** og kl. 12:15 **uppsett**, sun. 29/10 kl. 11:00 **uppsett** og kl. 12:15 **uppsett**, lau. 4/11 kl. 11:00 og kl. 12:15 örfá sæti laus, sun. 5/11 kl. 11:00 og kl. 12:15.

Farandleikisýning í framhaldsskólum landsins í október

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker
 Fjölbautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki í dag mán. 23/10,
 Menntaskólinn á Ísafirði mið. 25/10.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is
 Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

HVAD? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

20 21 22 23 24 25 26

Mánudagur

■ SÝNINGAR

- 10.00 **Bjarni Ragnar Haraldsson** sýnir í **Listhúsi Ófeigs** við **Skólavörðustíg**. Sýningin ber heitið **Séð fyrir horn** en hún er opin milli 10-18 á virkum dögum og 11-16 á laugardögum.
- 10.00 Yfirlitssýningin **Málverkið eftir 1980** stendur yfir í **Listasafni Íslands** við **Frikirkjuveg**. Sýningarstjórar eru **dr. Halldór Björn Runólfsson** og **Laufey Helgadóttir**.
- 11.00 **Húbert Nói** og **Jón Sæmundur** sýna í **Gallery Turpentine** í Ingólfsstræti. Sýningarnar standa báðar frá 14.-28. okt.
- 11.00 í **Gerðarsafni** standa yfir þrjár sýningar í tilefni af **Kanadískum menningardögum** í **Kópavogi**.
- 11.00 Sýning á málverkum **Bjarna Jónssonar** stendur nú yfir í versluninni **Mublunni, Nýbýlavegi 18** í Kópavogi. Bjarni sýnir þjóðlífsmyndir og geómetrísk abstraktverk. Sýningin er opin á þjónustutíma verslunarinnar milli 11-18 á virkum dögum og 11-16 um helgar.

Sýnt í lönó

BEST Í HEIMI

Frumssýning Uppsett 28. okt.
 Sunnudagur 29. okt.
 Laugardagur 4. nóv.
 Sunnudagur 5. nóv.

Miðasala er opin virka daga frá kl. 11-16 og 2 tímum fyrir sýningar.
 Sími 5629700 www.idno.is Sýningar kl. 20

Jólaátak hjá Hress

Hefst 30. október

8 vikna átak

13 kg farin

25 kg farin

INNIFALIÐ Í VERÐI:

- Þrjár lokaðir, árangursríkir og fjölbreyttir tímar í viku
- Kennsla í höndum fagfólks
- Vigtun, fitu- og ummálmæling
- Fræðsluefni
- Frjáls mæting í alla opna tíma og tækjasal
- Fylgst með mataræði

Skráning og nánari upplýsingar í síma 565 2212 eða á mottaka@hress.is
Hringdu strax og skráðu þig! Verð kr. **18.990**

8. vikna Rópeyoga námskeið að hefjast
 Tímar á mán., mið. og fös. kl. 06.00 og 17.30 Verð **19.900.-**

Dalshrauni 11 220 Hafnarfirði Sími 565 2212 www.hress.is hress@hress.is

HRESS

Michael reykir jónu í viðtali

George Michael virðist enn og aftur hafa komið sér í mikil vandræði því hann sést reykja væna jónu í sjónvarpsþætti ITV-sjónvarpsstöðvarinnar. Heilsuverndarsamtökin Rethink í Bretlandi hafa lýst fyrrum forsprakka '80 hljómsveitarinnar Wham! sem barnalegum og vitlausum. Michael sést kveikja sér í kannabisvafningi í Madrid og segir við tókuliðið: „Þetta heldur geðheilsunni í lagi og mér glöðum.“

Rethink-samtökin hafa lýst því yfir að reykingar kannabisefna geti valdið margvíslegum kvillum á bæði líkama og sál. Talsmaður söngvarans neitaði að tjá sig um málið að svo stöddu en Michael hefur verið töluvert í kastljósi

fjölmiðlanna eftir að lögreglan í London hefur tvívegis þurft að hafa afskipti af honum vegna áhuga hans á kannabisefnum.

Talsmaður ITV-sjónvarpsstöðvarinnar sagði að viðtalið hefði verið tekið upp á heimili hans í London og í Madrid. „Við verðum hins vegar að hafa í huga að atríðið þar sem George Michael reykir jónuna er tekið upp á stað þar sem kannabisreykingar eru löglegar.“ Michael viðurkenndi jafnframt að kannabisefni væru langt frá því að vera hættulausar og gætu valdið því að fólk myndi missa allan metnað í lífinu. Hann sagðist hins vegar ekki eiga í einhverjum eiturlýfjavandræðum.



GEORGE MICHAEL Sagði kannabisreykingar halda sér á jörðinni og hamingjusömum.

STIMOROL NÝTT FUSION

- nýtt SYKURLAUST tyggjó

Sætt ytra lag tyggjósins blandast við frískandi bragð miðjukjarnans sem saman myndar nýtt og einstakt bragð.

Tvær bragðtegundir: Jarðarber/lima vanilla/mynta

www.stimorol.com

Fyrsta búð Birnu á Íslandi

Birna Karen Einarsdóttir hefur um hríð selt vörur sínar úti í heimi við góðan orðstír. Hún hefur nú opnað fyrstu búð sína á Íslandi.

Mikill uppgangur er í miðbæ Reykjavíkur þessa dagana og nú hefur ný tiskuvörverslun bæst í hópinn en hún selur aðeins fatnað eftir íslenska hönnuðinn Birnu Karen Einarsdóttur. Það eru eflaust margir sem kannast við vörurnar hennar Birnu enda hefur hún selt þær í hinum ýmsu búðum hérlendis undir sínu eigin nafni. Birna segir að búðin á Íslandi hafi lengi verið í bígerð hjá henni. Hún er sjálf búsett í Kaupmannahöfn þar sem hún hefur starfrækt sína eigin búð í eitt ár og hefur reksturinn þar gengið vonum framár.

„Mig hefur alltaf langað til að opna búð á Íslandi sem selur alla fatalínuna mína í heild sinni og þar sem ég get veitt persónulega og góða þjónustu við viðskiptavininn. Það skiptir mig öllu máli,“ segir Birna en búðin, sem gengur undir sama nafni, var opnuð á Skólavörðustíg 2 í vikunni. Þetta er algjör draumastadsetning að sögn Birnu en hún setti á frest búðaropnun í Árósum til að geta opnað búð á Íslandi. „Þegar ég frétti að þetta húsnæði væri laust stukkum við á það. Það var fyrir þremur mánuðum þannig að það má segja að við höfum opnað þessa búð á metfíma.“



ÁNÆÐ Á OPNUNINI Birna er ánægð með að vera búin að opna búð í Reykjavík en hún segir að staðsetningin hafi ráðið úrslitum í ákvörðun sinni með að opna búð. Búðin er staðsett á Skólavörðustíg 2. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA



TIGER Blúndukjól með skemmtilegu munstri.

litum.

„Það hafa allir tekið mjög vel í þetta og hlakka ég til að sjá hvernig íslenskar konur taka fótunum,“ segir Birna og er á fullu þessa dagana að undirbúa fatalínu sína fyrir næsta haust.

alfrun@frettabladid.is



FALLEG HÖNNUN Búðin er opin, björt og aðgengileg fyrir viðskiptavininn.



RÚLLUKRAGI Fallegur bolur frá Birnu með kraga með skrauti.

KÁPAN Birna er fræg fyrir þessar hlýju og góðu ullarkápur sem eru til í hinum ýmsu stærðum og gerðum.

Höldum óhreinindum á mottunni

Úti- og innimottur fyrir íslenskar aðstæður



NOTRAX gólfmottukerfið

...fjarlægir óhreinindi og vætu af skóm
...hindrar að gólfnið innandyrna verði hált
...heldur anddyrinu hreinu og snyrtilegu

Á tilboði
í október 2006
Úti- og innimottur
af ýmsum gerðum
og stærðum

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Sigþóra Gunnarsdóttir
Sölumaður í verslun RV

Stílisti U2 gefst ekki upp


Eins og áður hefur komið fram heyja nú U2-menn og fyrrverandi stílisti þeirra, Lola Cashman, stríð fyrir dómstólum um yfirráð yfir flíkum sem U2-menn segja Lola hafa stolið af þeim. Auk Stetson-hattsins sem Bono var með á hausnum á umslagi plötunnar Rattle and Hum snýst baráttan um eitt par af eyrnalökkum, bómullarpeysu og svartar buxur. Á þriðja degi réttarhaldanna greindi Lola frá því að samband hennar við Bono hefði verið mjög náð. Sem sönnun fyrir því lét hún sýna myndband frá tónleikum U2. Þar rýkur hún á sviðið með kampavínsflösku, sparkar í „karlmennsku“ Bonos og skýtur kampavinstappanum framan í hann. Á myndbandinu brást Bono við þessu með því að segja elska hana og biðja hana að koma aftur. Þetta telur Lola vera sönnun á sérstöku sambandi hennar við Bono, og styðja þá fullyrðingu hennar að henni hafi verið gefin fötin. Bono



LÖGMÆTUR EIGANDI STETSON-HATTISINS? Bono hefur lýst því yfir að honum finnst réttarhöldin þínleg, en hann er væntanlega ekki einn um það.

FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

hefur áður sagst fara hjá sér út af réttarhöldunum og það er kannski ekki nema von.



Við rúllum samkeppninni upp!

Fréttablaðið er **mest lesna dagblað landsins** skv. nýrri könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið hefur verulegt forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölublað hjá öllum aldurshópum (12-80 ára) á öllu landinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið



Nýtt í bíó

MÝRIN KYKIMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK
BYGGD Á METSOLUBÓK ARNALDAR INDRIDASONAR

DEVIL WEARS PRADA DRÁUGAHÚSIÐ ISL. TAL
TALLADEGA NIGHTS
PETTA ER EKKERT MÁL
CRANK
ACT NORMAL

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

MÝRIN	Kl. 3.50, 5.50, 8 og 10.10 BL 12 ÁRA
SÝND Í LÚXUS	Kl. 3.50, 5.50, 8 og 10.10
DEVIL WEARS PRADA	Kl. 5.40, 8 og 10.20
DRÁUGAHÚSIÐ ISL. TAL	Kl. 4 og 6 BL 7 ÁRA
MONSTER HOUSE ENSKT TAL	Kl. 3.50 BL 7 ÁRA
TALLADEGA NIGHTS	Kl. 5.40, 8 og 10.20
JOHN TUCKER MUST DIE	Kl. 8 og 10
GRETTIR 2 ISL. TAL	Kl. 3.50

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

MÝRIN	Kl. 6, 8.30 og 10.30 BL 12 ÁRA
DEVIL WEARS PRADA	Kl. 5.40, 8 og 10.20
DRÁUGAHÚSIÐ ISL. TAL	Kl. 6 BL 7 ÁRA
TALLADEGA NIGHTS	Kl. 8
PETTA ER EKKERT MÁL	Kl. 5.50 og 8
CRANK	Kl. 10.15
ACT NORMAL	Kl. 10.20

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

MÝRIN	Kl. 6, 8 og 10 BL 12 ÁRA
DEVIL WEARS PRADA	Kl. 6 og 8
TEXAS CHAINSAW MASSACRE	Kl. 10 BL 18 ÁRA

20% AFSLÁTTUR FYRIR VIÐSKIPTAVINI Í GULLVILD OG PLÁTINUM GLITNIS, EF GREITT ER MEÐ GREIÐSLUKORTI FRÁ GLITNI

450 kr. í bíó!

Sími 553 2075

BYGGD Á METSOLUBÓK ARNALDAR INDRIDASONAR

MÝRIN KYKIMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK

BILVÆÐREMMTUN Jackass number two

VARÚÐ EKKI FYRIR VIÐKVÆMA

Sýnd kl. 6, 8 og 10 bl. 12

Sýnd kl. 8 og 10 bl. 18

Sýnd kl. 6, 8 og 10 bl. 12

Sýnd kl. 6 ISL. TAL. bl. 7

www.laugarasbio.is



PARIS HILTON Hefur fundið sér nýtt leikfang en það er fyrirsetan James Neatre.

París með nýtt leikfang

Fyrirsætan og hótelerfinginn Paris Hilton hefur eignast nýtt „leikfang“ en það er fyrirsetan James Neatre. Hilton sást með honum á veitingastaðnum Koi í Los Angeles en þaðan héldu þau hönd í hönd á tiskumessu í Englaborginni. Sérfræðingar spá Neatre miklum frama í tiskuheiminum en hann er frá New York og vinnur sína vinnu þar. „Hann er mjög ljúfur,“ sagði Hilton um Neatre í nýjasta tímariti In Touch Weekly. Hann fékk hins vegar ekki að vera lengi úti, átti að sinna fyrirsætustörfum snemma um morguninn og fór upp á hótélherbergi til að sofa. Hilton sló hins vegar hvergi af, hringdi í nýju „gömlu“ vinkonurnar

sínar, þær Lindsay Lohan og Nicole Richie, og saman máluðu þær bæinn rauðan og dönsuðu uppi á borðum á næturklúbbnum Hyde.

NICOLE RICHIE

Hápunktinum náð með Brazilian Girls

Laugardagskvöldið hefur í yfirleitt verið stærsta kvöldið á Airwaves og þetta ár var engin undantekning. Gífurlega þétt og spennandi dagskrá og ljóst að maður yrði að sætta sig við að missa af mörgum spennandi atriðum.

Tónleikar byrjuðu reyndar strax upp úr hádegi á þeim stöðum sem voru utan við hina opinberu dagskrá. Ég byrjaði daginn í Kaffi Hljómalind þar sem Grandmother Records stóð fyrir tólf tíma dagskrá. Paul Lydon var þar með atriði og skilaði sínu vel. Ljúf og róleg tónlist sem virkaði eins og slökunarmedferð fyrir átök kvöldsins.

Um kvöldið byrjaði ég á því að kíkja á Gaukinn þar sem tímaritið Clash sá um dagskrána. Þegar ég mætti á svæðið var fönkbandið Nortón á sviðinu. Sumar sveitir sér maður bara á Airwaves og Nortón virkaði hnitmiðaðri og þéttari núna heldur en fyrir ári. Næst kom ný sveit þeirra Beatmakin Troopa og Rain, Audio Improvement. Efnileg og vel grúvandi hiphop-sveit. Eftir nokkur lög hélt ég yfir í Hafnarhúsið þar sem Pétur Ben var að spila ásamt hljómsveit. Pétur hefur fína sviðsnærveru. Áheyrendur þekktu greinilega lögina hans og fögnuðu ákaft þegar hann spilaði slagaran White Tiger. Næst var komið að Bigga Maus með sjö manna sveit. Hans tónlist var flott sam-



BRAZILIAN GIRLS Hápunktur Airwaves með sambland af elektró, fönki, reggi og fleiri stefnum.

bland af raftónlist og lífrænu poppi. Hljóðfæraskipanin frekar óvenjuleg, m.a. þverflauta, óbó og fiðla. Það verður spennandi að heyrja plötuna hans til þess að meta lögina betur, en þetta hljómaði vel. Flottar útsetningar.

Næst hélt ég aftur yfir á Gaukinn þar sem Johnny Sexual var á góðri siglingu með sitt létt perverska retró-tekno-pop. Hrát, einfalt og gott. Johnny var með erótíska myndasýningu á tjaldi á bakgrunnum og var skemmtilega kæruleysislegur og svalur á sviðinu. Á eftir honum kom rafpopsveitin Sometime sem kom fram í sérsaumuðum búningum. Greinlega allt mjög vel úthugað og undirbúið. Danni, Rósa, DJ Dice og Curver. Ágæt sveit og margt vel gert, t.d. hnitmiðað og flott skrats, en lögina hljóma svolítið of keimlík. Lokalagið Heart of Spades fékk sterk viðbrögð og er greinilega þegar orðið hittari.

Eftir stutt innli á Tilraunaeldhúskvöldið í Iónó þar sem Borkó var að gera allt vitlaust og á Partyzone-kvöldinu á Pravda var komið að Amöndu Blank á Gauknum. Amanda er rappari frá Filadelfíu og kom fram ásamt tveimur stelpum, önnur sá um taktana, en hin rappaði. Ég veit ekki hvort þessi tónlist á eftir að lifa, en þetta eru skemmtilega töff stelpur sem þömbuðu bjór og voru með stæla.

Valið var sérstaklega erfitt á miðnætti. Kaiser Chiefs, WhoMadeWho, Jens Lekman og Brazilian Girls. Ég ákvað að taka síðastnefnda kostinn og sá ekki eftir því. Tónleikarnir þeirra voru hápunktur kvöldsins og hápunktur Airwaves 2006 að mínu mati. Tónlist Brazilian Girls er sambland af elektró, fönki, reggi og fleiri stefnum. Sveitin hefur gefið út tvær ágætær plötur og byrjaði á fyrsta laginu af nýju plötunni Jique. Söngkonan Sabina Sciubba

mætti á sviðið með svartan ruslapoka yfir sér sem á stóð Tu Caca. Hún söng fyrsta lagið í pokanum, en reif hann svo af sér og var þá klædd hálfagnsæum samfesting sem var þakinn semilústeinum. Sérstaklega svöl innkoma. Burðarverkið í Brazilian Girls er rympaparið. Ótrúlega þétt og trommuleikarinn ekkert minna en snillingur. Hljómborðsleikarinn kemur með fyllinguna og Sabina gefur sveitinni sjón- og tónræna litadýró. Flott söngkona sem minnir stundum á Ninu Hagen. Meðlimir Brazilian Girls eiga að baki feril í ýmsum djasssveitum og sveitin er miklu betri á tónleikum heldur en á plötunum. Þau náðu upp gróðarlegri stemningu sem náði hámarki með sing-along slagaranum Pussy. Þá ætlaði þakið af Nasa. Snilld.

Eftir þennan hápunkt rölti ég yfir á Þjóðleikhúskjallarann þar sem kanadíska indveitinn Patrick Watson fór á kostum. Hennar dagskrá einkenndist af hómor og spilageði. Þaðan var það yfir á Gaukinn þar sem elektró-pönk-fönk sveitin Spektrum átti ágætan leik og svo kláraði ég kvöldið á Nasa með Dr. Mister & Mister Handsome. Undanfarin ár hefur Gusgus klárað laugardagskvöldið á Airwaves með stæl, en settið hjá Dr. Mister var frekar rislitið og kaótískt. Þeir náðu ekki almennilega að hita upp salinn þó að áhorfendur hafi fangað Is it Love? og Kokaloca...

Á heildina litið var þetta hörkukvöld. Góð mæting á alla staði, en biðaðirnar samt ekki óyfirstíganlegar.

Trausti Júlíusson

ÍSLAND Á TEIKNIBORÐINU

HAUSTÞING FRAMTÍÐARLANDSINS

NORDICA SUNNUDAGINN 29. OKTÓBER KL. 10–16

Hvar erum við núna? Hvert viljum við fara? Hvernig getur framtíðarlandið litid út?

Framtíðarlandið býður þér að teiknaborðinu til að skoða hugmyndir frumkvöðla og fagmanna af ólíkum sviðum íslensks atvinnulífs um fjölbreytta möguleika okkar og samspil þeirra. Hvar erum við? Hvert viljum við fara? Og hvaða áttavita eigum við að nota á leiðinni inn í framtíðina?

SKRÁNING Á FRAMTÍÐARLANDID.IS

Engin krossfesting

Bandaríska sjónvarpsstöðin NBC hefur ákveðið að sýna ekki myndskreið af söngkonunni Madonna uppi á krossi á tónleikum sem verða sýndir með henni 22. nóvember.

Á tónleikunum stígur Madonna á krossinn með þyrnikórónu á höfðinu. Segir hún atriðið eiga að fjalla um játningu.

Margir trúarleiðtogar hafa sett sig upp á móti athæfi söngkonunnar og segja það lélega auglýsingabrellu. Hétu þeir því að fá fyrirteki til að hætta við að auglýsa í kringum tónleikana og af þeim sökum ákváðu stjórnendur NBC að gefa eftir og taka myndskreiðið út.

MADONNA Söngkonan Madonna er umdeild sem fyrr. Nú eru bandarískir trúarleiðtogar bálreiðir út í hana.



Vill börn

Nú hefur óskarsverðlaunaleikkonan Nicole Kidman lýst því yfir að hana langi til að fara að eignast börn. Eftir aðeins nokkurra mánaða hjónaband hennar og kántrí-söngvarans Keiths Urban hefur Kidman sett sig í samband við frjógvunarstöð í Los Angeles og er byrjuð að taka lyf til að auka líkur með eiginmanni sínum á að eignast börn. Leikkonan er orðin 39 ára gömul og veit að hún á ekki auðvelt verkefni fyrir höndum en fyrir á hún tvö ættleidd börn ásamt fyrrverandi eiginmanni sínum, Tom Cruise.



NICOLE KIDMAN Er ólm í að eignast börn með eiginmanni sínum Keith Urban.

www.haskolabio.is

Pegar hættan steðjar að ... fórna þeir öllu

Frá leikstjóra "The Fugitive"
THE GUARDIAN
Ekki missa af kraftmestu spennumynd ársins.

HILARY DUFF HAYLIE DUFF
ANJELICA HUSTON
MATERIAL GIRLS
Systurnar Hilary Duff og Haylie Duff fara hér á kostum í frólegri söfnunarkvíggætt.

„Nútt lágmark“
WASHINGTON TIMES
★★★★
BILUÐ SKEMMTUN!
★★★★
- ILO - MBI
Jackass number two

BYGGD Á METSÖLUBÓK
ARNALDAR INDRIDASONAR
Vardveitt líffítt fyrir ögnun óðinnarins
MYRIN
KVÍKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK
FRETTLAÐIÐ
20% AÐSLÁTTUR FYRIR VIÐSKIPTAVINI Í GULVILD OG PLATÍNÚM GLITNIS MED GREIÐSLUKORTI FRÁ GLITNI
GLITNIS

Frá leikstjóra "The Fugitive"
THE GUARDIAN
Ekki missa af kraftmestu spennumynd ársins.

WORLD TRADE CENTER
Stórmynd sem letur engan ósnortin.

ÓBYGGÐIRNAR
"THE WILD"
Sýnd með íslensku og ensku tali!

Trufflaðasta
Beerfest

THE QUEEN
S.V. MBI
EINN ÖVANTASTI GLEIÐJAFI ÁRSINS
★★★★

MYRIN (Mogga Tilboðið gildir ekki)	kl. 6 - 7 - 9 - 10	B.I. 12	THE QUEEN	kl. 6 - 8	B.I. 12
THE GUARDIAN	kl. 6 - 9	B.I. 12	AN INCONVENIENT TRUTH	kl. 10:10	Leyfð
WORLD TRADE CENTER	kl. 8 - 10:30	B.I. 12	BÖRN	kl. 8	B.I. 12

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓN / ÁLFABAKKA			SAMBÍÓN / KRINGLUNNI			SAMBÍÓN / KEFLAVÍK			SAMBÍÓN / AKUREYRI					
THE GUARDIAN	kl. 5 - 8 - 10:10	B.I. 12	BEERFEST	kl. 8	B.I. 12	THE GUARDIAN	kl. 5:30-8:30-10:10	B.I. 12	MYRIN	kl. 8 - 10	B.I. 12	THE GUARDIAN	kl. 8 - 10:30	B.I. 12
THE GUARDIAN VIP	kl. 5 - 8		STEP UP	kl. 6	B.I. 7	MATERIAL GIRLS	kl. 6 - 8	Leyfð	JACKASS NUMBER TWO	kl. 8	B.I. 12	THE THIEF LORD	kl. 6	Leyfð
MATERIAL GIRLS	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	Leyfð	THE THIEF LORD	kl. 4	Leyfð	BEERFEST	kl. 10:10	B.I. 12	WORLD TRADE CENTER	kl. 10	B.I. 12	MATERIAL GIRLS	kl. 6 - 8	Leyfð
JACKASS NUMBER TWO	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	B.I. 12	ÓBYGGÐIRNAR MI-ÍSLI	kl. 3:40	Leyfð	BÖRN	kl. 8	B.I. 12				JACKASS NUMBER TWO	kl. 10	B.I. 12
WORLD TRADE CENTER	kl. 5:30 - 8 - 10:30	B.I. 12				THE THIEF LORD	kl. 6	Leyfð						

Mogga **BÍÓ** á mánudögum **2 fyrir 1** í bíó* sjá miða framan á *gildir ekki á mýrina fyrir áskrifendur morgunblaðinu í dag

www.sambioin.is 375 8900 www.sambioin.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Það ríkir sjaldan lognmolla í lífi **Sharon Osbourne**. Sharon hefur greint frá því opinberlega að hún hafi átt við þyngdarvandamál að stríða. Fyrir sjö árum gekkst hún undir svokallaða gastric banding-aðgerð, en þá er þengt að efri hluta magans með bandi. Undanfarið segist Sharon hins vegar hafa farið í

fyrja horf, hún borði þar til hún kasti upp og haldi svo áfram að borða. Nú virðist hún hafa ákveðið að vandinn sé sálrænn, og ætlar að láta fjarlægja bandið og kljást við átröskun sína með hjálp sálfræðings.

OC-stjarnan **Mischa Barton** hefur fengið nóg af að vera með frægum strákum. Hún segist búin að fá nóg af ofvöxnu egói þeirra, og finnst það truflandi að vera með strák sem er jafn annt um útlit sitt og henni um sitt. Mischa er nú á laflausu en er að leita sér að einhverjum sem gæti kitlað hláturtaugar hennar.

Rapparinn með mörgu nöfnin sem nú kallast **Diddy**, hefur sagt frá því að hann hafi elskað að stunda hópkylnif í kampavinsbaði þegar hann var maður einsamall. Hann hefur einnig jatað að áráttu hans fyrir hópkylnif með matarivafi hafi farið úr böndunum. Diddy stendur hins vegar fast á því að hann hafi snúið baki við þessum lífnaðarháttum, en kærasta hans, Kim Porter, ber nú tvíbura þeirra undir belti.

Leikkonan unga **Lindsay Lohan** er með miklar framtíðaráætlanir. Ekki er nóg með að hún ætla að vera komin í hjónaband og orðin móðir fyrir þrítugt heldu ætlar hún að gefa út plötu og vinna Óskarinn fyrir þann tíma. „Ég vil gera plön fram í tímann og þetta er mitt plan,“ segir leikkonan unga.



Survivor: Cook Islands

Hver fær að fjúka af eyjunni í kvöld?
Fylgstu með Survivor: Cook Islands kl. 21.00 á SKJÁEINUM.

SKJÁEINN næst í gegnum Skjáinn og Digital Ísland

> Óskabyrjun Margrétar

Margrét Lára Viðarsdóttir lék í gær sinn fyrsta leik fyrir þýska liðið Duisburg. Hún skoraði úrslitamarkið í leiknum sem var gegn Þýskalandsmesturum Potsdam og vannst 3-2. Þetta var leikur í 32-liða úrslitum þýsku bikarkeppninnar en Potsdam vann einmitt bikarinn á síðasta leiktímabili. Margrét var í byrjunarliðinu en var tekin af velli þegar rúmar tíu mínútur voru til leiksloka, mark hennar kom á 50. mínútu. Margrét var fyrir rúmri viku valin besti leikmaður Landsbankadeildar kvenna.



sport
sport@frettabladid.is

IAN JEFFS: ÆTLAR SÉR ÍSLENSKU LEIÐINA Í STÆRSTU DEILDIR EVRÓPU

Klára ferilinn á Íslandi og sest þar að

Ian Jeffs og félagar í sænska 1. deildarliðinu Örebro tryggðu sér um helgina sæti í sænsku úrvalsdeildinni eftir sigur á Assyriska á heimavelli en helstu keppinautar liðsins um 2. sæti deildarinnar, Brommapojkarna, töpuðu fyrir Trelleborg á heimavelli. Trelleborg vann deildina með talsverðum yfirburðum. Ian lék hér á landi í þrjú ár, ávallt með ÍBV, áður en hann hélt utan síðastliðinn vetur.

„Við spiluðum kannski ekki vel en úrslitin voru frábær,“ sagði Ian við Fréttablaðið í gær. „Þetta er afar ánægjulegt enda kom ég hingað til að spila í efstu deild. Félagið sagði mér þegar ég kom að stefnan væri sett upp og trúði ég þeim.“

Hann var fastamaður hjá Örebro í sumar ef frá eru taldir nokkrir leikir sem hann missti af snemma móts vegna meiðsla. „Sumarið var gott hjá mér og tel ég að mér hafi gengið ágætlega. Ég held að þessi deild og íslenska úrvalsdeildin eru nokkuð svipaðar að gæðum.“

Ian kom fyrst til Vestmannaeyja árið 2003 og segir að þá hafi hann ekki vitað hvað tæki við að tímabilinu loknu. En hann ákvað að koma aftur og setti sér það markmið að komast að hjá góðu liði á Norðurlöndunum. „Þetta gengur allt eftir áætlan hjá mér og er

ég ánægður með þær ákvarðanir sem ég hef tekið hingað til. Þetta er alls ekki hefðbundin leið fyrir enskan knattspyrnumann að koma sér áfram enda tel ég mig vera að haga mínun málum eftir íslensku leiðinni. Ég vil auðvitað komast til félags í einu af stóru deildunum í Evrópu.“

Ian, sem er nýorðinn 24 ára, á íslenska kærustu og munu þau koma aftur til Íslands um jól. Hann segist sakna Vestmannaeyja en heldur góðu sambandi við vini sína þar. „Ég hef fylgst með gengi ÍBV og það var algjör synd að liðið féll í haust. Ég held að liðið þeirra nú sé betra en það sem við vorum með í fyrra. En það er stefnan hjá mér að koma aftur til Íslands undir lok ferilsins og klára hann þar. Ég og kærasta mín höfum rætt það að setjast þar að þegar ferlinum er að ljúka. Vonandi verða síðustu árin jafn góð og þau fyrstu.“



Jón Arnór Stefánsson frá í þrjár vikur:

Lið Loga og Jóns töpuðu

KÖRFUBOLTI Bæði lið Loga Gunnarssonar og Jóns Arnórs Stefánssonar töpuðu sínum leikjum um helgina. ToPo, lið Loga í finnsku úrvalsdeildinni, tapaði á útivelli fyrir TC, 96-83, og var Logi annar stíghæstu leikmanna liðsins með 20 stig. ToPo er sem stendur í sjötta sæti deildarinnar sem telur

alls tólf lið. Liðið hefur unnið fjóra leiki en tapað þremur.

Jón Arnór kom ekki við sögu er Pamesa Valencia tapaði á útivelli fyrir Alta Gestion í spænsku ACB-deildinni. Hann meiddist í síðasta leik og verður frá næstu þrjár vikurnar. Valencia hefur unnið einn leik af fjórum í deildinni. - esá

Norrköping og Hafþór Ægir Vilhjálmsson:

Tilboð væntanlegt í dag

FÓTBOLTI Sænska 1. deildarliðið Norrköping mun í dag senda í Á tilboð í Hafþór Ægir Vilhjálmsson, að sögn Vilhjálmssonar Birgissonar, föður Hafþórs. „Liðin hafa verið að ræða sín á milli og framhaldið kemur betur í ljós þegar

tilboðið verður skoðað. En eins og alltaf í þessum málum tekur þetta ferli ákveðinn tíma og þetta er allt á eðlilegum hraða,“ sagði Vilhjálmur. Hafþór æfði með Norrköping á dögnum og gekk vel. - esá

Roland gerði gæfumuninn

Stjarnan vann sinn fyrsta deildarleik á tímabilinu þegar liðið lagði ÍR með fimm marka mun. Roland Valur Eradze fór hamförum í marki Stjörnunnar.

HANDBOLTI „Munurinn lá bara í Roland Eradze,“ sagði Björgvin Hólmgeirsson, skytta ÍR-inga, eftir að liðið tapaði fyrir Stjörnunni í gær. Roland Valur varði alls 29 skot fyrir Stjörnuna í leiknum og lagði það grunninn að 30-25 sigri Stjörnunnar á heimavelli sínum. Þetta eru fyrstu stig Stjörnunnar í deildinni en eftir að hafa leikið fjóra leiki er liðið með tvö stig á botni deildarinnar líkt og ÍR.

Það var hart barist í Ásgarði í gær enda leikurinn mjög mikilvægur fyrir bæði lið. Þegar staðan var jöfn 5-5 datt leikur ÍR-inga niður á talsvert löngum kafla og næstu sjö mörk komu frá heimamönnum. Í hálfleik var Stjarnan með fimm marka forskot 13-8 en í þeim síðari náðu ÍR-ingar að koma sér aftur inn í leikinn og minnkuðu muninn niður í tvö mörk. Á lokakaflanum var það síðan Roland sem gerði gæfumuninn og varði hvað eftir annað úr góðum færum ÍR-inga, þar af fjórum sinnum á vítalínunni.

„Það er alveg ljóst að við þurfum að fara að gera eitthvað í okkar málum ef ekki á illa að fara. Við verðum að byrja leikina af krafti og vera á tánnum allan leiktímann,“



MARKAHÆSTUR Björn Óli skorar eitt af tíu mörkum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

sagði Björgvin en hann er aðeins níttján ára og var markahæstur í liði ÍR með níu mörk. Eins og áður í vetur voru hann og jafnaldri hans Davíð Georgsson í lykilhlutverki í sóknarleik ÍR en Davíð skoraði sex mörk í gær.

Stjarnan sýndi að liðið er með góða breidd en Patrekur Jóhannesson var ekki með í gær vegna veikinda og þá var David Kekelia einnig fjarrí góðu gamni. Sigur liðsins á HK í bikarnum hafði greinilega mikið að segja og leyndi

sér ekki að leikmenn þess öðluðust sjálfstraust með því að ná sigri í Digranesinu. „Roland átti góðan leik en ég vil meina að þetta hafi verið sigur liðsheildarinnar. Vörnin náði sér vel á strik og þá fylgir markvarslan með,“ sagði Konráð Olavsson sem stýrði Stjörnunni í gær. elvargeir@frettabladid.is

ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

DHL-deild karla

STJARNAN-ÍR 30-25

Mörk Stjörnunnar: Björn Óli Guðmundsson 10 (11/1), Tite Kalandadze 6/2 (8/2), Hermann Björnsson 6 (9), Gunnar Ingi Jóhannsson 3 (4), Elías Már Halldórsson 3 (6), Volodimir Kysil 2 (4), Guðmundsson Guðmundsson (4/1).

Varið skot: Roland Eradze 29/4 (54/9).

Hraðauppplausmörk: 1 (Björn Óli).

Fiskuð víti: 3 (Guðmundur 2, Björn Óli 1).

Útan vallar: 12 mínútur.

Mörk ÍR: Björgvin Hólmgeirsson 9 (15/1), Davíð Georgsson 6/3 (11/5), Limas Kalasauskas 4 (8/1), Ragnar Helgason 2 (4), Ólafur Sigurjónsson 2/1 (6/2), Brynjar Steinarrson 1 (2), Jón Heiðar Gunnarsson 1 (3).

Varið skot: Þorgils Orri Jónsson 11/2, Guðmundur Karlsson 2.

Hraðauppplausmörk: 3 (Björgvin 2, Davíð 1).

Fiskuð víti: 9 (Jón Heiðar 3, Ragnar 3, Björgvin 1, Brynjar 1, Kalasauskas 1).

Útan vallar:

FYLKIR-HAUKAR 23-23

Mörk Fylkis: Vladimir Djuric 8 (15/1), Ívar Grétarsson 6/1 (7/1), Eymar Krüger 5/1 (16/2), Brynjar Þór Hreinsson 1 (1), Þórir Júlíusson 1 (1), Ásbjörn Stefánsson 1 (4), Ingólfur Axelsson 1 (4), Arnar Þór Sæþórsson (4/2).

Varið skot: Hlynur Morthens 21/2 (44/7).

Hraðauppplausmörk: 5 (Ívar 3, Djuric 2).

Fiskuð víti: 6 (Djuric 3, Ásbjörn 1, Þórir 1, Arnar 1).

Útan vallar: 8 mínútur.

Mörk Hauka: Guðmundur Pedersen 5/2 (9/4), Samúel Ívar Arnason 4 (7), Gísli Jón Þórisson 4 (9), Jón Karl Björnsson 3/1 (5/3), Arnar Pétursson 3 (8), Sigurbergur Sveinsson 2 (4), Frey Brynjarsson 1 (2), Árni Þór Sigtryggsson 1 (6), Kári Kristjánsson (2).

Varið skot: Magnús Sigmundsson 17/2 (40/6).

Hraðauppplausmörk: 4 (Guðmundur 2, Frey 1, Samúel Ívar 1).

Fiskuð víti: 7 (Kári 3, Frey 1, Jón Karl 1, Arnar 1).

Útan vallar: 10 mínútur.

STADAN

VALUR	4	3	0	1	109-104	6
HK	4	2	1	1	106-96	5
FYLKIR	4	2	1	1	104-107	5
HAUKAR	4	1	2	1	117-122	4
AKUREYRI	3	1	1	1	89-84	3
FRAM	3	1	1	1	81-78	3
STJARNAN	4	1	0	3	108-113	2
ÍR	4	1	0	3	112-122	2



ÓBLÍÐAR MÓTTÖKUR Vladimir Djuric kemst ekki fram hjá Arnari Péturssyni og Árna Sigtryggssyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fylkir og Haukar skildu jafnir í Árbænum:

Spennuþrungið jafntefli

HANDBOLTI Fylkismenn héldu þriðja sæti deildarinnar í gær en liðið gerði jafntefli við liðið í fjórða sæti, Hauka úr Hafnarfirði. Leikurinn var æsispennandi frá fyrstu mínútu en bæði lið komust mest í þriggja marka forystu í sínum hvorum hálfleiknum. Fylkismenn skoruðu síðasta mark leiksins þegar ein mínúta var til leiksloka og misnotuðu bæði lið tækifæri til að stela sigrinum í síðustu sóknunum sínum.

Vörn og markvarsla var það sem stóð upp úr en báðir markverðir áttu afar góðan dag. Vladimir Djuric kom sterkur inn í seinni hálfleik hjá Fylki og þá átti Ívar Grétarsson góðan leik. Hjá Haukum stóð enginn upp úr en áberandi er hversu slæm vítanýtingin var

hjá báðum liðum. Aðeins var skorad úr fimm vítum af þrettán.

„Þetta var hörkuleikur og fullt af mistökum gerð hjá rauðum, appelsínugulum og svörtum. Auðvitað hefði ég viljað að við hefðum unnið leikinn en sigurinn hefði getað endað hjá hvoru liðinu sem var. Því er jafntefli ef til vill sanngjörn úrslit,“ sagði hornamaður Hauka, Guðmundur Pedersen, eftir leik.

„Við settum okkur það markmið fyrir leik að spila góða vörn og það gekk eftir. En við erum langt frá okkar besta í sóknarleiknum og það var engu líkara en leikmenn beggja liða væru mjög stressaðir. Fullt af mistökum voru gerð og leikmenn að kasta boltanum frá sér trekk í trekk.“ - esá

VILTU VINNA 500.000?

SÁ SEM SVARAR 2 SPURNINGUM HRAÐAST FÆR 500.000!*

BT ÆTLAR AÐ GEFA 500.000 KR. ÚTTEKT!

SENDU SMS BT BTF Á 1900

OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ 500.000KR*.

VIÐ SENDUM ÞÉR SPURNINGAR SEM ÞÚ SVARAR MEÐ ÞVÍ AÐ SENDA SMS SKEYTID BT A, B EÐA C Á NÚMERID 1900

10 HVER VINNUR!

*Sá sem vinnur 500.000kr fær einn dag í að kaupa sér nýtt ferillum BT Leiknum Fylkir 16. nóvember 2006 kl. 20.00. Vinnugjaf veita afhendið hjá BT Sparalið. Kópavogur, Með því að tala þitt erfu kominn í SMS klubb. 99 kr/skeyti. Ef þú tekur þig lemur en 5 mín að vara spurningu þarftu að byrja leikinn aftur.

ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

Enska úrvalsdeildin

MANCHESTER UNITED-LIVERPOOL	2-0
1-0 Paul Scholes (39.), 2-0 Rio Ferdinand (66.).	
BLACKBURN-BOLTON	0-1
0-1 Ivan Campo (62.).	
MIDDLESBROUGH-NEWCASTLE	1-0
1-0 Yakubu (85.).	
TOTTENHAM-WEST HAM	1-0
1-0 Mido (45.).	
READING-ARSENAL	0-4
0-1 Thierry Henry (1.), 0-2 Aleksander Hleb (39.), 0-3 Robin van Persie (49.), 0-4 Henry, víti (70.).	

STADAN

MAN. UTD.	9	7	1	1	19-5	22
CHELSEA	9	7	1	1	15-5	22
BOLTON	9	6	2	1	10-4	20
ARSENAL	8	5	2	1	15-4	17
PORTSMOUTH	9	5	1	3	13-5	16
EVERTON	9	4	4	1	15-8	16
ASTON VILLA	9	3	6	0	11-6	15
FULHAM	9	3	4	2	11-14	13
READING	9	4	1	4	9-12	13
BLACKBURN	9	3	3	3	9-11	12
LIVERPOOL	9	3	2	4	9-11	11
M'BROUGH	9	3	2	4	9-13	11
TOTTENHAM	9	3	2	4	6-10	11
MAN. CITY	9	2	3	4	6-13	9
WIGAN	8	2	2	4	11-11	8
NEWCASTLE	9	2	1	6	7-13	7
SHEFF. UTD.	9	1	3	5	4-12	6
WATFORD	9	0	5	4	7-13	5
WEST HAM	9	1	2	6	6-13	5
CHARLTON	9	1	1	7	6-15	4

Sænska úrvalsdeildin

DJURGÅRDEN-HÄCKEN	2-1
Sölvi Ottesen kom inn á sem varamaður hjá Djurgården. Kári Arnason er meiddur.	
MALMÖ-GEFLE	2-2
Emil Hallfreðsson lék allan leikinn fyrir Malmö.	

Danska úrvalsdeildin

SILKEBORG-ESBJERG	1-2
Hörður Sveinsson skoraði mark Silkeborgar. Bjarni Ólafur Eiríksson og Hólmur Örn Rúnarsson voru einnig í byrjunarliði Silkeborgar.	

Liverpool yfirspilað á Old Trafford

Manchester United endurheimti toppsæti ensku úrvalsdeildarinnar í gær með því að verðskulduðum sigri, 2-0, á Liverpool. Paul Scholes og Rio Ferdinand skoruðu hvor í sínum hálfleik.

FÓTBOLTI Bedið var með mikilli eftirvæntingu eftir leik Manchester United og Liverpool sem fram fór á Old Trafford í gær enda um að ræða eina stærstu viðureign tímabilsins. Stuðningsmenn Liverpool hafa þó orðið fyrir mjög miklum vonbrigðum með frammistöðu sinna manna því liðið lék hreint út sagt illa og tapaði verðskuldað 2-0. Sjálfstraustið skein af leikmönnum Manchester United í leiknum en með þessum sigri er liðið komið aftur í efsta sæti deildarinnar, með jafnmörg stig og Chelsea en betri markatölu.

Rafael Benítez, knattspyrnstjóri Liverpool, hélt uppteknum hætti og breytti byrjunarliði sínu frá síðasta leik. Sérstaklega vakti athygli að sóknarmaðurinn Peter Crouch var settur á bekkinn þrátt fyrir að hafa skorað sigurmark liðsins í Evrópukeik í síðustu viku. Dirk Kuyt var einn í fremstu váglinu og virkaði hann mjög einmana, hann fékk þó besta færi Liverpool í leiknum en skalli hans var ekki nógu góður og auðveldlega varinn. Skömmu eftir það færi komust heimamenn yfir.


Paul Scholes var að spila sinn fimm hundruðasta leik í búningi United og hélt upp á það með því að skora á 39. mínútu eftir sendingu frá Ryan Giggs. Louis Saha var sprækur í leiknum og var óheppinn að ná ekki að auka forskot heimamanna fyrir hálfleik. Í seinni hálfleik hélt United áfram

að hafa undirtökin og skoraði annað mark verðskuldað á 66. mínútu. Varnarmaðurinn Rio Ferdinand sem skoraði sigurmarkið í viðureign þessara liða á Old Trafford í fyrra skoraði aftur gegn Liverpool en markið var sérlega falllegt.

Manchester United var ekki að spila sinn besta leik en liðið átti samt sem áður ekki í erfiðleikum með Liverpool og munar nú ellefu stigum á liðunum. Áhorfendamet var sett á leiknum en 75.828 áhorfendur voru á Old Trafford. Fátt kom á óvart í uppstillingu United nema kannski það að Cristiano Ronaldo var á bekknum en Darren Fletcher byrjaði á hægri vængnum. „Liverpool spilaði varnarsinn að í leiknum og við áttum í erfiðleikum með að brjótast í gegn. Ég einbeiti mér að því að halda okkar marki hreinu en það er atlatf skemmtilegur bónus að ná að skora,“ sagði Rio Ferdinand eftir leikinn.

„Ég fagnaði markinu með því að hlaupa að stúkinni þar sem sonur minn sat. Þetta var í fyrsta sinn sem hann mætir á leik og vonandi kemur hann í hverri viku héðan í frá!“ sagði Ferdinand sem hrósaði einnig Paul Scholes. „Hann hefur verið frábær það sem af er þessu tímabili og undirstrikað það hversu sárt hans var saknað á því síðasta.“

Annað hljóð var í Benítez. „Þessi úrslit eru augljóslega mikil



SCHOLES OG GARCIA Paul Scholes átti mjög góðan leik fyrir United í gær og skoraði fyrra mark leiksins. Luis Garcia lék hins vegar langt undir getu. NORDICPHOTOS/GETTY

vonbrigði fyrir okkur. Mér fannst við byrja leikinn ágætlega en þeir skoruðu fyrst og það gerði útslagið. Við vorum að keppa á móti frá-

bæru liði og gekk erfiðlega að skapa okkur færi. Það er alveg ljóst að við þurfum að leggja harðar að okkur.“ elvargir@frettabladid.is



HETJIAN Jussi Jaaskelainen varði tvö víti á þriggja mínútna kafla og kom í veg fyrir að Blackburn fengi eitthvað út úr leiknum gegn Bolton. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Fjórir aðrir leikir voru í ensku úrvalsdeildinni í gær:

Arsenal á sigurbraut

FÓTBOLTI Arsenal heldur áfram að elta efstu lið deildarinnar en í gær vannst fyrirhafnarlítill sigur á nýliðum Reading 4-0 á útivelli. „Við byrjuðum vel, spiluðum vel og tækni okkar gerði gæfumuninn. Við stjórnúðum þessum leik algjörlega. Einbeitingin hvarf síðustu tuttugu mínúturnar en á heildina litið er ég ánægður. Liðið verður betra og betra með hverjum leiknum og við getum bætt okkur enn frekar,“ sagði Arsene Wenger, knattspyrnstjóri Arsenal, en liðið hefur nú unnið fimm deildarleiki í röð.

Eftir 58 sekúndna leik í gær tók Arsenal forystuna með marki frá Thierry Henry en hann átti eftir að bæta öðru við áður en flautað var til leiksloka. Erkjifjendur Ars-

enal gátu einnig fagnað í gær því Tottenham vann West Ham 1-0 með stórglæsilegu marki frá Mido. Vandræði West Ham halda áfram en liðið er í næstneðsta sæti deildarinnar.

Finnski markvörðurinn Jussi Jaaskelainen var hetja Bolton en hann varði tvær vítaspurnir í sigri liðsins á Blackburn á útivelli. Eina markleiksins skoraði reynsluboltinn Ivan Campo sem leikið hefur nær óaðfínanlega á tímabilinu. Bolton er óvænt í þriðja sæti deildarinnar, tveimur stigum á eftir Manchester United og Chelsea. Þá eykst pressan á Glenn Roeder, stjóra Newcastle, en liðið tapaði fyrir Middlesbrough í gær þar sem Yakubu skoraði sigurmarkið undir lokin. - egm

Tveir leikir í þýska handboltanum í gær:

Flensburg enn við toppinn

HANDBOLTI Lærissveinar Viggós Sigurðssonar unnu sinn sjöunda leik í deildinni í vetur er Flensburg vann fimm marka sigur á HSV Hamburg, 40-35. Liðið er nú í þriðja sæti deildarinnar þegar níu umferðum er lokið en örfá lið hafa leikið tíu leiki. Íslendingaliðið Gummersbach með Alfreð

Gíslason í broddi fylkingar er í efsta sæti deildarinnar – er eina liðið sem hefur unnið átta leiki. Annað Íslendingalið, Lemgo, er í fjórða sæti.

Í hinum leik gærdagsins vann HSG Düsseldorf lið Eintracht Hildesheim, 34-27, en þar komu engir Íslendingar við sögu. - esá

CITROËN

- Berlingo Van 1,4 75 hö. 5 girá*
Tilboð dagsins án vsk. 1.168.700 kr.
Fjármögnunarleiga: 20% útborgun, 60 mán.
Mánaðargreiðsla án vsk. 17.571 kr.
Rekstrarleiga 39 mán og 75.000 km. akstur.
Mánaðargreiðsla án vsk. 22.480 kr.



Betri kjör á fjármögnun

Við erum sjálfselek hjá Citroën. Þær tilfinningar sem fylgja því að hafa tekist að gera enn betur í dag en í gær gefur okkur þann drifkraft fyrirtækjaþjónusta Citroën stendur fyrir. Í það minnsta finnst okkur það.

Enn meira fyrir enn minna

Hagstæðari samningar við framleiðanda; enn betri kjör, enn betri þjónusta og sérútbúin atvinnubílar fyrir íslensk fyrirtæki styrkir okkur í því að samvinna við aðra og stöðug hugmynda-leit borgar sig alltaf. Komdu í dag.

Samvinna við SP-Fjármögnun borgar sig. Nú getum við boðið betri kjör í þeirra nafni. Komdu endilega til okkar í Brimborg, Bildshöfða 8 og skoðuðu hvað við getum boðið þér. Kynntu þér kosti og hagkvæmni samvinnu við okkur.

- Berlingo Van 2,0 HDi 90 hö. 5 girá*
Tilboð dagsins án vsk. 1.317.300 kr.
Fjármögnunarleiga: 20% útborgun, 60 mán.
Mánaðargreiðsla án vsk. 19.877 kr.
Rekstrarleiga 39 mán og 75.000 km. akstur.
Mánaðargreiðsla án vsk. 25.219 kr.


Þetta tilboð gildir meðan birgðir endast.

Áttu þér frekari upplýsingar
www.citroen.is



Enn meira fyrir enn minna

Sífeltil fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðuðu sölumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.



Dæmi um tilboð sem við gátum ekki boðið í gær

- Betri kjör á fjármögnun frá SP-Fjármögnun
- Hundruð þúsund krónur í beinan afslátt
- Fimmmtán þúsund fleiri kílómetrar veljir þú rekstrarleigu
- Mun betri kjör á fjármögnunarleigu
- Mun betri kjör á rekstrarleigu
- Aðeins tuttugu prósent útborgun veljir þú fjármögnunarleigu
- Betri þjónustu í dag en í gær

SP-FJÁRMÖGNUN HF

Dæmi um staðalbúnað í Citroën:

- Meiri burðargeta: 800 kg
- Hliðarhurðir beggja vegna með lokunarvörn
- 180 gráðu opnun á afturhurðum
- Topplúga fyrir lengri hluti
- Hiti í sætum
- Geislaspillari með útlarpi og fjarstýringu við stýri
- Rafdrifnar rúður
- Fjarstýrd samlæsing
- Fellanlegt framsæti farþega með borði og geymsluhöfði



Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

* Öll vör í auglýsingu eru án vöðvaþess. Brimborg og Citroën skilja sér rétt til að breyta vörum og þjónu á milli ára og á milli landa. Fjármögnunarklaða er lán með 20% útborgun og meðalbergjum greiðslu í 60 mánuði og eru háðar breytingum á vörum og gengi eflendia mynda 50% ák / 50% eftirmynda. Rekstrarleiga er mótuð við mánaðargreiðslu 130 mánuði sem eru háðar gengi eflendia mynda og vöðvaþess. Spurn- og þjónustufélag samvinnu tekni framfaranda og Brimborg er innihaldið í þessum tilboðum og áttu þér frekari upplýsingar. ** Sölumynd 45 dögum eftir afhendingu nýja bílans. Nærari upplýsingar veita sölumarkaðs Brimborg.

ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

Ítalska úrvalsdeildin

ATALANTA-SAMPDORIA	3-2
CATANIA-LAZIO	2-1
FIORNTINA-REGGINA	3-0
LIVORNO-SIENA	0-0
PARMA-ASCOLI	1-0
AS ROMA-CHIEVO	1-1
UDINESE-INTER	0-0
AC MILAN-PALERMO	0-2

STABA EFSTU LIÐA

PALERMO	7	5	0	2	16-12	15
INTER	7	4	3	0	12-8	15
AS ROMA	7	4	1	2	11-4	13
UDINESE	7	3	3	1	9-4	12
ATALANTA	7	3	3	1	10-7	12

Spænska úrvalsdeildin

MALLORCA-REAL SOCIEDAD	0-0
RECREATIVO-GETAFE	1-2
0-1 Pachon (43.), 1-1 Sinama-Pongolle (53.), 1-2 Manu Del Moral (72.)	
SEVILLA-GIMNASTIC	2-1
1-0 Kanoute (21.), 2-0 Kanoute (27.), 2-1 Cuellar (67.)	
ATHLETIC BILBAO-CELTA VIGO	0-1
0-1 Baiano (6.)	
VALENCIA-OSASUNA	1-0
1-0 David Villa (16.)	
ESPANYOL-RACING SANTANDER	2-2
0-1 Munitis (24.), 1-1 Tamudo (45.), 1-2 Chica (86.), 2-2 Tamudo (92.)	
REAL MADRID-BARCELONA	2-0
1-0 Raul (3.), 2-0 Van Nistelrooy (51.)	

STABA EFSTU LIÐA

BARCELONA	7	5	1	1	16-7	16
VALENCIA	7	5	1	1	13-5	16
SEVILLA	7	5	0	2	15-9	15
REAL MADRID	7	4	2	1	10-3	14
DEPORTIVO	7	4	2	1	9-5	14
REAL ZARAG.	7	4	1	2	16-10	13
ATHLETICO M.	7	4	1	2	10-6	13
GETAFE CF	7	4	1	2	6-4	13
RECREATIVO	7	3	1	3	9-8	10
CELTA VIGO	7	3	1	3	10-11	10
VILLARREAL	7	2	3	2	6-7	9

Pýska úrvalsdeildin

BAYER LEVERKUSEN-HAMBURGER SV	1-2
EINTRACHT FRANKFURT-NÜRNBERG	2-2

Skoska úrvalsdeildin

ST. MIRREN-GLASGOW RANGERS	2-3
----------------------------	-----

Hollenska úrvalsdeildin

AZ ALKMAAR-PSV EINDHOVEN	3-1
Gréttar Rafn Steinsson lék allan leikinn fyrir AZ en Jóhannes Karl Guðjónsson kom ekki við sögu.	
UTRECHT-DEN HAAG	2-0
FEYENOORD-AJAX	0-4
NEC-VITESSE	1-0
HEERENVEEN-GRONINGEN	4-2

Norska úrvalsdeildin

VÅLERENGA-STABÆK	3-1
Veigar Páll Gunnarsson skoraði mark Stabæk fram hjá Árna Gauta Arasyni, markverði Vålerenga.	
START-SANDEFJORD	0-2
Jóhannes Harðarson lék ekki með Start vegna meiðsla.	
FREDRIKSTAD-ODD GRENLAND	2-1
VIKING-LYN	1-2
Stefán Gíslason lék allan leikinn fyrir Lyn.	
MOLDE-HAMKAM	1-1
Marel Baldivinsson lék allan leikinn fyrir Molde og skoraði mark sem var dæmt af í leiknum.	
BRANN-ROSENBERG	1-3

DHL-deild kvenna

HAUKAR-VALUR	26-27
--------------	-------

Grindvíkingar eru enn ósigraðir í Iceland Express-deild karla:

Haukar réðu ekki við Thomas

KÖRFUBOLTI Grindavík hélt áfram sigurgöngu sinni í Iceland Express deild karla í gær og nú báru þeir sigurorð á Haukum, 95-85. Heimamenn gerðu út um leikinn í upphafi síðari hálfleiks og breyttu átta stiga forskoti í 24 stiga forskot á sex mínútna kafla. Páll Axel Vilbergsson hafði hægt um sig í fyrri hálfleik en skoraði tíu stig á þessum leikkafli. Segja má að Grindvíkingar hafi keyrt yfir andstæðingina sína því tólf af stigunum 20 komu úr hraðauppþlaupssóknum.

Haukar náðu að vísu að minnka muninn í átta stig á nýjan leik en náðu aldrei að ógna Grindvíkingum að einhverju ráði. Heimamenn voru með ágætis tók á leiknum og réðu ekkert við Steven Thomas sem skoraði 24 stig í leiknum, tók 23 fráköst og fiskaði ellefu villur. Adam Darboe átti einnig ágætan leik og Páll Axel kom sterkur inn í seinni hálfleik sem fyrr segir en



ADAM DARBOE Átti góðan leik fyrir Grindavík í gær.

VÍKURFRÉTTIR / ÞORSTEINN

nítján af 23 stigum hans komu þá. Í liði Hauka var Roni Leimu yfirburðamaður en gaman var að sjá Kristinn Jónasson sem kom ferskur inn í Haukaliðið eftir að hafa meidd á undirbúningstímabilinu. Hann skoraði 15 stig á 20 mínútum.

Það er annars áhyggjuefni fyrir

Fríðrik Ragnarsson, þjálfara Grindavíkur, að öll stig liðsins komu frá byrjunarliðsmönnum. Liðið virðist hafa litla breidd sem gæti reynst erfitt þegar fram í sækir. Tveir sigar eru þó komnir í hús af tveimur mögulegum en gegn liðum sem var ekki spáð í toppbaráttu deilarinnar. - esá

ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

Iceland Express deild karla

GRINDAVÍK-HAUKAR	95-85
Stig Grindavíkur: Steven Thomas 24 (23 frák.), Páll Axel Vilbergsson 23 (6 frák., 5 stoðs.), Þorleifur Ólafsson 17 (5 stoðs.), Adam Darboe 16 (10 frák., 7 stoðs.), Páll Kristinnsson 15.	
Stig Hauka: Kevin Smith 23 (8 frák.), Roni Leimu 21 (5 stoðs.), Kristinn Jónasson 15, Morten Þ. Szmiedowicz 9, Sævar I. Haraldsson 8, Lúðvík Bjarnason 7, Sigurður Þ. Einarsson 2.	

HAMAR/SELFOSS-ÍR	62-90
SKALLAGRÍMUR-NJARÐVÍK	84-87
SNÆFELL-FJÖLNIR	67-60

STABAN

GRINDAVÍK	2	2	0	178-160	4
NJARÐVÍK	2	2	0	173-165	4
KR	1	1	0	83-79	2
ÍR	2	1	1	171-148	2
KEFLAVÍK	1	1	0	87-84	2
ÞÓR ÞORL.	1	1	0	82-79	2
HAUKAR	2	1	1	174-183	2
SNÆFELL	2	1	1	146-143	2
TINDASTÓLL	1	0	1	88-89	0
SKALLAGRÍMUR	2	0	2	168-174	0
FJÖLNIR	2	0	2	135-150	0
HAMAR/SELF.	2	0	2	141-172	0

Real Madrid sigraði í risaslagnum

Real Madrid hrósaði í gær 2-0 sigri á Barcelona í einum af stórleikjum tímabilsins í Evrópufótboltanum. Eiður Smári Guðjónsen var í byrjunarliði Barcelona en náði ekki að koma í veg fyrir sigur heimamanna.

FÓTBOLTI Það var sannkallaður risaslagur í spænska boltanum í gær þegar Real Madrid tók á móti Barcelona og bar sigur úr býtum, 2-0, í skemmtilegum knattspyrnuleik. Madrídinger fengu sannkallaða óskabyrjun á Santiago Bernabéu en þeir komust yfir strax á þriðju mínútu þegar gulldrengurinn Raul skoraði. Hitt markið kom þegar sex mínútur voru búnar af seinni hálfleik en þá var það hollenski markahrókurinn Ruud van Nistelrooy sem náði að skora eftir sendingu frá brasilíska leikmanninum Robinho sem átti stórleik í gær.

Þetta var fyrsti tapleikur Børunga í deildinni á þessu tímabili en eftir leiki helgarinnar er Real Madrid aðeins tveimur stigum á eftir þeim. Eiður Smári Guðjónsen hélt sæti sínu í byrjunarliði Barcelona og fékk hann dauðafæri til að jafna metin eftir fyrsta mark heimamanna. Lionel Messi renndi þá boltanum á Eið sem var í draumafæri sóknarmannsins en hitti ekki rammann og skot hans framhjá. Real Madrid byrjaði leikinn mun betur og Raul átti sláarskot snemma leiks.

Seinni hluta fyrri hálfleiks náði Barcelona að komast inn í leikinn og var betra liðið fram að hálfleik. Í upphafi seinni hálfleiks fékk það síðan blauta tusku í andlit þegar Nistelrooy bætti öðru marki við fyrir Madrídina og brekkan orðin ansi brött fyrir gestina. Eiður var tekinn af leikvelli þegar tuttugu mínútur voru liðnar af seinni hálfleik en Argentínumaðurinn Javier Saviola kom inn á

fyrir hann. Þegar um tuttugu mínútur voru eftir fékk Messi gott færi til að minnka muninn en skot hans hafnaði í hliðarnetinum. Strax á eftir fengu heimamenn færi hinumegin en þá varði Victor Valdez vel frá Nistelrooy. Sá hollenski lét lítið á sér bera í fyrri hálfleiknum en í þeim síðari var hann nánast allt í öllu í sóknarleik Real liðsins. Góð tíðindi fyrir liðið að hann sé að hrökkva í gang eftir frekar rólega byrjun á tímabilinu.

David Beckham kom inn sem varamaður þegar tæpar tíu mínútur voru eftir en þessi fyrrum fyrirlíði enska landsliðsins viðurkenndi það í viðtali í gær að vera orðinn frekar pirraður á bekkjarsetunni hjá Real Madrid. Beckham var sparkað úr enska landsliðshópnum þegar Steve McClaren tók við liðinu og hefur lítið fengið að spila hjá Real síðan Fabio Capello tók við stjórnartaumunum. „Það fer virkilega í taugarnar á mér sem fótboltamanni að vera hvorki að spila fyrir þjóð mína né félaglið. Ég vil ekki enda minn feril sem varamaður,“ sagði Beckham en þrátt fyrir að vera geymdur á varamannabekknun er hann að ræða við Real Madrid um nýjan samning.

Þetta er annar tapleikur Barcelona í röð en á miðvikudaginn tapaði liðið fyrir Chelsea í Meistaradeildinni. Greinilegt er að kamerúnenska sóknarmannsins Samuels Eto'o er sárt saknað hjá Spánarmeisturinum. Næsti leikur liðsins er gegn Recreativo Huelva um næstu helgi og er það algjör



SÆTUR SIGUR Real Madrid vann sætan sigur á Barcelona í gær en hér má sjá Guti horfa á þegar Robinho faðmar gulldrenginn Raul að sér. NORDIC PHOTOS/AFP

skylda fyrir það að landa sigri þar. Valencia jafnaði Barcelona að stigum um helgina en bæði lið hafa sextán stig á toppi deildar-

innar. Sevilla hefur fimmtán stig og svo koma Real Madrid og Deportivo La Coruna með fjórtán. elvargeir@frettabladid.is

Síðasti kappakstur tímabilsins í Formúlu-1 fór fram í Brasilíu í gær:

Fernando Alonso og Renault meistarar

FORMÚLA-1 „Þetta hefur verið frábær helgi. Ég vissi það að ég þyrfti bara eitt stig til að vinna meistaratitilinn en markmiðið var líka að tryggja okkur sigur í keppni bíla-smíða. Það tókst og tilfinningin er bara frábær,“ sagði Fernando Alonso, ökumaður Renault, sem tryggði sér í gær heimsmeistaratitilinn í Formúlu-1 þegar hann varð annar í kappakstrinum í Brasilíu. Það var heimamaðurinn Felipe Massa hjá Ferrari sem kom fyrstur í mark í kappakstrinum í gær.

Þetta var síðasta keppni Michael Schumacher í Formúlu-1 en hann ætlar nú að fara að snúa sér að fjölskyldulífinu. Fyrir síðustu keppnina átti hann smá möguleika á heimsmeistaratitlinum en þá hefði hann þurft að sigra og treysta á að Alonso fengi ekki stig. „Það hefur verið frábært að fá að keppa við Michael og ég vil nota tækifærið og óska honum alls hins besta í framtíðinni. Það gerir titla



ALONSO OG SCHUMACHER Fernando Alonso tryggði sér heimsmeistaratitilinn en hann er hér við hlið Michaels Schumachers sem tók í gær þátt í sínum síðasta kappakstri á ferlinum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

mína verðmætari að hafa unnið þá meðan hann var enn á brautinni,“ sagði Alonso sem vann heimsmeistaratitilinn einnig í fyrra.

Schumacher endaði í fjórða sæti kappakstrursins í gær en dekk sprakk á bíl hans snemma keppn-

innar. Í heildarstigakeppninni endaði Alonso með þrettán stigum meira en Schumacher en 41 stigi þar á eftir kom Massa. Renault vann nauman sigur í keppni bíla-smíða, með fimm stigum meira en Ferrari. - egm

„Úrslitaleikurinn“ í norsku úrvalsdeildinni í gær:

Rosenborg með níu fingur á titlinum

FÓTBOLTI Rosenborg er komið með níu fingur á meistaratitilinn í norsku úrvalsdeildinni eftir 3-1 sigur á Brann í gær. Ólafur Örn Bjarnason og Kristján Örn Sigurðsson voru að venju í hjarta varnarinnar í Brann og léku allan leikinn. Brann byrjaði sumarið afar vel og var varnarleikurinn sérstaklega sterkur. En Björgvinarliðið hefur gefið eftir í síðustu umferðum og hefur Rosenborg fært sér það í nyt. Þegar tvær umferðir eru eftir er liðið með sex stiga forskot á Brann og auk þess mun betri markatölu.

Öyvind Storfloer kom Rosenborg yfir en Martin Andresen jafnaði metin úr vítaspyrnu í upphafi síðari hálfleiks. Vendingurinn kom á 68. mínútu er



STEFFEN IVERSEN Fagnar hér marki sem hann skoraði með norska landsliðinu. NORDIC PHOTOS/BONGARTS


Steffen Iversen skoraði með skalla eftir hornspyrnu. Kristján fékk það hlutverk að gæta Iversen en sá síðarnefndi hafði betur í skallaevniginu. Marek Sapara bætti svo um betur með glæsimarki beint úr aukaspyrnu undir lok leiksins. - esá

CROSSING JORDAN - NÝ ÞÁTTARÖÐ!

Mánudagskvöldin eru ávallt í góðum gír, en góðar breytingar gerast þegar hreysi eru gerð að stórglæsilegum höllum. Systrakærleikurinn í Related verður allsráðandi en þar á eftir mun réttarlæknirinn Jordan takst á ný við rannsókn flókinna sakamála í vinsæla þættinum Crossing Jordan.

GÓÐMENNI OG GLÆPIR

Góða skemmtun í kvöld á Stöð 2



> Heather Locklear

Flestir þekkja hana sem Amöndu í þáttunum Melrose Place sem sýndir eru á Skjá Einum í kvöld klukkan 19 en er einnig búin að leika undanfarið í Boston Legal-þáttunum. Hún fæddist 25 september 1961 er því nýbúin að fagna 45 ára afmælinu sínu. Til hamingju með það Heather.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON VAR FLUGA Á VEGG

Samskipti fótboltafíkils og eiginkonu hans

Eftirfarandi samræður áttu sér stað í vesturbæ Reykjavíkur þegar heimilisfaðir reyndi að útskýra fyrir konu sinni hvað hún gæti horft á í sjónvarpinu næstu vikuna. Taka skal skýrt fram að þessar samræður hafa verið staðfærðar enda nokkuð ljóst að þær hafa átt sér stað á nokkrum stöðum hér á landi.

„Ástin mín,“ sagði húsbóndinn með blíðri röddu, svo blíðri að húsfreyjan var ekki lengi að sjá í gegnum þetta lymskufulla plott enda sást það langar leiðir að maðurinn hafði eitthvað misjafnt í huga, með hendur í vösum og frosið bros. „Hvað nú?“ spurði hún frekar höstuglega og húsbóndinn fór undan í flæmingi, byrjaði að taka upp úr uppþvottavélinni, snerti tusku í fyrsta skipti og byrjaði að þurrka af.

„Sko, þannig er með máli vexti að ég þarf eiginlega að hafa sjónvarpið í þessari viku,“ byrjaði húsbóndinn að stama út úr sér. „Þú ræður alltaf yfir sjónvarpinu,“ bætti húsfreyjan við, augljóslega pirruð á því að „júgóslavneska læknahökið“ á E.R. þyrfti alltaf að

vikja fyrir 22 heilalausum karlmönnum á grasvelli. „Já, en sko, ég verð eiginlega bara fyrir framan sjónvarpið í þessari viku,“ hélt húsbóndinn áfram og augun stækkuðu í húsfreyjunni af undrun þótt hún vissi mætavel hvað væri í gangi, allt hluti af leiknum hjá henni. „Fyrst er það meistaradeildin á bæði þriðjudag og miðvikudag og svo þarf ég að horfa á golfið á laugardag og sunnudag og síðan er Liverpool á móti United og svo keppir Real Madrid við Barcelona,“ sagði húsbóndinn og bjóst augljóslega við hinu versta. Húsfreyjan brosti ekki, tók glösin út úr ísskápnum sem hann hafði svo samvissusamlega raðað við hliðina á eggjunum, setti þau á sinn stað. „Ekkert mál,“ var svarið og milli þess sem húsbóndinn horfir nú á sjónvarpið leikur hann listir sínar með Jif, Ajax, uppþvottabursta og skúringafötu.

STEVEN GERRARD Einn þeirra sem er sekur um að láta húsbónda í vesturbænum horfa á fótbolta alla vikuna með Ajaxi og Jif.



EKKI MISSA AF



▶ 19.40 The Simpsons STÖÐ 2



▶ 21.00 Tekinn SIRKUS



▶ 21.15 Glæpahneigð SJÓNVARPIÐ



▶ 21.00 Survivor: Cook-eyjar SKJÁREINN



▶ 21.30 Spænsku mörkin SÝN

SJÓNVARPIÐ

15.45 Helgarsportið
16.10 Ensku mörkin
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknálsfréttir
18.00 Myndasafnið
18.01 Alda og Bára (21:26)
18.08 Bú! (10:26)
18.16 Lubbi læknir (33:52)
18.30 Vistaskipti (21:26)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós
20.20 Lífið fyrir fæðingu (1:2)
▶ 21.15 Glæpahneigð (15:22)
22.00 Tíufréttir
22.25 Ensku mörkin
23.20 Spaugstofan
23.45 Kastljós
0.30 Dagskrárlok

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Taxi
8.00 Emil í Kattholti
12.00 Two Family House
14.00 Emil í Kattholti Frábær fjölskyldu-mynd.
16.00 Dís Íslensk kvikmynd frá 2004 sem byggð er á metsölubókinni Dís.
18.00 Two Family House (Fjölskylduhúsið) Dramatísk kvikmynd. Buddy á sér stóra drauma og kaupir hús til að uppfylla þá. Hann ætlar sjálfur að búa á efri hæðinni en reka pöbb á þeirri neðri.
20.00 Taxi Eldfjörug og hressilega gamanmynd sem er uppfyll af æsilegum bíla-eltungaleikjum og tilheyrandi hasar.
22.00 The Frighteners (Hræður) Þessi skemmtilega hrollvekjia eftir Óskarsverðl aunaleikstjóranum Peter Jackson, leikstjóri Hringadróttinsprleiksins, er einstök blanda af hryllingi og svörtu gríni kryddað með góðum slatta af tæknibrellum. Stranglega bönnuð börnum.
0.00 Air Panic
2.00 Kin (Fjölskylda filanna) Heillandi kvikmynd sem vakti mikla athygli í Bretlandi og var tilnefnd til verðlauna (British Independent Film Award). Söguviðið er Afríka og áhorfendur fá að kynna þessari heimsálfu með alveg nýjum hætti. Aðalhlutverk: Miranda Otto, Isaiah Washington, Chris Chameleon. Leikstjóri: Elaine Proctor. 2000. Bönnuð börnum.
4.00 The Frighteners (Stranglega bönnuð börnum)



6.58 Ísland í bitíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005
9.35 Oprah (113:145) 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.05 Commander In Chief (4:18)
12.00 Hádegisfréttir
12.40 Neighbours 13.05 Í finu formi 2005 13.20 Mr. Bean 13.45 One True Thing 16.00 Skrimslaspilið (25:49)
16.20 Títeuf 16.40 Ginger segir frá 17.05 Smá skritnir foreldrar 17.30 Hlaupin 17.40 Bold and the Beautiful 18.05 Neighbours
18.30 Fréttir, íþróttir og veður Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu NFS í samtengdri og opinni dagskrá Stöðvar 2 og Sirkus.
19.00 Ísland í dag
▶ 19.40 The Simpsons (22:22) (Simpson fjölskyldan) Það er aldrei lognmolla á heimili Simpson-fjölskyldunnar. Ýmislegt má segja um Bart en látum það liggja á milli hluta.
20.05 Extreme Makeover: Home Edition (14:25) (Hús í andlitslyftingu) Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington og handlagna gengið hans góðhartaða halda áfram að koma fjárvana fjölskyldum í opna skjöldu með að gera rækilegar endurbætur á hýbýlum þeirra. Tvær heimilislausar fjölskyldur í Colorado fá stóra draum sinn uppfylltan þegar Ty og gengið hans bjóðast til að byggja handa þeim búgarð.

21.30 Related (17:18) (Systrabönd) Ginnie og Bob reyna að bjarga sambandinu með því að fara í fri og bregða sér frá skarkalanum á meðan systur hennar eru standa allar í stöngu í sínum samböndum.
22.15 Crossing Jordan (5:21) Jordan þarf að fara huldu höfði til að rannsaka morð á mæðginum. Bönnuð börnum.
23.00 60 mínútur - NÝTT (60 Minutes)
23.45 Prison Break - NÝTT (Flóttinn) Biðin er á enda. Hér er hún komin. Önnur serían af Prison Break og flóttinn mikli heldur áfram. Átta klukkustundir eru liðnar síðan við skildum við þá bræður Michael og Lincoln, Sucre C-Note og Abruzzi þar sem þeir reyndu í órvæntingu að flýja undan laganna vörðum. Bönnuð börnum.
0.30 The Diary of Ellen Rimbauer
1.55 The Inside (7:13) (Str. b. börnum)
2.40 NCIS (15:24) (Bönnuð börnum)
3.25 Inspector Linley Mysteries (6:8)
4.10 Scorched
5.40 Fréttir og Ísland í dag Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrir í kvöld.
6.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SKJÁREINN

7.00 6 til sjö (e)
8.00 Dr. Phil (e)
8.45 Gegndrepa (e)
15.55 Game tívi (e)
16.20 Beverly Hills 90210 Bandarísk unglingsasería.
17.05 Dr. Phil Sjónvarpssálfræðingurinn Dr. Phil hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál.
18.00 6 til sjö Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson eru í beinni útsendingu alla virka daga og taka á móti góðum gestum í myndveru SkjásEins.
19.00 Melrose Place Bandarísk þáttaröð um íbúana í Melrose Place.
19.45 Trailer Park Boys (e) Gamansería um vinina Ricky og Julian sem hafa oft en ekki villst út af beinu brautinni í lífinu.
20.10 Surface Dramatískir ævintýrþættir um lífið í dimmu djúpinu og ófreskjur sem þar búa. Rich og Laura reyna að koma myndum frá ferð sinni á hafsbótinn til fréttastöðva áður en Lee nær að stöðva þau.
▶ 21.00 Survivor: Cook Islands Survivor keppnin fer nú fram í þrettánda sinn og í þetta skiptið fer keppnin fram á Cook Islands í Kyrrahafi. Líkt og í síðustu þáttaröð er alltaf einn keppandi sendur í útleð þar sem hann er einangraður frá félögum sínum en fær um leið tækifæri til að leita að fríðhelgisgöðinu sem getur komið sér vel seinna meir.
22.00 Law & Order Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Brunnið lík asiskrar stúlku finnst fyrir utan íbúð kinnverska ræðismannsins í New York og í fyrstu er talið að hún hafi framið sjálfsmorð. Við nánari rannsókn kemur í ljós að stúlkan var myrt áður en kveikt var í henni.
22.50 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum.
23.35 C.S.I.: New York (e) Bandarísk sakamálasería.
0.25 Casino (e) Bandarísk raunveruleikasería.
1.15 Beverly Hills 90210 (e)
2.00 Melrose Place (e)
2.45 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SIRKUS TV

18.00 Insider (e)
18.30 Fréttir NFS
19.00 Ísland í dag
19.30 Seinfeld
20.00 Entertainment Tonight
▶ 20.30 My Name is Earl Staðráðinn í því að verða betri maður, ákveður Earl að búa til lista yfir allt það slæma sem hann hafði gert og ætlar að bæta úr hverju einu og einasta atriði sem endaði á listanum. Þessir þættir hafa svo sannarlega slegið í gegn í Bandaríkjunum og nú er komið að Íslandi að fá að njóta þeirra. Fylgst með þáttunum sem allir eru að tala um.
▶ 21.00 Tekinn Það er Baddi í hljómsveitinni Jeff Who? sem fær að finna fyrir því frá Audda í þáttunum í kvöld.
21.30 So You Think You Can Dance 2 Dansinn hefst á ný.... Frá framleiðendum American Idol kemur raunveruleikabátturinn So You Think You Can Dance þar sem leitað er að besta dansara Bandaríkjanna.
23.00 So You Think You Can Dance 2 0.10 Weeds (e)
0.40 Insider 1.05 24 (13:24) (e) Bönnuð börnum.
1.50 24 (14:24) (e) Bönnuð börnum.
2.35 Seinfeld (e)
3.00 Entertainment Tonight (e)
3.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SKJÁR SPORT

14.00 Blackburn - Bolton Frá 22.10
16.00 Wigan - Man. City (e) Frá 21.10
18.00 Prumuskot Farið er yfir leiki liðinnar helgar og öll mörkin sýnd. Víðtöl við knattspyrnstjóra og leikmenn.
19.00 Man. Utd. - Liverpool (e) Frá 22.10
21.00 Að leikslökum Snorri Már Skúlason fer með stækkunargler á leiki helgarinnar með sparkfræðingunum Willum Þór Þórsyni og Guðmundi Torfasyni. Leiksskipulag, leikerfi, umdeild atvik og fallegustu mörkin eru skoðuð frá ýmsum hliðum og með nýjustu tækni.
22.00 Ítölsku mörkin
23.00 Prumuskot (e) Farið er yfir leiki liðinnar helgar og öll mörkin sýnd. Víðtöl við knattspyrnstjóra og leikmenn.
0.00 Tottenham - West Ham Frá 22.10
2.00 Dagskrárlok

Baddi í Jeff Who? lætur eins og smákrakki ... í næsta þætti

TEKINN

MÁNUDAGAR
KL 21:00


Apple á Íslandi

SIRKUS TV

Í KVÖLD

Sirkus kl. 20.30
My Name Is Earl

Gamanþátturinn My Name Is Earl er einn af þeim fáu sem haldið hafa velli undanfarið og þykir líklegur til að feta í fótspor þeirra sígildu gamanþátta sem nú hafa sungið sitt síðasta, þátta á borð við Seinfeld, Friends og Everybody Loves Raymond. Umræddur Earl er smáglæpamaður sem dettur óvænt í lukkupottinn þegar hann vinnur háa fjárhæð í lottóinu. Staðráðinn í því að verða betri maður, ákveður Earl að búa til lista yfir allt það slæma sem hann hefur gert af sér og ætlar að bæta fyrir hvert eitt og einasta atriði sem fór á listann. Það reynist þó aðeins erfiðara en hann hélt í fyrstu en Earl gefst ekki upp svo auðveldlega. Í þætti kvöldsins hverfur Earl aftur í huganum til þúsaldamótanna þegar Darnell sannfærði þá Randy um að heimsendir væri í nánd og að þeir yrðu þeir einu sem myndu lifa af.



VIÐ MÆLUM MED
BEVERLY HILLS 90210 KL. 16.20

Hver man ekki eftir „What Is Love?“ með Haddaway, Buffalo-skóm og pappirsjökkum og Beverly Hills 90210. Í þáttunum fylgjumst við með raunum Brandons, Brendu, Dylans, Steves, Andreu, Donnu og lífi þeirra í Beverly Hills. Fyrsti þátturinn kom árið 1990 og voru í sjónvarpinu í tíu ár samfellt. Þættirnir gerðu stjórnur úr leikurum þáttanna en frægðin varði stutt þar sem nánast enginn veit hvar leikarnir eru niðurkomnir í dag. Í aðalhlutverkum eru Shannen Doherty, Luke Perry, Ian Ziering og Tori Spelling.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 6.45 Veðurfregni 6.50 Bæn 7.00 Fréttir
 - 7.05 Morgunvaktin 8.00 Fréttir 9.00 Fréttir
 - 9.05 Laufskálinn 9.45 Morgunleikfimi
 - 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregni 10.13 Stefnuþing 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttayfirlit
 - 12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir
 - 12.45 Veðurfregni 12.50 Dánarfregni og auglýsingar
 - 13.00 Vitt og breitt 14.00 Fréttir
 - 14.03 Útlitssagan: Bréf til Brands
 - 14.30 Miðdegisþing 15.00 Fréttir
 - 15.03 Krossgötur Doherty, Luke Perry, Ian Ziering og Tori Spelling
 - 16.00 Fréttir
 - 16.10 Veðurfregni
 - 16.13 Hlaupanótan
 - 17.00 Fréttir
 - 17.03 Viðsjá
 - 18.00 Kvöldfréttir
 - 18.24 Auglýsingar
 - 18.25 Spegillinn
 - 18.50 Dánarfregni og auglýsingar
 - 19.00 Vitinn
 - 19.30 Laufskálinn
 - 20.10 Söngvámál
 - 21.00 Heimurinn okkar
 - 21.55 Orð kvöldsins
 - 22.00 Fréttir
 - 22.10 Veðurfregni
 - 22.15 Úr tónlistarlifinu: Norrænir músik-dagar 2006
 - 0.00 Fréttir
 - 0.10 Útlitssagan á samtengdum rásum
- FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlitssagan FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlitssagan Latibær / Fjölskyldu útlitssagan FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlitssagan Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

- 13.50 US PGA Tour 2005 - Funai Classic
- 16.50 Spænski boltinn (Valencia - Osasuna)
- 18.30 Gillette Sportpakinn (Gillette World Sport 2006) Íþróttir í lofti, láði og legi.
- 18.55 Coventry City - Colchester Utd Útsending frá leik Coventry City og Colchester United í ensku 1. deildinni.
- 21.00 Meistaradeild Evrópu - fréttáttur Allt það helsta úr Meistaradeildinni. Fréttir af leikmönnum, liðum auk þess sem farið er í gegnum mörkin, helstu tilþrifin í síðustu umferð og spáð í spilin fyrir næstu leiki.
- 21.30 Spænsku mörkin Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrifin og umdeildu atvikin.
- 22.00 Ensku mörkin Farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu.
- 22.30 KF Nörd (8:15) (KF Nörd) Þættirnir um íslensku nördana í Knattspyrnufélaginu Nörd hafa slegið í gegn.
- 23.15 Heimsmótaröðin í Póker (Foxwoods World Poker Finals) Snjöllustu pókerspilarnar veraldar koma saman á heimsmótaröðinni en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Syn. Póker á sér merka sögu en til er ýmis afbrigði spilsins. Á seinni árum hefur póker átt miklum vinsældum að fagna víða um heim og kemur margt til. Ekki síst veglegt verðlaunafé sem freistar margra. Á mótaröðinni er spilað fyrirkomulagið Texas hold em sem er hvað skemmtilegast fyrir áhorfendur.

DR 1

- 12.20 Danmark Ekspeditionen 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret 13.10 Dawsons Creek 14.00 Hjerteflimmer 14.30 Boogie Update 15.00 Katten der hadede mennesker 15.05 Yu-Gi-Oh! 15.30 Troldepejlet 16.00 Den hvide sten 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 16.55 Dagens Danmark 17.25 TV Avisen 17.30 Genbrugsguld 18.00 Søren Ryge - Min sommerferie 18.30 De store katte 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 En stædig kvinde 21.40 OBS 21.45 Viden om 22.15 Boogie Update

NKI

- 12.00 Siste nytt 12.05 Norge rundt 12.30 Åpen himmel: Forbrenningsgjester fra Sør-Afrika 13.00 Siste nytt 13.05 I an tar regien 13.30 Den blå sandens hemmelighet 14.00 Siste nytt 14.04 Ekspedisjon Amazonas 14.30 Amigo 15.00 Siste nytt 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Tid for tegn 15.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Harry med bætta full av dinosaurer

SVT 1

- 12.45 Giftras 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Garage - Ålska film! 15.30 Krokodill 16.00 Smá Einsteins 16.30 Zoé Kézako 16.45 Klister 17.00 Lilla sportspegeln 17.30 Rapport 18.00 Hem till byn 19.00 Plus 19.30 Kobra 20.00 Sleeper cell 20.50 Rapport 21.00 Kulturmyheterna 21.10 Svartsjuka, ilska och otrohet 22.00 Sändning från SVT24

Merkjavara á silfurfati

MIKIÐ ÚRVAL AF ÍÞRÓTTAVÖRUR FRÁ NIKE, ADIDAS OG PUMA



50% - 80% lækkun

V E R Ð D Æ M I

	Okkar verð	Fullt verð
Íþróttabuxur m/röndum.....	1.700 kr.	3.990 kr.
Skíðabuxur barna nr. 90-130.....	2.990 kr.	6.990 kr.
Puma fótoltaskór barna	2.000 kr.	4.000 kr.
Northland skíðajakkar	5.000 kr.	12.990 kr.
Bómullrönd (Frakkland/Brasilía/Ítalía/England)..	1.500 kr.	2.990 kr.
Helly Hansen Úlpur	8.000 kr.	19.995 kr.
Reebok erobik skór leður	3.990 kr.	8.990 kr.
Kuldagallar barna	3.990 kr.	7.990 kr.
Bikini Speedo, Nike.....	2.000 kr.	3.990 kr.
Ticket2Heaven barnaúlpur	2.300 kr.	4.600 kr.
Ticket2Heaven fleecpeysur	2.200 kr.	4.590 kr.
Fótoltar.....	1.500 kr.	3.000/ 5.000 kr.
Northbrook stúlkaskór m/riflás	1.750 kr.	3.490 kr.

Okkar takmark: 50% - 80% lækkun frá fullu verði
Visa/euro
Sendum út á land.

Opnunartími: Virka daga 14.00 - 18.00 • Laugardaga/Sunnudaga 10.30 - 18.00 • Upplýsingasími 561 2794

HRÓSÍÐ ...



...fá Þorsteinn Stephensen og samstarfsmenn hans fyrir velheppnaða Airwaves-hátíð.

Kílóin fokin af Árna Johnsen

Tökum á raunveruleikabáttaröðinni Frægir í formi er lokið, en hún mun fara í loftið á Skjá Einum um leið og sýningum á Celebrity Overhaul, sem byggir á sömu hugmynd, lýkur. Árni Johnsen var einn frægra þátttakenda í yfirhalningunni. „Allir skiluðu fínum árangri og nokkur kíló fuku af fólki,“ sagði hann, en má ekki gefa upp nákvæman fjölda fokinna kílóa. „Þetta hafðist allt með blússandi hreyfingu og dálítið öðruvísi mataræði,“ sagði hann, en Árni segist að

jafnaði hafa gengið um fimm kílómetra á dag og synt einn kílómetra þar að auki.

Til að byrja með dvaldi hópurinn í eina viku á Sólheimum í Grímsnesi þar sem hann tók þátt í stífum heræfingum. Árni segir heragann ekki hafa farið fyrir brjóstið á íslensku keppendunum, en Ástralirnir

ARI MATTHÍAS-SON Leikarinn hefur staðið upp úr stólum til að sprikla með hinum þátttakendum í Frægir í formi.

í Celebrity Overhaul urðu margir hverjir geðstirðir eftir sambærilegar æfingar. „Nei, þetta var ofsalega góður hópur sem small vel saman. Það voru allir jákvæðir og röggssamir, fólk hafði gaman af þessu þó þetta væri púl,“ sagði Árni og bætti því að hann gæti hugsað sér að mæta á æfingar hjá Bootcamp í framtíðinni. „Ég fékk ekkert ógeð á heræfingunum. Þetta voru krefjandi æfingar, en ég ætti að þola slíkt. Ég er sjálfur kröfuharður,“ sagði Árni.

ÁRNI JOHNSEN Segist ekki vera kominn með ógeð á heræfingunum þó krefjandi séu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 uss 6 þreyta 8 neðan 9 stefna 11 slá 12 fljúga 14 æxlun 16 skóli 17 svif 18 for 20 frá 21 betl.

LÓÐRÉTT

1 feikn 3 tveir eins 4 úða 5 forsögn 7 öflun 10 tímabil 13 hamfletta 15 heiti 16 framkoma 19 guð.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 uss, 6 þreyta, 8 neðan, 9 stefna, 11 slá, 12 fljúga, 14 æxlun, 16 skóli, 17 svif, 18 for, 20 frá, 21 betl.
LÓÐRÉTT: 1 feikn, 3 tveir eins, 4 úða, 5 forsögn, 7 öflun, 10 tímabil, 13 hamfletta, 15 heiti, 16 framkoma, 19 guð.

[VEISTU SVARID]

svör við spurningum á bls. 8

1. Níu langreyðar.
2. Jóhann Gunnar Einarsson.
3. Brim.

ARI ALEXANDER: FJALLAR UM EITURLYFJAHEIMINN Í NÆSTA VERKEFNI

Líkfundarmálið í bíó

Ari Alexander Ergis Magnússon ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur í sínu næsta verkefni. Hann er með kvikmynd í burðarliðnum sem byggð verður á líkfundarmálinu svokallaða, þegar lík hins litháenska Vaidas Jucevicius fannst í höfninni í Neskaupstað 11. febrúar árið 2004 með fíkniefni innvortis. Málið vakti mikla athygli á sínum tíma og atburðarásin minnti á harðsoðinn reyfara utan úr heimi.

Auk kvikmyndarinnar undirbýr Ari nú af kappi fjögurra þátta sjónvarpsmynd um heim eiturlyfja með aðstoð Kristins Hrafnssonar fréttamanns. „Við stefnum á að fara til Litháens í byrjun desember og þótt Vaidas sé hryggjarsúl-an í sjónvarpsþáttunum ætlum við frekar að beina sjónun okkar að því hvernig eiturlyfjin koma til landsins, hvaðan þau koma, hver markhópurinn er og ekki síst hverjir þessir ósýnilegu stóru laxar eru sem aldrei finnast,“ segir Ari og var algjörlega óhræddur að hreyfa við þessum heimi.

Kvikmyndafyrirtækið ZikZak ætlar að framleiða myndina byggða á þessum atburði en Ari segir þetta ekki vera einhvern spennutrylli heldur sé þetta fyrst og síðast mannlegur harmleikur. „Ég og Hafsteinn Sigurðsson höfum verið að vinna í handritinu og Þórir Snær Sigurðsson er okkur innan handar,“ útskýrir Ari en hugmyndin kviknaði fyrst fyrir tveimur árum þegar hann og Sigurjón Sighvats-son sátu í förðunarherbergi Stöðvar 2 með Jónasi Inga Ragnarsyni, einum sak-



ARI ALEXANDER Gerir sjónvarpsþátt um fíkniefnaheiminn frá öðru sjónarhorni og undirbýr kvikmynd sem byggð verður á líkfundarmálinu svokallaða í Neskaupstað.

borninga í málinu. „Ég leit á Sigurjón og spurði hann hvort þetta væri ekki eitthvað sem við þyrftum að fjalla um,“ útskýrir Ari og í kjölfarið fóru hjólin að snúast.

Ari hefur brennandi áhuga á þess-

VAIDAS JUCEVICIUS

Mál Litháens vakti mikla athygli hér á landi en lík hans fannst við netagerðarbrýggjuna í Neskaupstað.

um heimi og segir kvikmyndina Kristjana F. sem byggð er á hinni heimspekku bók Dýragarðsbörn-in hafa haft mikil áhrif á sig. „Hún bjargaði mér og varð til þess að ég hef aldrei snert fíkniefni,“ segir Ari. „Fíkniefnavandinn er samfélagslegt vandamál og við eigum ekki alltaf að vera að kaupa plástra til að græða sárin heldur ráðast frekar að rót vandans,“ segir Ari sem vonast til að bæði sjónvarpsþættirnir og kvikmyndin leiði til þess að fólk skoði hlutina frá öðru sjónarhorni. „Ég vil reyna að segja þessa sögu án þess að vera fullur af fordómum.“

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Margt var um manninn í Listasafni Reykjavíkur á Airwaves-hátíðinni á fimmtudagskvöld. Mikil stemning var í salnum þegar hver listamaðurinn á fætur öðrum tróð upp, þar á meðal **Mugison**, sem lauk kvöldinu með glæsibrag. Á meðal þeirra sem mættu til að hlýða á kappann voru **Ragnhildur Steinunn** úr Kastljósinu, **Óli Palli** á Rás 2 og tónlistarmaðurinn **Pétur Ben**, sem er einmitt góður vinur Mugisons. Virtust þau öll mjög sátt við spilamennskuna enda varla annað hægt þegar Mugison á í hlut.

Sérstaka athygli vakti að í Listasafninu var staddur tiskubloggarinn heimspekkti **Yvan Rodic**. Kom hann til Íslands gagnert til að fylgjast með tiskunni hjá gestum Airwaves, sem hann kemur til með að skrifa um í pistlum sínum. Ekki fór heldur lítið fyrir Rodic í Listasafninu því hann var klæddur gríðarmiklum tigrispels með stór kringlótt gleraugu á nefinu. Lét hann sér ekki muna um að bjóða Ragnhildi Steinunni í dans sem hún þáði með þökkum.

Eftir ótíðarkafli á NFS er **Sigmundur Ernir Rúnarsson** fréttastjóri staðráðinn í stappa stálinu í starfsfólk stöðvarinnar. Fáir gera sér betur ljóst en Sigmundur að góður andi á vinnustað verður ekki metinn til fjár. Blés Grafarvogsskáiðið því til veislu fyrir vinnufélagana á heimili sínu í Grafarvogi á föstudagskvöld og voru þar flestir starfsmenn samankomnir. Stóð gláumurinn fram eftir kvöldi og var lund flestra víst orðin öllu léttari þegar þeir kvöddu.

-bs

Pílagrimsferð Nexusörda til Alans Moore

„Hann var mjög almennilegur og tók okkur íslensku nördunum mjög vel,“ segir Pétur Yngvi Yamagata í myndasögubúðinni Nexus um hinn goðsagnakennda myndasöguhöfund Alan Moore sem hann hitti á Englandi nýlega.

Starfsfólk búðarinnar lagði land undir fót og fór í pílagrimsferð til þess að hitta Moore sem er óumdeildur risi á sínu sviði. „Þetta var sannkölluð pílagrimsferð og allt starfsliðið fór þannig að við þyrftum að þjálfa upp afleysingafólk til þess að standa vaktina á meðan.“

Moore er höfundur sigldra myndasagna eins og The Watchmen, V for Vendetta, From Hell og The League of Extraordinary Gentlemen og þykir með þeim allra beittustu í bransanum og Pétur og félagar hafa því eðlilega lengi alið þann draum í brjósti að ná fundi hans.

Hópurinn hitti meistaran á málþingi þar sem hann ræddi um nýjustu bók sína, hina klámfengnu Lost Girls, og svaraði spurningum áheyrenda. „Þetta var í raun bara Alan Moore að tala um kynlíf í klukkutíma og var mjög gaman,“

segir Pétur sem er að vonum hæstánægður með að hafa hitt höfundinn þar sem hann er þekktur einfari og gefur sjaldan færi á sér. „Ég reyndi á sínum tíma að bjóða honum að koma til Íslands en hann afþakkaði það kurteislega og sagðist ekki fara úr landi og helst ekki út úr húsi.“

Pétur segir nýjustu bók Moores hafa fengið mjög blendnar mót-tökur enda sé bókin í grófari kantinum. „Hún kemur ekki út í Bretlandi fyrr en eftir ár vegna höfundarréttarmála en í sögunni er Pétur Pan mjög virkur í kynlífinu og bókin fæst því ekki útgefinn í landinu fyrr en einkaréttur Great Ormond-barnaspítalans á sögunni um Pétur Pan eftir J.M. Barrie, rennur út á næsta ári.“

Moore áritaði verk sín eftir fyrirllesturinn en Íslendingarnir höfðu ekkert handa honum að skrifa á. „Við vorum þó með gjafir handa honum og færðum honum Eddukvæði, Íslendingasögurnar og Avoid Us eftir Hugleik sem við sögðum honum að væru „Watchmen“ okkar Íslendinga. Hann hafði að vísu lesið hana þar



PÉTUR YNGVI OG ALAN MOORE Nexus-liðar náðu langþráðum fundi hins sérvirta myndasöguhöfundar Alans Moore og færðu goðinu sýnishorn af íslenskum bókmenntum fyrr og síðar, Eddukvæði, Íslendingasögur og myndasögubókina Avoid Us eftir Hugleik Dagsson.

sem dóttir hans er á kafi í myndasögum og hafði bent honum á hana og hann lét það fljóta með að Hug-

leikur væri mjög geðveikur og mjög, mjög fyndinn.“

thorarin@frettabladid.is

Upplýsingar í síma 580 2525
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 281, 283 og 284

Lotto

Vinningstölur laugardaginn 21.10.2006

3 20 30 31 34

Tvöfaldur
1. vinningur næsta laugardag

Bónus tala 24

Jókerstölur vikunnar

Jóker 8 3 2 8 7

1. vinningur gekk ekki út

VÍKINGA
LOTTO Allt af miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 18.10.2006

Aðaltölur 7 11 13 16 27 47

Bónustölur Ofurtala Tvöfaldur
20 35 45 1. vinningur næsta miðvikudag

Jókerstölur vikunnar 1 1 4 1 7

1. vinningur gekk út

Bit með lynnara um prentvör

Robbie Williams

- er mættur í Skífunna



Frábær ný
poppplata
frá einum
vinsælasta
tónlistarmanni
heimsins í dag!

Takmarkað
upplag



FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaheild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Skilagjaldið er
10 krónur



ENDURVINNSLAN HF
Knarrarvogi 4, Rvk.



BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

Siðferðilegt ofurþrek

Sjálfstæðismaðurinn Fredrik Reinfeldt lenti í kröppum dansi strax eftir að honum tókst að koma Samfylkingunni frá völdum í Svíþjóð.

Í FYRSTU vikunni eftir að Svíar höfðu eignast hægri-stjórn eins og Íslendingar fengu tveir ráðherrar að fjúka vegna siðferðilegra veikleika. Þeir höfðu svikist um að borga áskriftargjöld að sjónvarpi og orðið uppvísir að því að borga barnapíum og ræstingafólki undir borðið til að komast hjá launatengdum gjöldum.

Í AUGNABLIKINU er ekki útséð um pólitíska framtíð utanríkisráðherrans, en í ljós hefur komið að hann á hlutabréf í erlendu fyrirtæki. Það er leitt til þess að vita að þessi frændþjóð okkar skuli vera á svona lágu plani siðferðilega og jafnvel hætta á því að við getum fengið óorð á okkur vegna skyldleikans.

Á ÍSLANDI höfum við um nokkurt skeið búið við hægri stjórn sem hefur verið skipuð svo siðferðilega sterkum einstaklingum að á meira en áratug hefur enginn þurft að taka pokann sinn. Manna-skipti hafa orðið vegna þess að vinnulúnir ráðherrar hafa ýmist sest í helgan stein ellegar flust sér til hressingar í Seðlabankann til að þurfa ekki að lepja dauðann úr skel á einföldum ráðherraeftirlaunum.

SPILLINGARRAUSI vegna sölu ríkisfyrirtækja til pólitískra gæðinga og stöðuveitinga til vina og ættingja hefur réttilega verið vísað á bug og rakalausri óhróðursherferð stjórnarandstöðunnar hrundið.

NÚNA um helgina hreinsaði forsætisráðherrann okkar andrúmsloftið enn frekar með því að upplýsa að umræða um ólöglegar njósnir og hleranir og landráðastarfsemi eins og framsal upplýsinga til erlends stórveldis sé lævísleg tilraun pólitískra andstæðinga dómsmálaráðherrans okkar til að skaða aumingja manninn í mikilvægu prófkjöri.

MANNI léttir við að fá það staðfest að ekkert sé athugavert við siðferðisstyrk ráðherra í ríkisstjórn Íslands. Það væri ekki skemmtilegt afspurnar ef við Íslendingar værum jafnveikburða siðferðilega og frændur okkar í Svíþjóð.



NISSAN NOTE

VERÐLÆKKUN!

Kraftmikill fjölskyldubíll á frábæru tilboði!

Aðeins **19.437 kr. á mánuði***

Í tilefni þess að Nissan Note hefur verið tilnefndur bíll ársins í flokki stærri fjölskyldubíla fyrir árið 2006 á Íslandi bjóðum við hann á sérstöku tilboðsverði á meðan birgðir endast. Láttu þetta einstaka tækifæri ekki renna þér úr greipum. Komdu og reynsluaktu þessum frábæra fjölskyldubíll sem er 110 hestöfl, með ESP og sérhannaður fyrir þá sem vilja lipran gæðabil með öllum hugsanlegum þægindum.



Geymsluhólf - kæli fyrir drykki - öryggisþúðar - dótahólf - borð - rúmgott farangursrými

VERÐLÆKKUN!

Nissan Note 1.6 Visia sjálfskiptur
Verð aðeins **1.790.000 kr.**

Aðeins **19.437 kr. á mánuði***

Verð áður ~~1.950.000 kr.~~



*miðað við 30% útborgun og bílasamning í 84 mán.

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt

Akranesi 431 1376

Akureyri 464 7940

Höfn í Hornafirði 478 1990

Njarðvík 421 8808

Reyðarfirði 474 1453

ELDHÚSIÐ KOMIÐ HEIM OG SAMAN FYRIR JÓL!

... ef gengið er frá pöntun í október.



Glæsi eldhúsin frá HTH eru ekki eins dýr og þau líta út fyrir að vera!

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI
20% AFSLÁTTUR VEITTUR AF
AEG HEIMILISTÆKJUM ÞEGAR
KEYPTAR ERU INNRETTINGAR
FRÁ HTH.

Opíð virka daga frá 9-18
og laugardaga frá 11-15

ORMSSON
Lágmúla 8 · Sími 530 2800

... þú færð það aðeins betra!